

DRÖM

Vignir Ljósálfur

„Ég fann ekki fyrir hræðslu og var tilbúinn að kveðja“



Viðtal

SAGAN ÖLL



VIÐ ERUM STERKARI SAMAN

■ Saka lögreglumann um kynferðislegt ofbeldi ■ Voru á barnsaldri

„ÉG ER EKKI MJÖG VINSÆLL“

Viðtal

■ Páll Gunnar, forstjóri Samkeppniseftirlitsins



Margar gerðir af FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO


ISO FIX

ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION

3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Síðustu orðin

„Meiri birtu.“

– Johann Wolfgang von Goethe (1749–1832) bað um að meiri birtu yrði hleypt inn um gluggana 30 mínútum áður en hann gaf upp öndina.

Á þessum degi, 15. júní

1219 – Danir fara með sigur af hólmi í bardaganum um Lyndanisse (nú Tallinn í Eistlandi) og stofna þar hertogadæmi.



1648 – Margaret Jones er hengd fyrir galdra í Boston. Um var að ræða fyrstu aftökuna af þeim toga í ensku nýlendunni við Massachusetts-flóa.

1896 – Mannskæðasta flóðbylgja í sögu Japans ríður yfir Sanriku-ströndina í Norður-Japan. Flóðbylgjan var af afleiðing jarðskjálfta sem var 8,5 að styrkleika og jafnaði við jörðu 9.000 heimili og varð 22.000 manns að bana.

1970 – Réttarhöld hefjast yfir Charles



Manson, vegna morða sem jafnan eru kennd við „Manson-fjölskylduna“. Fórnlömbin voru fimm, þar á meðal Sharon Tate, eiginkona Romans Polanski leikstjóra.

1991 – Annad stærsta eldgos 20. aldar hefst í Pinatubo-fjalli á Filippseyjum. Eldgosið kostaði 800 manns lífið.

KÆRIR ÁSGERÐI JÓNU

■ Skjólstæðingur Fjölskylduhjálpar nafngreindur
■ „Hrein og klár hefndaraðgerð“

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Mér líður mjög vel með að standa með sjálfri mér og svara fyrir mig. Ég gerði ekkert rangt,“ segir Kolbrún Dögg Arnardóttir í samtali við DV. Kolbrún hefur lagt fram kæru á hendur Ásgerði Jónu Flosadóttur, formanni Fjölskylduhjálpar Íslands. Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í næstu viku. Ástæðan er sú að Ásgerður Jóna nafngreindi Kolbrúnu sem skjólstæðing Fjölskylduhjálpar í útvarpsviðtali við Bylgjuna fyrir síð-

ustu jól. „Þetta var hrein og klár hefndaraðgerð. Að vel athuguðu máli þá sá ég að ég yrði að leita réttar míns fyrir sjálfa mig, börnin mín og ekki síður aðra skjólstæðinga Fjölskylduhjálpar sem eru í viðkvæmri stöðu,“ segir Kolbrún Dögg.

Fékk útrunnar vörur í jólaúthlutun

Forsaga málsins er sú að Kolbrún Dögg hafði leitað sér aðstoðar fyrir jólin hjá hjálparsamtökunum sem Ásgerður Jóna er í forsvari fyrir. Hún fékk poka með matvörum en varð fyrir miklum vonbrigðum þegar heim var komið. Miklið af því sem hún fékk var útrunnið og

„Ég upplifði þessa hegðun hennar á þá leið að hún hefði farið í fýlu og viljað hefna sín

ekki kjötmeti fylgdi með, aðeins fiskur og kjötbollur. Kolbrún birti færslu á lokuðum Facebook-hópi þar sem hún lýsti yfir vonbrigðum sínum með úthlutunina og í kjölfarið ræddi hún nafnlaust við DV um málið.

Í kjölfarið tók blaðamaður DV viðtal við Ásgerði Jónu sem harmaði að Kolbrún hefði fengið útrunnar vörur og lýsti því um leið yfir að Fjölskylduhjálpar væri að reyna að sporna við matarsóun en þarna hefðu mistök átt sér stað.

Ásgerður Jóna krafðist þess í viðtali við blaðamann að fá að nafngreina Kolbrúnu. Blaðamaður DV sagðist virða ósk viðmælanda síns um nafnleynd, enda væri málið sérstaklega viðkvæmt og neitaði Ásgerði um að fá að birta nafn Kolbrúnar, enda snerist frétt DV um að skjólstæðingur hennar hefði fengið útrunnar vörur og hefði myndir því til staðfestingar. Nafn og mynd Kolbrúnar var því aukaatriði í því samhengi. Ásgerður Jóna fór síðan í viðtal í þáttinn Í bítíð á Bylgjunni þar sem hún tók þá ákvörðun að greina frá nafni Kolbrúnar án hennar samþykkis.

Kolbrún varð fyrir miklu áfalli þegar hún heyrði af afhjúpun Ásgerðar Jónu. „Ég brotnaði gjör-samlega niður. Ég glími meðal annars við alvarlegar kvíðaraskanir og þessi gjörningur Ásgerðar Jónu var sem olía á þann eld,“ segir Kolbrún. Hún steiptist út í útbrotum á líkamanum í kjölfarið og átti afar erfiðar stundir.

Það sem hafi gert líf hennar bæri-legra hafi verið viðbrögð alls konar fólks úr samfélaginu sem hafi rétt henni hjálparhönd. „Fólki var verulega misboðið og það rigndi yfir mig stuðningi í síma og í skilaboðum,“ segir Kolbrún. Hún segist sérstaklega vera þakklát meðlimum Facebook-hópsins Góða systir sem hafi einfaldlega bjargað jólunum hennar og margra annarra. „Ég fékk ógrynni af jólamat að gjöf og fékk strax nóg fyrir mig. Þá byrjaði ég að tengja fólk sem vildi gefa við aðra sem voru hjálpar þurfi. Ég var því orðin eins konar fjölskylduhjálpar í nokkra daga fyrir jólin,“ segir Kolbrún.

Reyndu að nota fátæktina til að fá málinu vísað frá

Þegar hátíðin var yfirstaðin þá hafi Kolbrún þó áttað sig á því að hún yrði að grípa til einhverra aðgerða. „Ég upplifði þessa hegðun hennar á þá leið að hún hefði farið í fýlu og viljað hefna sín. Í starfi sínu hefur hún völd yfir fólk sem er í mjög viðkvæmri stöðu og að mínu mati má hún ekki komast upp með þetta. Það er alveg nógu erfitt að fara í biðröð hjá Fjölskylduhjálpar og upplifa sig sem þriðja flokks fólk þó að maður þurfi ekki að hafa áhyggjur af hefndaraðgerðum ef maður tjáir sig. Ég fór því og leitaði mér ráðgjafar hjá lögfræðingi og niðurstaðan varð sú að kæra var lögð fram,“ segir Kolbrún.

Ef Kolbrún var einhvern tímann í vafa um hvort hún væri að feta rétt braut þá varð hún sannfærð eftir tilraunir Ásgerðar Jónu og lögfræðings hennar til þess að fá málinu vísað frá. „Þau fóru fram á að lögð yrði fram málskostnaðartrygging því að ég er með árangurslaust fjármám á bakinu. Þarna var ætluð þeirra að nýta fátækt mína gegn mér og fá málið niðurfellt,“ segir Kolbrún. Hún náði þó að verjast atlögunni þegar í ljós kom að heimilis-tryggingar hennar mundu standa undir kostnaðinum ef dómurinn yrði henni í óhag. ■



Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarolía
Íslensk framleiðsla

60



120/180



220 ml



„Fyrir mér er Dropi heilindi og lífsorka“

ÚTSALAN ER HAFIN!

25-50% afsláttur af öllum vörum



Laugardaginn 16. júní verður verslunin opin frá 10 til
12:30 vegna landsleiks Íslands og Argentínu á HM.

ÁFRAM ÍSLAND!!!

HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18.



„Ég sá þetta allt fyrir“

Ó hætt er að segja að erlendir knattspyrnuunnendur trúu ekki eigin augum þegar kemur að afrekum íslenska karlalandsliðsins í fótbolta. Það sama gildir ekki um ítalska háskólakennarann Gianguglielmo Lozato sem hefur verið í miklum samskiptum við blaðamann DV undanfarna viku. Tilefni þessara samskipta er myndband frá árinu 2013 þar sem Lozato lýsir því yfir að íslenska landsliðið sé ógnarsterkt og eigi sér bjarta framtíð. Fullyrðingar Lozato hafa vakið athygli annarra miðla og þar á meðal hafa tyrkneskir miðlar fjallað um Lozato í kjölfarið af slægu gengi tyrkneska landsliðsins gegn okkar mönnum.

Lozato er hógværdin uppmáluð í spjalli við blaðamann DV en þess má geta að hann kom upplýsingum sjálfur á framfæri við blaðið. „Ég sá þetta allt fyrir árið 2013,“ segir hann og vísar í áður nefnda umfjöllun. Hann segir að 4-4 jafntefli Íslands við Sviss hafi sannfært hann um gæði íslensku leikmannanna og bjarta framtíð liðsins. Árangurinn hingað til komi honum því ekki óvart.

Sýn Lozatos er skýr varðandi riðlakeppnina sem er fram undan hjá íslenska liðinu í Rússlandi. „Staðan verður 0-0 í hálfleik gegn Argentínu en svo munu Messi og félagar hans vinna leikinn,“ segir Lozato. Hann segir að íslenska þjóðin þurfi þó ekki að örvænta því sigrar gætu orðið staðreynd í hinum tveimur leikjunum. „[Alfred] Finnbogason gæti skorað tvö mörk gegn Nígíeríu og [Gylfi] Sigurðsson skorar gegn Króatíu,“ segir Lozato. Eftirlætisleikmaður hans er þó með sterk tengsl við Ítalíu. „Það er [Emil] Hallfredsson. Hann er stórkostlegur en vanmetinn leikmaður,“ segir okkar maður.

Skólplagnir ættu að halda

Áhrif HM á samfélagið

Kristinn Haukur Guðnason
Ari Brynjólfsson
kristinn@dv.is / ari@dv.is

H eimsmeistaramótið í knattspyrnu er skolið á af fullum þunga. Hvort sem þið elskið leikinn eða fyrirlítið hann þá er alveg ljóst að keppnin mun hafa margvíslega áhrif á samfélagið. Blaðamenn DV rifu upp símann og hringdu í allar áttir til þess að reyna að gera sér betur grein fyrir þessum áhrifum. Hér eru helstu niðurstöður.

Íslendingar fyrirhyggjusamir: „Engar athafnir bókaðar á laugardaginn“

Fregnir af allýstum brúðkaupum í Dómkirkjunni vöktu forvitni blaðamanna um hvort hópafpantanir hafi átt sér stað í kirkjum landsins. Svo virðist ekki vera samkvæmt óvinsdalegri rannsókn blaðsins. Íslendingar virðast einfaldlega hafa verið fyrirhyggjusamir hvað þetta varðar. Séra Hildur Eir Bolladóttir tjáði DV að engar athafnir hafi verið skipulagðar í Akureyrarkirkju á laugardaginn enda Norðlendingar framsýnir með eindæmum. Engin prestur athafnar í kirkjunni og Hildur ætlar því að sjálfsgöðu að fylgjast með knattspyrnunni.

„Ég bauð þeim sem voru með mér í ræktinni í morguntíma á laugardaginn ef einhverjir vildu og lofaði þeim langri og góðri predikun. Fólk gat valið tíma og ég skyldi vera með mjög guðfræðilega og djúpa ræðu. En það var bara hlegið. Það er allt sett í biðstöðu og það er fallet. Við verðum ein stór fjölskylda á laugardaginn.“

Sömu sögu er að segja í Laugarneskirkju þar sem séra Davíð Þór Jónsson þjónar sínum söfnuði.

„Hún kom mér svolítið á óvart fréttin um að athöfnum í Dómkirkjunni hafi verið frestað. Hér



í Laugarneskirkju voru engar athafnir bókaðar á laugardaginn. Þannig að þeir sem vildu gifta sig í Laugarneskirkju höfðu fyrirhyggju til þess að athuga hvenær leikurinn væri. Sóknarpresturinn og félagsstarfið er komið í sumarfrí í júnímánuði en við verðum með messu sunnudaginn 17. júní.“

„Pípurnar munu halda en í hálfleik og eftir leikinn gæti komið gott skot“

Hvað gerist þegar blásið verður til hálfleiks í leikjum Íslands og spenntir íþróttunnendur létta af sér samtímis um allt land. „Pípurnar munu halda en í hálfleik og eftir leikinn gæti komið gott skot,“ segir Ólöf Snæhólm hjá Veitum ohf., sem sér um fráveitukerfi fyrir um helming landsmanna, í samtali við DV.

„Við munum auðvitað fylgjast vel með notkuninni þennan dag og skoða hvort og hvernig hún er öðruvísi en á venjulegum laugardögum. Við búumst við misjöfnu rennsli og ekki miklu á meðan leiknum sjálfum stendur.“

Mikið hefur verið rætt um álag á fráveitukerfi þegar á stórum íþróttaviðburðum stendur, til dæmis í Bandaríkjunum meðan á Super Bowl-leiknum stendur. Ólíkt amerískum ruðningi þá eru hins vegar engin auglýsingahlé

meðan á knattspyrnuleik stendur og því algengt að þeir sem geta ekki slitið sig frá skjánum vegna spennu þurfi að bíða þangað til í hálfleik eða eftir leik til að sinna grunnþörfunum.

„Þetta hefur ekki skapað vandamál hingað til og kerfið okkar mun ráða við þetta. Við mældum rennslið þegar Evrópumótið stóð yfir fyrir tveimur árum. Þá var hægt að lesa vel hegðun þeirra sem búa á veitusvæði Veitna út úr tölunum, spennustigið í leikjunum og annað slíkt. Við munum ábyggilega senda frá okkur einhver gögn á sunnudaginn, línurit og fleira, sem sýnir rennslið.“

Nýbakaðir foreldrar hafa annað að gera

Blaðamenn DV voru sammála um að ef þeir væru nýbakaðir feður eða mæður þá hefði fæðingarorlofið verið skipulagt með HM til hliðsjónar. Fáir virðast hafa verið á þeim buxum.

„Nei, við höfum ekki orðið vör við neina aukningu,“ segir starfsmaður Fæðingarorlofs sjóðs í samtali við DV. Vitað er að margir hafa skipulagt sumarfríin sín í takt við HM en það á greinilega ekki við um íslenska foreldra.

Á skrifstofu Fæðingarorlofs sjóðs á Hvammstanga hafði spurningin um HM þegar verið

viðruð þegar DV hafði samband en þar hafði enginn tekið eftir því að foreldrar væru frekar að fara í fæðingarorlof í kringum HM en í venjulegum júnímánuði. Nýbakaðir foreldrar hafa líklegast nóg annað að gera en að fylgjast með boltanum.

Notar tækifærið til að leyfa sér

Færri komust til Rússlands en vildu og það virðist hafa þau áhrif að margir nota tækifærið og kaupa sér gott sjónvarp. „Tilfinning okkar er að fólk sé að koma sér upp góðum græjum og góðu sæti heima í stofu,“ segir Auður Jónsdóttir, markaðsfulltrúi Elko, í samtali við DV. Er þá sérstaklega um að ræða stór sjónvörp, 55 til 65 tomma tæki.

Elko býður einnig upp á afslátt á heimabíóum þegar sjónvörp eru keypt og er verslunin með sérstakt horn þar sem farið er yfir stillingar á tækjunum til að láta fótboltann njóta sín sem best, þjónusta sem sjónvarpseigendur eru duglegir að nýta sér. „Við höfum alltaf fundið fyrir svona toppum í kringum stóra viðburði. Þetta hefur alltaf verið í kringum Eurovision og auðvitað EM. Þetta er það sem tíðkast, fólk notar tækifærið til að leyfa sér. Það kaupir kannski ekki miða á HM en splæsir í nýtt sjónvarp.“ ■

MARKMIÐ BANDARÍKJAFORSETA FYRIR KJÖRTÍMABILID:



KIM LARSEN



KIM BASINGER



KIM KARDASHIAN



KIM JONG-UN



HITTA ALLA FRÆGA SEM HEITA KIM

Höfundur: Konráð Jónsson
Teiknari: Guðfinna Berg

**MILLJÓNIR
FYRIR ÍSLAND**

70

MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 70 MILLJÓNIR



LEIKURINN OKKAR



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



Formaður Læknafélags Reykjavíkur segir ráðherra brjóta lög

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Pórarinn Guðnason, hjartalæknir og formaður Læknafélags Reykjavíkur, segir óvissustöðuna í heilbrigðismálunum óþolandi og með lokun heilbrigðisráðherra á samningi sérfræðilækna við Sjúkratryggingar Íslands sé verið að læsa úti sérfræðipækkingu. Í viðtali við DV, sem birtist í heild sinni á DV.is í dag, föstudag, segir Þórarinn að stefna Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um aukna ríkisvæðingu muni á endanum leiða til tvöfalda heilbrigðiskerfis.

„Við erum að nálgast fyrirkomulag sem í raun er ekki annað en tvöfalt heilbrigðiskerfi þar sem hinir efnameiri kaupa sig fram

fyrir biðlista og sneiða hjá þyngslalegu og oft á tíðum óþörfu tilvísanakerfi. Þetta mikla kappsmál ráðherrans að ríkisvæða sem allra mest af rekstri hins opinbera heilbrigðiskerfis er að kosta sjúklingana bæði mikla óvissu og langa bið eftir þjónustu,“ segir Þórarinn.

Purfum ekki harðar stefnur

Hann segir enga sátt nást um heilbrigðiskerfið ef stefnan sé einungis byggð á stefnuskrá Vinstri grænna og viðhorfum Birgis Jakobssonar, fyrrverandi landlæknis og aðstoðarmanns ráðherra, og Svandísar sjálfar. „Þegar svo mikilvægt kerfi sem heilbrigðiskerfið er endurskipulagt þarf að gera breytingarnar á grunni réttra talna og raka en ekki út frá tilfinningum eða harðri pólitískri skoðun. Við þurfum langtíma stefnu í heil-

Heilbrigðis- yfirvöld eru að róa á móti straumnum

brigðismálum sem litast ekki um of af pólitík hægri, vinstri, upp eða niður. Við þurfum ekki harðar stefnur, sem hinn vængurinn kemur sífellt með og snýr á haus þegar völdum er náð. Það verður sérlega erfið þegar skiptin verða svo ör sem á síðustu árum og öngþveiti getur orðið afleiðingin ef við förum ekki gætilega.“

Rýrt traust lækna til ríkisvaldsins
Hann sparar ekki stóru orðin

þegar kemur að ráðherra. Hann segir hana hafa brotið lög með því að loka samningnum fyrir nýja lækna. „Ráðherra hefur brotið samninga og landslög með því að skipa Sjúkratryggingum að loka samningnum og hefur líka brotið gegn góðum stjórnslureglum bæði með þessu og því að úrskurða svo sjálf í eigin sök þegar þessi embættisfærsla er kærð. Ráðherra hefur líka beitt ráðherraræði sem er vond stjórnslúsla. Ég geri skýlausa kröfu á heilbrigðisyfirvöld að þau standi við gerða samninga og vandi stjórnslúsluna. Hegðun ráðamanna í þessu efni hefur rýrt traust lækna til heilbrigðisráðuneytisins og rýrt traust til ríkisvaldsins og stjórnslunnar og er ekki til þess fallið að stuðla að framþróun.“

Róa í þveröfuga átt

Þórarinn segir ekki mögulegt að Landspítalinn taki við þjónustu sérfræðilækna, sérstaklega miðað við aðstæður í dag. „Það er að mínu viti rangt sem ráðherra heilbrigðismála hefur haldið fram, að Landspítalinn geti tekið við þjónustu sérfræðilækna, sérstaklega miðað við núverandi aðstæður. Spítalinn er þegar genginn upp að hnám með núverandi verkefni. Mikilvægara er að Landspítalinn fái frið, fjármagn, stuðning og eftirfylgni til að geta sinnt vel þeim verkefnum sem verða að vera inni á spítalanum. Heilbrigðisyfirvöld eru að róa á móti straumnum með þessari ríkisvæðingu rekstrarins á nákvæmlega sama tíma og þróunin í kringum okkur er í þveröfuga átt.“ ■

Er um flutt í Faxafen 12

LOWE ALPINE BAKPOKI 18L
14.995 kr.



SALOMON PEYSA
15.995 kr.



SALOMON HLAUPAVESTI
19.995 kr.



SALOMON DERHÚFA
3.995 kr.



SALOMON MITTISTASKA
5.995 kr.



SALOMON SPEEDCROSS
18.995 kr.





ALPARNIR

Faxafen 12
108 Reykjavík

Sími 534 2727
alparnir.is

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

REYKJAVÍK
LOVES
horses

tix:is



TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Í TÍMA!

LANDSMÓT HESTAMANNA REYKJAVÍK 1.7–8.7 2018

FORSALA
TIL 15. JÚNÍ

VIKUPASSI
18.900 KR.

VERTU MEÐ FRÁ BYRJUN!



#landsmot2018 • www.landsmot.is
facebook.com/landsmothestamanna

Stíga þrjár fram og saka lögreglumann um að hafa brotið á þeim kynferðislega á barnsaldri

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Við erum stödd í Ólafsvík þar sem Lovísa Sól Sveinsdóttir býr. Með okkur, blaðamanni og ljósmyndara DV, í för eru fyrrverandi skólasystrur Lovísu, Kiana Sif Limehouse og Helga Elín Herleifsdóttir. Kiana Sif og Helga Elín hafa stigið fram á forsíðu Mannlífs, hvor í sínu lagi með viku millibili, og lýst meintum kynferðisbrotum fyrrverandi stjúpforeldur Kiönu Sifjar, Aðalbergs Sveinssonar, lögreglumanns hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Hin meintu brot áttu sér stað þegar stúlkurnar voru 10–14 ára gamlar en nokkrum árum síðar lögðu þær, hvor í sínu lagi, fram kærur á hendur Aðalbergi vegna hinna meintu brota. Rannsókn lögreglu leiddi til þess að málunum var vísað frá en stúlkurnar og aðstandendur þeirra telja að pottur hafi verið brotinn í vinnubrögðum lögreglu.

Eins og fram hefur komið í viðtölum við Kiönu Sif og Helgu Elínu þá hafa hin meintu brot Aðalbergs haft gríðarleg áhrif á líf þeirra. Þær leiddust báðar út í óreglu og hafa háð harða baráttu til að koma lífi sínu á réttan kjól. Það sama gildir um Lovísu Sól sem nú stígur fram sem þriðja meinta fórnarlamb Aðalbergs.

Allar stelpunar voru í sama grunnskólanum, í sama árgangi. Helga og Kiana voru bekkjarsystur en Lovísa Sól í sama árgangi en var mikið inni á heimili Aðalbergs, stjúpforeldur Kiönu, þar sem þær voru bestu vinkonur á þessum tíma. Gisti hún tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði á heimilinu og það var iðulega í þessum tilvikum sem Lovísa Sól fullyrðir að Aðalbergur hafi brotið á



„ERUM STERKARI“

henni.

En aftur að Ólafsvík. Samfundur stúlkanna þar marka tíma-

mót. Síðan hin meintu brot áttu sér stað þá hafa þær háð baráttu sína við djöfla fortíðarinnar hver

í sínu horni. Það flosnaði upp úr vinskapi þeirra og þær fóru í mismunandi áttir. Núna eru þær sameinaðar á ný og fá styrk frá hver annarri. „Við erum sterkari saman,“ verður einni að orði þegar endurfundirnir eiga sér stað. Hér verður málið rakið frá upphafi til enda.

„Þetta gerdist yfirlétt þegar mamma var sofnuð“

Fyrsta kærán sem Aðalbergur fékk á sig var vegna meintra brota hans gegn stjúp dóttur hans, Kiönu Sif Limehouse, árið 2009. Kiana hafði þá brotnað niður og rætt við hjúkrunarfræðing grunnskóla síns um hin meintu kynferðisbrot stjúpforeldur síns. Barnavernd Mosfellsbæjar fór strax í málið. Stofnunin óskaði eftir viðtali í Barnahúsi auk þess sem farið var fram á að lögreglurannsókn hæfist. Kiana fór í meðferðarviðtöl hjá Barnahúsi og samkvæmt gögnum málsins, sem DV hefur undir höndum, þá nýtti hún þau mjög vel. Niðurstaðan varð þó sú að rannsóknin var látin niður falla.

Tveimur árum síðar, árið 2011, lagði Helga Elín fram kærur vegna meints kynferðisbrots Aðalbergs. Líður í þeirri rannsókn var að Kiana var aftur kölluð í skýrslutöku í Barnahúsi vegna hina meintu brota sem hún varð fyrir. Þar sagði Kiana þegar hún var spurð hvort hún hefði verið beitt kynferðislegu ofbeldi: „Það byrjaði í svona fimmta bekk. Á milli fimmta bekkjar og sjöunda bekkj-

„Hann sagði við mig að ég mætti ekki segja frá þessu og að þetta væri allt í lagi, þetta væri bara edlilegt.“

ar. Þetta gerdist nokkrum sinnum og þetta gerdist yfirlétt þegar mamma var sofnuð eða mamma var ekki heima. Hann kom alltaf inn í herbergið og var alltaf svona að kíkja hvort ég væri sofnuð eða ekki. Ég man rosalega vel eftir því, alltaf með annaðhvort bjór eða eitthvað í hendinni þótt hann væri að fara vinna daginn eftir. Annaðhvort léttvín eða eitthvað. Fyrir framan krakkana nærri því á hverju kvöldi. Ég þorði ekkert að fara á móti honum. Þannig þegar hann kláraði þetta fór hann bara fram og ég var bara hrædd, ég þorði ekkert að kalla á mömmu eða neitt. Ég þorði ekki að segja henni það út af því að hún gengur svo blind á eftir honum,“ sagði Kiana orðrétt, þá 14 ára gömul. Þegar hún var spurð hversu oft þessi meintu kynferðisbrot hefðu átt sér stað sagði Kiana að alls hefðu þetta verið fimm til sex skipti.

Gerid gæða- og verðsamanburð

Ný og rúmbetri verslun

100% SVEFN - 100% HEILSA
GÓÐ HVÍLD

20% afsláttur

vefverslun svfnogheilsa.is

Svefn & heilsa

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

RÚMFÖT & LÖK mikið úrval
HANDKLÆÐI Mikið úrval
SLOPPAR fyrir bæði kyn

Húsgagnafl - Höfn í Hornafirði | Bara snilld ehf. - Egilsstöðum



MYNDIR: HANNA

SAMAN

Eftir að Kiana tilkynnti hið meinta kynferðisafbrot fluttist hún af heimili móður sinnar til móðurömmu sinnar í Kópavogi. Kemur fram í skýrslu frá Barnaverndarnefnd Kópavogs að Kiana hefði ekki stuðning móður sinnar. Þar kemur einnig fram að Kiana hafi óskað eftir frekari hjálp fagaðila til að takast á við líðan sína en móðir hennar hafi hafnað þeirri beiðni. Óskaði Barnanevnd Kópavogs eftir að Kiana gæti sótt meðferð í Barnahúsi án samþykkis móður sinnar, þar sem hún hefði ekki orðið við þeirri ósk að sækja sér frekari meðferð. Barnavernd Mosfellsbæjar taldi það mikilvægt að Jóhanna, móðir Kiönu, og Aðalbergur fengju sérfræðiviðtöl með tilliti til framhaldsins og stuðning um hvernig ætti að sameina fjölskylduna að nýju. Þau fóru í tvö sérfræðiviðtöl hjá sálfræðingi en töldu sig ekki þurfa á fleiri viðtölum að halda að þeim loknum.

Eins og áður segir fékk Aðalbergur á sig aðra kærur vegna meints kynferðisafbrotis gegn Helgu Elínu árið 2011. Það brot átti að hafa átt sér stað í sumarbústað í Skorradal árið 2007. Helga Elín, sem þá var 10 ára gömul, fékk að slást í för með Kiönu vinkonu sinni, Jóhönnu móður hennar og stjúpföðurnum Aðalbergi. Með í för var annað þar ásamt dætrum sínum, Páll Winkel fangelsismálastjóri og fyrrverandi kona hans.

Hið meinta kynferðisbrot Aðalbergs var tilkynnt lögreglu

þann 13. október 2011. Tveimur dögum eftir að Helga Elín hafði brotnað saman í skólanum sínum og sagt kennara sínum frá því hvað hefði gerst þessa umrædda helgi í sumarbústaðnum í Skorradal. Teknar voru skýrslur í Barnahúsi af Helgu Elínu, brotþola, og Kiönu Sif sem vitni, eins og áður segir. Einnig var rætt við vinkonu Helgu Elínar þar sem hún sagði vinkonu sinni frá meintum brotum áður en hún sagði kennara í skólanum sínum frá.

Taldi að um samantekin ráð stúlkanna væri að ræða


Í viðtölunum kemur fram að Helga Elín og Kiana Sif hafi sofíð á vindsæng frammi í stofu. Helga Elín hefði vaknað við það að „kallinn“ væri að káfa á kynfærum hennar. Nánar aðspurð skýrði hún frá því að „kallinn“ hafi verið Aðalbergur, stjúpfadir Kiönu. Í fyrstu hefði hún frosið og ekki þorað að gera neitt né segja eitthvað, en það leið ekki á löngu þar til hún brast í grát og vildi fá að tala við Jóhönnu, móður Kiönu. Að sögn Helgu Elínar fór hann með hana til Jóhönnu en þá þorði hún ekki að segja neitt fyrir framan hann. Við yfirheyrslur lögreglu kannaðist Jóhanna hins vegar ekki við að Aðalbergur hefði komið með hana til sín grátandi þetta umrædda kvöld. Einnig sögðu Páll Winkel og kona hans við yfirheyrslur að þau hefðu hvorugt munað eftir því að Helga Elín hafi farið að gráta þetta kvöld.

Aðalbergur var kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglunni þann 13. desember 2011, eða tveimur mánuðum eftir að kæra Helgu Elínar barst lögreglu. Í gögnum málsins kemur fram að fyrst hafi verið rætt við þáverandi eiginkonu hans fimm dögum áður en yfirheyrslan yfir honum fór fram. Í yfirheyrslum kemur fram að þegar honum var bent á að meint brot hans gegn Helgu Elínu væru sams konar og þau brot sem Kiana, stjúpdóttir hans, bar á hann árið 2009, sagðist Aðalbergur telja að þetta væru samantekin ráð hjá stelpunum.


Hann var spurður hvort hann og Páll hefðu verið ölv-aðir þetta kvöld. Minntist hann þess ekki en að þeir hefðu nú örugglega fengið sér rauðvín með matnum og bjór um kvöldið. Spurður hvort hann ætti við áfengisvandamál að stríða sagði Aðalbergur: „Nei, ekki lít ég svo á. Enda væri mér nú erfitt að sinna mínu starfi ef ég væri alltaf fullur.“ Í lok yfirheyrslunnar var hann spurður hvort vildi bæta einhverju við framburð sinn og sagði hann þá meðal annars: „En bara svona ásakanir sem eru algerlega í lausu lofti gripnar án þess að ég ætla að saka þessa stúlku um vísvitandi að ljúga einhverju. Það getur vel verið að hún hafi orðið fyrir einhverju einhvers staðar af hendi einhvers.“

Yfirheyrslur á skrifstofu Fangelsismálastofnunar

Yfirheyrslur yfir vitnum fóru síðan fram þremur mánuðum eftir að kæra Helgu Elínar var lögð fram. Páll Winkel og þáverandi kona hans voru bæði í sumarbústaðnum ásamt dætrum sínum þegar meint brot átti sér stað og voru því vitni í málinu. Þann 12. janúar 2011 voru Páll og þáverandi eiginkona hans bæði yfirheyrð í húsnæði Fangelsismálastofnunar í Borgartúni 7, rúmlega 500 metrum frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu.



Kiana Sif



Lovísa Sól



Helga Elín

Yfirheyrslurnar stóðu yfir í 10 mínútur yfir hverjum einstakling. Við yfirheyrslur sagði Páll að hann hefði þekkt og haft kynni af Aðalbergi frá því að þeir unnu saman í lögreglunni í Reykja-

vík. Hann tók það fram að fjölskyldurnar hefðu haft nokkur samskipti, en þau hefðu minnkað síðustu ár og væru lítil sem engin þegar þar var komið sögu. Páll sagðist ekki hafa munað eftir hvort eiginkonur þeirra Aðalbergs hafi farið á undan þeim Aðalbergi að sofa. Þegar hann var spurður út í hvort það hefði verið fyllerí á þeim neitaði hann því og sagði að í þessum ferðum hefðu þeir karlarnir fengið sér bjór og að rauðvín hefði verið drukkið með mat. Hann tók fram að börn hefðu verið í ferðinni og að tillit hefði verið tekið til þess.

Samkvæmt gögnum sem DV hefur undir höndum virðist vera afskaplega erfitt fyrir lögreglu að tímasetja brotið þar sem enginn þeirra fjögurra fullorðnu einstaklinga sem voru í bústaðnum þegar brotið átti sér virðist muna nákvæmlega hvenær þessi bústaðarferð var farin. Móðir Helgu Elínar gaf þá lögreglunni upplýsingar um símanotkun sína þar sem hún man að hafa verið í sambandi við meintan geranda, Aðalberg, rétt fyrir þessa umrædda helgi. Samkvæmt símtalsgögnum var farið í bústaðinn helgina 16. til 18. febrúar 2007. Einnig staðfesti Jóhanna að það gæti staðist að þetta hafi verið í febrúar 2007 en minnti þó að þessi umrædda sumarbústaðarferð hefði farið 2006. Þó svo að þessi gögn hafi legið fyrir lagði lögmaður Aðalbergs fram tímaskýrslur úr mætingarkerfi lögreglunnar þar sem kom fram að Aðalbergur hefði verið að vinna allan helgar í febrúar, þar með talið helgina 16. til 18. febrúar. Þar vann hann samkvæmt skjalinu slétta 10 klukkutíma bæði laugardag og sunnudag. Var það eitt af rökum saksóknara fyrir að gefa ekki út ákæru að ekki væri ▶

prima



Gefur þetta
EXTRA

Frábært á kjötið, í sósuna og ídýfunu

hægt að tímasetja nákvæmlega hið meinta brot, þó svo að síma-gögn móður þolanda hefðu leg-ið fyrir. Einnig var ekki rannsak-að frekar af hverju tímaskýrslur Aðalbergs vegna vinnu hans hjá lögreglu stemmdu ekki við síma-gögnin.

Fraus þegar hún hitti meintan ofbeldismann í Kringlunni

Árið 2013 fékk Aðalbergur á sig þriðju kærana vegna meints kynferðisbrots. Faðir Lovísu Sólur lagði þá fram kærna fyrir hennar hönd eftir að dóttir hans hafði greint honum frá hinum meintu brotum sem áttu að hafa átt sér stað inni á heimili Aðalbergs á árunum 2010 og 2011. Í samtali við blaðamann segir Lovísa Sól að henni hafi alltaf staðið stuggur af Aðalbergi. „Hann horfði alltaf mjög furðulega á mann sama hvort Jóhanna var heima eða ekki,“ segir Lovísa Sól. Hún segist aldrei hafa rætt hinu meintu brot við nokkurn mann, hvorki Kiönu né aðra vini eða aðstandendur, þar til hún brotnaði niður og sagði föð-ur sínum frá. „Hann sagði við mig að ég mætti ekki segja frá þessu og að þetta væri allt í lagi, þetta væri bara eðlilegt,“ segir hún. Að hennar sögn fólust hin meintu brot í óvild-eigandi augnagötum og snertingu auk þess sem hún fullyrðir að Aðalbergur hafi káfað á kynfærum hennar í nokkur skipti.

Það tekur augljóslega á hana að ræða málið og hún er nálægt því að beygja af. Hún sýn-ir þó styrk við að halda jafnvægi sínu. „Eftir að þetta gerðist í fyrsta skiptið reyndi ég alltaf að fá Kiönu til að koma frekar heim til mín því ég vildi ekki vera á heimili þeirra. Ég fór samt alltaf aftur vegna þess að ég trúði að kannski myndi þetta ekki gerast aftur,“ segir hún. Vinátta hennar og Kiönu var sterk á þessum árum. „Við vorum bestu vinkonur, við vorum alltaf saman, við vorum hreinlega límd-ur saman, ég vildi aldrei fara frá henni,“ segir Lovísa Sól.

Hún segir að fréttumfjöllun síd-ustu vikna, þar sem Kiana Sif og Helga Elín hafa stigið fram og opn-að sig um meint kynferðisbrot, hafi fengið mjög á hana. „Ég reyndi að sofa hjá kærastanum mínum eftir að þetta mál með Helgu og Kiönu kom upp í blöðunum og ég bara fór að gráta, ég gat það ekki,“ segir hún. Hún segist aðeins einu sinni hafa hitt Aðalberg eftir að kærana var lögð fram. „Ég hef einu sinni séð hann frá því að ég kærði hann, það var í Kringlunni. Ég bara fraus og gat ekki hreyft mig. Loks byrjaði ég bara að gráta og endaði á því að hlaupa út.“

Kæru Lovísu Sólur var vísað frá, rétt eins og kærna Helgu Elínar og Kiönu Sifjar. Það kom Lovísu Sól ekki á óvart. „Er það ekki bara

Hélt lögreglustarfinu þrátt fyrir fangelsisdóm

S taða Aðalbergs hefur verið umdeild innan lögreglunnar og hefur hann meðal annars fengið á sig dóm fyrir brot í starfi. Þann 31. mars árið 2005 var hann dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir brot í starfi þegar hann stöðvaði bifhjól í Vesturbæn-um með því að sveigja lögreglu-bíl inn á gagnstæðan vegarhelm-ing með þeim afleiðingum að ökumaður hjólsins lenti á bíl-um og slasaðist. Hlaut hann 32 daga fangelsisdóm auk sektar-greiðslu og greiðslu málskostnað-ar. Hæstiréttur staðfesti sekt Að-albergs en frestaði refsingu með skilorði til tveggja ára. Í málflut-ningi fyrir héraðsdómi sem og í skýrslu innra eftirlits kemur fram að Aðalbergur hafi logið við vinnslu málsins og fengið aðra lögregluþjóna til að vinna með sér í því að gefa upp rangar upplýsingar við vinnslu málsins og fyrir dómi. Þrátt fyrir það hélt hann starfi sínu hjá lögreglunni.

Ók fyrir bifhjól

Samkvæmt dómnum voru málavextir þeir að lögreglan hafði, aðfaranótt 31. maí árið 2004, verið að leita að bifhjólamönnum sem ekið höfðu á miklum hraða í vesturbæ Reykja-víkur og á Seltjarnarnesi. Aðalbergur tók þátt í leitinni á lögreglubíl en með honum í för var samstarfskona hans.

Á Ægissíðu sá Aðalbergur hvar bifhjóli var ekið úr gagnstæðri átt og ákvað hann þá að sveigja lögreglubílnum yfir á þá akreïn í veg fyrir hjólið með þeim afleiðingum að árekstur varð og bæði lögreglukonan og ökumaður bifhjólsins, Páll Heiðar Halldór-son, slösuðust. Auk þess skemmdust bæði bíllinn og bifhjólið. Aðalbergur sagðist fyrir dómi hafa talið ökumann hjólsins vera þann sama og hann hafði séð keyra of hratt fyrr um nóttina. Hjól, galli og hjálmur ökumannsins hafi bent til þess. Til að stöðva hjólið, sem hafi verið á miklum hraða, hafi hann ákveðið að setja forgangsljósin á og sveigja inn á vegarhelminginn en hafa gætt þess að hjól-íð kæmist fram hjá. Þegar ökumaður hjóls-

eðlilegt á Íslandi? Ég hafði engar væntingar af því að ég vissi svo sem að það myndi ekkert gerast þó að það yrði kært, það er bara þannig á Íslandi, það gerist ekkert í svona málum.“

Var aldrei leystur tímabundið frá störfum

Þrátt fyrir að hafa verið kærður

ins virtist ætla að fara fram hjá hafi hann fært bílinn enn lengra. Þegar bifhjólið var farið að riða hafi hann reynt að sveigja bílnum aftur á réttan helming. Hafi hjólið þá fallið og runnið fram hjá bílnum.

Logið til um galla

Samstarfskona Aðalbergs bar vitni og þar kom fram að hún hefði einnig skrifað undir skýrslu um umferðarlagabrot Páls utan vinnutíma en gat síðan ekki staðfest þau fyrir rétti þar sem hún hafði ekki séð meint umferðarlagabrot. Þá kom fram að bíllinn var, samkvæmt svokölluðu tetrakerfi, ekki stað-settur á sama stað og þau sögðust hafa verið á við hraðamælingar áður en áreksturinn varð. Hún sagði einnig að Páll hefði fallið og hjólið runnið fram hjá bílnum í kjölfarið.

Annar lögreglumaður sem einnig tók þátt í aðgerðunum þessa nótt lýsti nákvæmlega tveimur hjólum, númerum, göllum og hjálm-um ökumanna sem hann hafði séð í ofsakstri. Þegar hann var inntur eftir því hvernig hann hefði getað lagt þetta á minnið á nokkrum sekúndubrotum sagðist hann hafa séð Pál í gallanum á lögreglustöðinni eftir árekstur-inn. Þá kom fram að gallinn hafði verið skil-inn eftir á slysadeildinni og það lögreglu-maðurinn þá afsökunar á rangri fullyrðingu.

Páll sagði fyrir dómi að hann hefði séð lögreglubílinn seint á sínum vegarhelmingi,



Árekstrarlöggu ekki vísað úr starfi þrátt fyrir dóm

hann hefði verið á um 50 kílómetra hraða og reynt að hemla en það ekki dugað til því að lögreglubílnum hefði verið ekið framan á hjólið og síðan áfram. För eftir stuðara og dekk hafi sést á hjólinu. Kastadist Páll yfir bíl-inn og á götuna með þeim afleiðingum að hann tagnaði á úlnið, marðist á sköflungi og hefði haft verki og doda í handlegg, baki og höfði eftir það.

Stórfellt gáleysi

Komst dómari að þeirri niðurstöðu með fullri vissu að hjólið hafi komið framan á bílinn, af stöðu bílsins og hemlaförum að merkja, og að bíllinn hefði færst við áreksturinn. Þegar Aðalbergur hefði ekið í veg fyrir hjólið hefði ekki verið unnt að afstýra árekstrinum og Páll því settur í hættu. Með þessu stórfellda gá-leysi hefði Aðalbergur ekki farið rétt að í að-gerðum sínum í opinberu starfi og um leið brotið almenn hegningarlög og umferðarlög. Fékk hann 32 daga fangelsisdóm og var auk þess dæmdur til að greiða sekt, skaðabætur og sakarkostnað.

Í frétt DV frá 1. apríl árið 2005 var sagt að bæði héraðsdómur og innra eftirlit lög-reglunnar hefði sagt að Aðalbergur hefði log-ið með frásögn sinni af atburðum. Honum var ekki vikið frá störfum þrátt fyrir þetta. Páll Heiðar var einnig dæmdur til sektargreiðslu fyrir ógætulegan akstur. Í dómi Hæstaréttar frá 10. nóvember sama ár var dómurinn yfir Aðalbergi skilyrtur til tveggja ára í ljósi þess að hann hafði ekki áður hlotið refsingu og að fyrir honum hafi vakað að stöðva ofsakstur. Skaðabótakröfunni var einnig vísað frá.

frá störfum á meðan rannsókn málsins stæði yfir svaraði ríkis-lögreglustjóri á þann veg að hann hefði ekki nægilega góðan aðgang að gögnum málsins og gæti því ekki tekið afstöðu í málinu. Það er hlutverk ríkissaksóknara að láta ríkislögreglustjóra fá rannsóknar-gögn um mál sem eru í vinnslu hjá þeim, en saksóknari taldi sig

hafa haft samband við Lögreglu-stjóran á höfuðborgarsvæðinu til þess að meta hvort ætti að leysa Aðalberg tímabundið frá störf-um á meðan rannsókn málsins stóð yfir. Engin niðurstaða fékkst í þetta mál og starfaði hann því áfram hjá Lögreglunni á höfuð-borgarsvæðinu á meðan málið var rannsakað. ■

VILTU KAUPA FASTEIGN
Á SPÁNI ?

MASA INTERNATIONAL BÝÐUR ÞÉR
Í SKOÐUNARFERÐ TIL COSTA BLANCA Í
JÚNÍ Á 29.900 KR.

ÞAR SEM DRAUMAEIGNINA ÞÍNA GÆTI
VERIÐ AÐ FINNA

Hafðu samband / S. Jón Bjarni & Jónas 555 0366



Allar almennar pústviðgerðir

endurnýjun og sérsmíði



Fluid Film

Umhverfisvæn ryðvörn í hæsta gæðaflokki. Eykur endingu bílsins og inniheldur engin skaðleg leysiefni.

**Hagstæð verð
& góð þjónusta**

Opið:

Mán-Fim frá

8-12, 13-18

Fös frá

8-12, 13-16



Betra Púst

Betra púst ehf / Skógarhlíð 10 / Sími 555 7070 / betrapust@betrapust.is

GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT
GANGI
SMURT**



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 20 ÁR



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Uppáhaldslög plötusnúðanna

DJ SunnaBen og DJ Katla svara spurningum DV

Guðni Einarsson
gudnieinarsson@dv.is



Íslendingar geta ekki bara skemmt sér við að fylgjast með heimsmeistaramótinu í knattspyrnu á næstu vikum. Fram undan er ein stærsta tón-

listarhátíð landsins, Secret Solstice í Laugardalnum. Hátíðin hefst fimmtudaginn 21. júní og stendur til sunnudagsins 24. júní. Auk erlendra listamanna eins og Bonnie Tyler og þungarokkaranna í Slayer mun rjóminn af íslenskum tónlistarmönnum stíga á svið í Laugardal-

um. Í hópi áhorfenda verður líka rjóminn af íslenskum tónlistarunnendum. Í þeim hópi eru plötusnúðarnir DJ SunnaBen og DJ Katla og fékk DV að yfirheyra þær um uppáhaldslögin þeirra, hvað þær ætli að sjá á hátíðinni, verstu giggin þeirra og ýmislegt fleira. ■

Dj SunnaBen

Hver er topp 10-listinn þinn?

Cardi B - Bickenhead 2
Childish Gambino - This is America 3.
Pusha T - If you know you know 4.
Cardi B - I like it 5.
Nicki Minaj - Chun Li 6.
Gísli Pálmi - Peningar 7.
Young Thug ft. Nicki Minaj - Anybody
JóiPé, Króli & Aron Can - Sósá
Alvia Islandia & Dadykewl - Klakarnir
10. Cardi B & Migos - Drip

Uppáhaldstónlistarmaður/plötusnúður?

- Cardi B

Uppáhaldsskemmtistaður, af hverju?

- Mér finnst skemmtilegast að spila á Prikinu, Kiki og B5, ég myndi alltaf velja þá staði til þess að dansa á líka, en ég hef því miður minni tíma til þess að sýna mig á dansgólum bæjarins en ég vildi, er oftast í búrinu ef ég er í bænum.

Hver er Dj-búnaðurinn þinn?

- Macbook Pro og Traktor S4, stórkostlega skemmtileg græja!

Hvað er það sem veitir þér innblástur?

- Skemmtileg tónlist, í öllu sem ég geri. Ég geri líka fátt án þess að hafa gott undirspil. Hef daginn á því að kveikja á plötu heima meðan ég hef mig til, reiði mig á góða tónlist á æfingum, við vinnu og spila eitthvað sem hægt er að gaula með þegar ég elda og vaska upp á kvöldin, enda dansa ég oft en ekki um heimilið.

Hvenær hófst áhuginn á því að „plötusnúðast“?

- Ég hef alltaf verið tónlistarnörd mikið svo það var náttúruleg þróun að vilja spila tónlistina sem ég



elska fyrir fólk frá unga aldri, held að áhuginn hafi kviknað þegar ég sá fyrst Dj-græjur heima hjá stóra bróður vinar míns, 13 ára. Það tók smá mönun fyrir mig að byrja að spila af því að ég hélt að það væri svo flókið og það var hvergi hægt að læra það þá, en þetta kom með æfingunni og verður skemmtilegra með hverju árinu, ég er búin að vinna við þetta í sex ár núna og er hvergi nærri hætt.

Hvert er versta giggið þitt?

Hmm, það eru alveg nokkur sem erfitt er að gera upp á milli, margt fólk getur verið mjög dónalegt. En oft en ekki er ógeðslega gaman, annars væri maður ekki að þessu.

Hvaða listamenn ætlaðu að sjá á Secret Solstice?

- Sem flesta! Ég hlakka til að sjá For a minor reflection, Reykjavíkurdætur, Suru, Dream wife, Gucci Mane, Gísli Pálma og auðvitað drolluna sjálfa, Bonnie Tyler.



Dj Katla

Hvernig hljómar topp 10-listinn þinn?

Grace Jones - Private Life ILOEDIT
Teddy Pendergrass - Love TKO
Fern Kinney - Love me tonight (KGB Pristine Edit)
Womack & Womack - Teardrops
Daron - Didn't I
Sade - No Ordinary Love
Harold Melvin & The Blue Notes - The Love I Lost
Curtis Mayfield - Diamond in the Back
Luther Vandross - Never Too Much
Sly & The Family Stone - If You Want Me To Stay

Uppáhaldstónlistarmaður/plötusnúður?

Sonur minn, hann syngur frumsamin lög fyrir mig á hverjum degi. Þau eru æðisleg.

Uppáhaldsskemmtistaður, af hverju?

Ég er að spila á Kaffibarnum í kvöld, hann hefur alltaf verið einn af mínum uppáhalds. Mér finnst mjög fint að snúa baki í dansgólfið og geta bara fylgst með því í baksýnispeglinum. Svo fæst líka besta engiferölið í bænum á KB.

Hver er Dj-búnaðurinn þinn?

Ég er búin að keyra á mjög nettu „setupi“ undanfarin ár, sem hefur hentað mér vel þar sem ég hef verið að ferðast mikið á milli landa með græjurnar. Það samanstendur af Traktor X1, Z1, Audio 10, delay pedal og MacBook Pro og það kemst auðveldlega fyrir í bakpokanum mínum. Svo er ég með tvo SL-a og crest performance dj mixer sem ég nota aðallega heima eða í sérstök verkefni.

Hvað er það sem veitir þér innblástur?

Bara lífið, tilvistarkreppur, leitinn að tilgangi og samkennd, hún er falleg.

Hvenær hófst áhuginn á því að „plötusnúðast“?

Fyrir mörgum árum þegar ég fór á fyrsta skólaballið mitt og plötusnúðurinn spilaði bara Prodigy. Ég var 12 ára. Einhvern daginn ætla ég líka að spila fjögur lög á „repeat“ heilt kvöld.

Hvert er versta giggið þitt?

Fyrir ekki svo löngu var ég spurð hvar hljóðmaðurinn minn væri þegar ég mætti til að tengja græjurnar mínar. Það var landskunnur tónlistarmaður sem tók á móti mér og horfði vantrúður á mig þegar ég sagðist kunna þetta sjálf. Hann þurfti að rjúka áður en ég var búin að tengja, skildi mig eftir með einni lítinni hátalara (sem hann kallaði hljóðkerfið sitt) og spurði mig aftur áður en hann fór hvort það væri ekki örugglega hljóðmaður á leiðinni. Kvöldið var síðan allt einhvern veginn eftir þessu og hljóðið auðvitað hræðilegt (má deila um hvort það hafi verið hljóðkerfinu eða hljóðmanninum að kenna). Þetta endaði síðan allt á því að litli hátalarinn sprakk í loft upp eftir að hafa barist hetjulega á dansgólfinu. Ég hef aldrei verið jafnfljót að pakka saman.

Hvaða listamenn ætlaðu að sjá á Secret Solstice?

Bara alla sem ég get!

DÝÑNU DAGGAR



20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM DÝÑNUM
OG SVAMPI

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri



BÍLASALA REYKJAVÍKUR



JAGUAR XF R-SPORT AWD Árgerð 2017, ekinn 8 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 6.490.000. Rnr.602438.



JAGUAR XE R-SPORT . Árgerð 2017, ekinn 24 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.435772.



LAND ROVER RANGE ROVER EVOQUE SE DYNAMIC. ekinn 0 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. Verð 7.690.000. Rnr.602746.



JAGUAR F-PACE R-SPORT 22" HELIX. Árgerð 2018, Nýr bíll - , dísel, sjálfskiptur. Verð 8.990.000 kr - Rnr.435758.



LAND ROVER DISCOVERY 4 HSE SDV6 BLACK PACK. Árgerð 2014, ekinn 49 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.990.000. Rnr.433220.



LAND ROVER DISCOVERY 5 HSE FIRST EDITION Árgerð 2017, ekinn 22 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 13.900.000. Rnr.435685.



VW Beetle. Árgerð 2015, ekinn 17 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.451851.



BMW 640D XDRIVE Árgerð 2013, ekinn 109 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.690.000. Rnr.435083.



PORSCHE 911 CARRERA 4 Árgerð 2001, ekinn 79 þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 4.990.000. Rnr.434739.



TESLA MODEL S85. Árgerð 2013, ekinn 69 þ.KM, rafmagn, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.435075.



AUDI Q5 PREMIUM Árgerð 2010, ekinn 94 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.602761.



VW PASSAT 4MOTION . Árgerð 2013, ekinn 130 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.435241.

HIM í ástarleikjum og boltasparkki

Nú þegar heimsmeistararnót karla í knattspyrnu er nýhafið og fjöldageðrofið að hellast yfir þjóðina er ekki úr vegi að líta á hvernig má með bestum hætti nýta tímann í sófanum, jafnvel rækta sambönd, og jafnvel stórbæta sambúðina. Ráðin hér miðast sum við einbúa, en önnur við sambylinga, eða í það minnsta góða vini. Einhverrar nektar kann að vera krafist svo sumt athæfið gangi upp. Við hverja stellingu er tilgreindur lágmarksfjöldi lima, limir geta verið getnaðarlimir af holdi og blóði eða ballarbelti (e. strap-on).

Hjólborurnar

Lágmarksfjöldi lima: 1
Áreynslustuðull: 2 fyrir aðila 1, 6 fyrir aðila 2

Aðferð: Aðili 1 kemur sér vel fyrir í sófa, með liminn til reiðu. Aðili 2 sest klovvega á hann og rennir getnaðarlimi aðila 1 inn í leggöng eða endaþarm. Aðili 2 hallar sér svo fram þannig að báðir sjái vel á skjáinn. Hér getur verið hentugt að nota pullu eða skammel fyrir aðila 2 að halla sér fram á. Hafi aðili 2 ekki áhuga á knattspyrnu má allt eins nota tímann til að lesa áhugaverða bók, skoða kisumyndir á Instagram, eða svara helstu skilaboðum á samfélagsmiðlum.

Skeiðar í skúffu

Lágmarksfjöldi lima: 1
Áreynslustuðull: 2
Sérstakir kostir: Aftari aðili getur notað hendur til að gæla við þann fremri á ýmsa lung (geirvörtur, kviður, læri, snipur eða limur).

Hin klassíska skeiðastelling kemur sér einstaklega vel ef sófinn er með djúpri setu. Sé hann það ekki má ef til vill fjarlægja bakpúða til að hann verði hentugri. Það frábæra við þessa stellingu er að hún gefur möguleika á djúpum og rólegum samförum – svona er jafnvel hægt að liggja heilan hálfleik. Stellingin hentar síður ef aftari aðilinn er með stuttan getnaðarlim, þó má vinna með aðfallshorn mjaðma og stellingu fótleggja fremri aðilans til að bæta það upp og ná fullnægjandi dýpt.

Tvíhöfða lótusblómíð

Lágmarksfjöldi lima: 1
Áreynslustuðull: 5,7

Aðilinn með liminn sem nota á til innsetningar sest í sófa eða hægindastól af góðri breidd og hallar sér makindalega aftur á bak. Notið gjarnan púða til stuðnings og aukinna þæginda. Nú er hægt að koma sér klovvega fyrir ofan á þeim sem situr og renna limnum inn þangað sem óskað er. Hendur beggja eru lausar til atlots og hægt að taka öllu með ró eða hamast að vild. Gallinn er þó augljós því ekki er hægt að gera ráð fyrir að báðir aðilar njóti leiksins nema annar hafi augu í hnakkanum. Spegill af sæmilegri stærð gæti leyst málið, eða margskjáa upplegg líkt og sjá má á sportbörum bæjarins.

Áfram Ísland

Lágmarksfjöldi lima: 1
Áreynslustuðull: 4,2

Þessari stellingu má sérstaklega mæla með fyrir þau skipti sem Ísland sést á skjánum á komandi dögum. Hér snúa báðir aðilar að skjánum, sá fremri klovvega á þeim aftari og limur í leggöngum eða endaþarmi. Ef fremri aðilinn er með sníp má nota tækifærið hér til að leika við snípinn með fingrum eða titrara. Einnig er aðgengi að kynfærum þess aftari nokkuð gott milli fóta. Meginkosturinn við þessa stellingu er að æsing vegna leiksins má auðveldlega fá útrás fyrir með samfarahreyfingum. Ímyndið ykkur bara að fagna marki á þennan skemmtilega hátt!

Þessari stellingu má sérstaklega mæla með fyrir þau skipti sem Ísland sést á skjánum á komandi dögum.



Ragnheiður Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi. raggaeiriks.com raggaeiriks@gmail.com

BOLTINN Í BEINNI Á CASTELLO

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR

SÍMI 577 3333
WWW.CASTELLO.IS



HM TILBOÐ! LEIKINN HEIM

ÁÐEINS 100 TÆKI
64.990
AFSLÁTTUR



LG 55" OLED B7



LG OLED55B7V

LG 55" OLED B7 ÁSAMT SJ6 SOUNDBAR - VERÐ 314.980 KR.

HM TILBOÐ 249.990 KR.



BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 - 18



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

„Einhver sérkennileg partígen valist þar inn“

■ Biggi veira fer yfir tónlistina og hljómsveitarlífið ■ Tvennir tónleikar fram undan hjá GusGus

Guðni Einarsson
gudnieinarsson@dvis



Þegar talað er um bestu og farsælustu hljómsveitir landsins er hljómsveitin GusGus ofarlega í huga. GusGus hefur verið starfrækt í yfir tvo áratugi og sent frá sér fjölda platna og smáskífna. Hljóðheimur hljómsveitarinnar eru mikilfenglegur og hefur hún stimplað sig inn í hjörtu margra tónlistarunnenda úti um allan heim. Fram undan eru tvennir tónleikar í Eldborgarsal Hörpu þar sem aðdáendur geta átt von á þverskurði frá bandinu eins og það hefur þróast frá og með plötu- og sent frá sér fjölda platna og smáskífna. Hljóðheimur hljómsveitarinnar eru mikilfenglegur og hefur hún stimplað sig inn í hjörtu margra tónlistarunnenda úti um allan heim. Fram undan eru tvennir tónleikar í Eldborgarsal Hörpu þar sem aðdáendur geta átt von á þverskurði frá bandinu eins og það hefur þróast frá og með plötu-

„Fyrsta spurning, hver voru þín fyrstu kynni af elektrónískri tónlist?“

„Vorið 1982, 13 ára og nýfermdur með fyrstu hljómtækni á heimilinu, byrjaði ég að kaupa plötur og fá lánadar. Ég hafði náttúrlega heyrt útundan mér ýmislegt í útvarpinu og kveikt á, eins og til dæmis Souvenir með OMD og annað draumkennt frá þessum tíma, en ein fyrsta platan sem ég fékk lánada frá eldri bróður minn var Oxygen með Jean Michael Jarre. Síðan fannst mér Body Language með Queen það töff að ég keypti plötuna. Það hafði engin tónlist verið á mínu heimili fram að þessu þannig að þetta voru fyrstu löggin sem mótuðu á mér heilabörkinn. Það má kanski heyra þessi áhrif í flestu sem ég hef gert hingað til.“

Hvenær og hvernig varð GusGus til? Hver var undanfarinn?

„Siggí Kinski og Stefán Árni voru að skrifa og framleiða stuttmyndina Nautn árið 1995, og höfðu ráðið ýmislegt tónlistarfólk til að leika í myndinni. Þar á meðal var Daníel Ágúst og varð það hugmynd milli hans og Sigga að gera plötu með öllu þessu tónlistarfólki, samhliða myndinni. Daníel Ágúst hafði þá nýskilið við NýDönsk og hafði unnið með Bubbleflies á annarri plötu þeirra og vildi þaðan kanna betur raftónlist. Því þyrfti að fá einhvern inn til að hjálpa við það. Stefán Árni vissi af mér í hljómsveitinni T-World og stakk upp á því að þeir skoðuðu það. Það varð úr að ég og Maggi, sem vorum þá búinir að vinna í þrjú ár saman við rannsókn á lausklúbbatengdri raftónlist, enduðum í þessu samstarfi og má segja að við tveir og Daníel höfum framleiddslustyrkt fyrstu GusGus-plötunni, sem árið 1997 var síðan endurunnin í erlendu útgáfuna Polydistortion.“

Nú hefur GusGus verið lengi að. Hvernig hefur samstarfið verið milli hljómsveitar-meðlima allan þennan tíma?

„Það hefur nú verið upp og ofan eins og alltaf þegar metnaðarfullt fólk mætist með ólíkar skoðanir og langanir. Þegar þetta byrjaði til dæmis árið 1995 þá var þetta varla hljómsveit heldur hópur af fólki sem gerði þessa stuttmynd og fyrstu plötuna sem aukaafurð með mismikilli metnaðaraðkomu. Enda kölluðum við okkur fjöllistahóp á þessum tíma. Það var svo þegar 4AD sendi okkur fax í upphafi 1996 um að gefa þessa plötu út á heimsvísu og skrifa undir samning varðandi fleiri útgáfur, sem níu manns úr hópnum ákváðu að verða hljómsveitin GusGus. Það kom þó í ljós við vinnslu á seinni plötunni að fólkið sem þarna var samankomið var með mjög

Það tekur alltaf á að túra. Þótt það reyni ekki mikið á líkamlega, þá er þetta óttalegur óþæginda flækingur sem hentar illa heimakæru fólki.

ólíkar hugmyndir um hvers konar hljómsveit og hvers konar tónlist þessi hópur stæði fyrir, enda kvarnaðist úr hópnum á þessum tíma. Þegar svo Daníel ákvað að hætta líka árið 2000, var lítið eftir nema ég og Maggi Legó ásamt Stebba. Söngvarlausir framleiðendur. Urður kom þá inn sem aðalsöngvari og má þá segja að við yrðum alvöru hljómsveit, þar sem tónlistin var númer 1, 2 og 3. Þegar Urður hætti og Daníel kom inn aftur 2008 héldum við áfram í svipaðri hugmyndafræði, en í teknógír sem hentaði nýjum tíma með Daníel.“

Hvaða hlutir/þættir heldurðu að séu á bak við velgengni GusGus?

„Ég hef ekki hugmynd um það, en ég held að ég viti hvað hefur haldið okkur svona langlífum. Það er metnaðurinn og þörfin á að gera eitthvað nýtt og spennandi í tónlist. Þá hefur þessi síbreytileiki hljómsveitameðlima þröngvað upp á okkur að endurskilgreina bandið með hverri nýrri plötu, og þannig, haldið viðfangsefninu fersku.“

Þegar þið semjið nýtt efni, hvernig er ferlið?

„Það er nú upp og ofan, en oftast er einhver leit að „sándi“ og nýjum hljómhúsum sem skilar af sér frekar einföldum skissum sem þó hafa eitthvað seiðandi, annaðhvort við tilfinninguna eða hrynjandann. Ef Daníel tengir við það, lendir kannski drögum af söng, þá rannsökum við það áfram saman og klárum.“

Hvað veitir þér helst innblástur þegar kemur að því að semja?

„„Knobs baby“... Nei í alvöru, fyrir mér er raftónlist fyrst og fremst leit að „sándi“, með hljóðgervlum, og hughrifum þeim tengdum. Þannig að ef ekkert sérstakt er í gangi, byrjar maður að tengja snúrur í „modular-syntunum“, snúandi tökkum í leit að einhverju „sándi“ sem kallar tilbaka á þig, heimtar að fá fyrir sig melódíu. Þannig verða oftast til fyrstu skissurnar sem seinna fullklárast sem GusGus-lög.“

Margir tala um GusGus-„sándi“. Hver er galdurinn á bak við það?

„Ekkert hugmynd. En það sem sameinar kannski flest löggin er leit að ákveðnum hughrifum í gegnum sambland af óreiðuflökti og taktfestni og hvernig misstór og seiðandi hljómastökk hræra upp í tilfinningum. Þannig að kannski er það meira hvernig löggin kveikja sambærileg hughrif frekar en að það sé eitthvert „sánd“ sem sameinar flest löggin okkar.“

Nú hafði þið spilað og túrað mikið í gegnum árin. Hvernig er lífið á túrum, tekur þetta á? Hvað er erfðast og hvað er skemmtilegast?

„Það tekur alltaf á að túra. Þótt það reyni ekki mikið á líkamlega, þá er þetta óttalegur óþæginda flækingur sem hentar illa heimakæru fólki. En það sem gerir þetta þó allt þess virði er að standa á sviðinu með Daníel og galdra saman þennan graut sem tónleikarnir okkar eru. Án þess að ég fari út í það tæknilega þá er uppsetningin á tónleikum þannig að hún endurskapar alltaf þessa leit og sköpun á þann hátt að við

erum alltaf að gera löggin upp á nýtt og hvert skipti er ólíkt öllum öðrum.“

Þið eigið stóran aðdáendahóp úti um allan heim. Hvar er sá stærsti? Sá villtasti?

„Það má segja að miðað við höfðatölu þá erum við stærstir í Póllandi en stærstu tónleikarnir eru í Rússlandi. En Þýskaland og Austur-Evrópulönd eru okkar helsta markaðssvæði ásamt Mexíkó. En sá villtasti er Bretinn. Það hafa einhver sérkennileg partígen valist þar inn.“

Hvar finnst ykkur skemmtilegast að spila? Áttu þér uppáhaldstónleikastað?

„Það er alltaf spennandi að spila eigin tónleika í höfuðborgunum. Berlín, Moskva, Varsjá og Reykjavík eru þar í efstu sætum. En varðandi stað þá fer ég nú yfirleitt að hálfgráta þegar ég er á þessum geggjuðu „live/dj“-klúbbum sem finnast í flestum alvöru borgum, því við höfum enga slíka herna í Reykjavík. Sá nýjasti sem ég grét yfir var 900 manna staður í Lviv í Úkraínu sem var með vel staðsetta bari í tónleikasalnum og bæði stand- og setusvæði á tveimur hæðum. Það er nú orðið

alveg ljóst að svona staður verður ekki til í Reykjavík nema með opinberum stuðningi. Verst að sá stuðningur er eyrnamerkur öðru.“

Hver er uppáhaldsGusGus-platan þín?

„Það hefur alltaf verið sú nýjasta, þannig að Lies are more flexible er á toppnum sem stendur. Síðan finnst mér alltaf voða vænt um Forever.“

Hvað

finnst þér um íslensku raftónlistarsenuna í dag? Eitthvað sem mætti betur fara?

„Mér finnst hún frekar töff. Heilmikið í gangi og margt áhugavert. Það mætti þó vera meira um „punk“- og „new-wave“-áhrif finnst mér, en hversu sterkt senan er smituð af „92-94 intellegent brakes“-áhrifum er mér að skapi.“ ■



MYNDHANA

GÓÐ VÖRN
ER LYKILATRIÐI



Heimir Hallgrímsson





Sudurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Sjálfstætt sveitarfélag?

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, er frægur fyrir að mynda sér skoðanir á fólki með því að kanna hvað því líkar við á samfélagsmiðlum. Vill hann til dæmis aldrei ræða við **Sigurjón M. Egilsson** vegna þess að honum líkaði færsla sem Bjarna líkaði ekki. Ef forsendur Bjarna eru notaðar þá má sjá að einn ráðherra í ríkisstjórninni er fylgjandi því að Grafarvogur segi sig úr Reykjavík og verði sjálfstætt sveitarfélag. Það er **Guðlaugur Þór Þórðarson**, utanríkisráðherra og íbúi í Grafarvogi. Grafarvogur yrði 18 þúsund manna sveitarfélag, hið fimmta stærsta á landinu, og yrði án efa í höndum Sjálfstæðismanna um ókomna framtíð. Hættan yrði hins vegar sú að Reykjavík yrði í höndum vinstriðinga um ókomna framtíð ef sjálfstæðisvígið klýfur sig frá.



Gremja í Grafarvoginum

Það ríkir talsverð gremja hjá mörgum í Grafarvoginum vegna nýja, eða uppfærða, meirihlutans í borginni. Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar er Sjálfstæðisflokkurinn mun sterkari í Grafarvogi en flokkarnir sem mynda nú meirihlutann í borginni. Er því hægt að fullyrða að ef íbúar Grafarvogs hefðu fengið að ráða væri Eypór Arnalds borgarstjóri með Vigdís Hauksdóttur sem forseta borgarstjórnar. Til að kóróna gremjuna ákvað meirihlutinn, þriðja skiptið í röð, að kynna samstarfið í Breiðholti. Árið 2010 var meirihluti Besta flokks og Samfylkingar kynntur í Æsufellinu, 2014 var það í Elldaárdalnum og nú síðast við Breiðholti. Ef Sjálfstæðismenn ná borginni eftir fjögur ár þá verður þrýstingur á hann að kynna meirihlutann í Spönginni, Egilshöll eða á Geldinganesi.

Við erum líklega að taka HM aðeins of langt

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is

Þá er heimsmeistaramótið í knattspyrnu loksins skolið á. Ég og eflaust meirihluti þjóðarinnar eigum það sameiginlegt að geta vart á heilum okkur tekið af eftirvæntingu fyrir fyrsta leik Íslands. Það gildir þó ekki um alla því ég á nokkra ættingja og vini sem hafa engan áhuga á fótbolta eða þátttöku Íslands á HM. Hugur minn er hjá þessum ástvinum mínum því ljóst er að síðustu vikur hafa verið óbærilegar og næstu vikur verða miklu verri.

Íslenskir fjölmiðlar eru að ganga ansi langt í umfjöllun sinni um HM. Það er skiljanlegt í ljósi þess að þetta er í fyrsta skipti sem Íslendingar taka þátt og alls óvíst að íslenska liðið taki aftur þátt á þessu stærsta sviði íþróttanna. Við hljótum því að mega fara yfir um svona einu sinni og líklega taka fæstir eftir því enda virðist meirihluti þjóðarinnar við það að sturlast.

Vandinn við að flytja fréttir af HM-ævintýri Íslands er að finna eitthvað nýtt. Allar fréttir af erlendum miðlum þar sem einhver hrósar



Íslandi eru étnar upp umsvifalaust á öllum miðlum. Her fréttamanna fylgir íslenska liðinu við hvert fót-mál og hefur flutt áhugaverðar fréttir af baráttu landsliðsmanna í borðtennis, skákáhuga aðstoðarmanns landsliðsins, hörmulegs kvikmyndasmekks aðalmarkvarðarins og svo mætti lengi telja. Ákveðinn hápunktur átti sér stað þegar vinur minn, Hörður Snævar Jónsson, ritstjóri 433.is, birti frétt þar sem hann tók saman hæð og

þyngd allra íslensku landsliðsmannanna. Sú frétt fékk að sjálf-sögðu metlestur og varð til þess að við erum alvarlega að íhuga að birta þessar upplýsingar fyrir allar þátttökuþjóðir og reikna út BMI-stuðla landanna.

Það var því hægara sagt en gert að finna eitthvað nýtt og ferskt efni í helgarblað vikunnar. Lendingin varð því sú að taka saman spá-dóma nokkurra knattspyrnuspek-inga, athuga hvort brúðkaupum

væri frestað í hrönnum vegna keppninnar auk þess sem ykkar einlægur tók viðtal við ítalskan háskólakennara sem fullyrðir að hann hafi séð velgengni íslenska liðsins fyrir árið 2013. Já, líklega erum við að taka þetta of langt.

En hvað um það. Fram undan er þjóðhátíð og hennar skulum við njóta, sama hvernig fer á vellinum. Þar býst ég við hinu besta en er andlega tilbúinn undir hið versta. Áfram Ísland! ■

MEÐ OG Á MÓTI LÚPÍNA

Þór Jakobsson, veðurfræðingur

Við hjónin höfum sinnt, síðan 1986, 15 hektara skika í Mörk á landi sem Landgræðsla ríkisins á. Þar höfum við notið útiveru og náttúrunnar í ríku mæli langt frá ys og þys borgarinnar, en líka lagt mikla vinnu í landgræðslu, skógrækt og girðingavinnu. Land þetta er furðu margbreytlegt, sums staðar graslendi frá fornu fari en annars staðar eru sendin svæði frá því er allt blés upp á þessum slóðum þar til Landgræðslan fór að spyrna við fótum. Hvað sem við sáðum ár eftir ár á þessum sandflákum þá gæri aldrei. En einn góðan veðurdag fyrir um 15 árum fengum við lúpínu hjá Landgræðslunni sem stakk upp á að við þektum þessa „auðnir“ með lúpínu innan um birkiplöntur sem við gróðursettum um leið. Og viti menn, þá tók



MEÐ

landið stökkbreytingum til hins betra. Ég er því hlynntur lúpínunni EN – með stóru „enni“: ÞAÐ MÁ EKKI SLAPPA AF. Það þarf að gefa sér tíma til að halda henni í skefjum á vorin, STÝRA útbreiðslunni!”

Álfheiður Ingadóttir, líffræðingur og fyrrv. ráðherra

Lúpínan er öflug landgræðsluplanta og hefur kosti sem slík. Hins vegar hefur ofnotkun og skefjalas útbreiðsla í nafni skógræktar og landgræðslu víða útrýmt berjalyngi og fínlegum blómgróðri. Líffræðilegur fjölbreytileiki tapast og eftir stendur einhæf lúpínubreiða. Sífellt fleiri sveitarfélög skera nú upp herör gegn lúpínu en oft með litlum árangri enda vandaverk að eyða plöntunni án þess að drepa allan annan gróður. Segja má að allt sé reynt til að hamla útbreiðslu hennar – á Dalvík, í Fjarðabyggð, Hrísey, Húsavík, Hveragerði, Ísa-fjarðarbæ, Mosfellsbæ, Reykjavík, Skagaströnd, Stykkishólmi, Vogastapa – listinn er lengri. Vísindamenn hafa kynnt tillögur um útrýmingu plöntunnar og jafnvel Landgræðsla ríkisins er hætt að nota lúpínu sem landgræðslu-



Á MÓTI

jurt nema á stórum samfelldum um. Það er þess vegna tímaskekkja að enn skuli menn leyfa sér að dreifa þessari ágengu plöntu á hálendinu og á friðlýstum svæðum. Ég er þeirrar skoðunar að það sé hervirki gegn náttúru landsins.“

Spurning vikunnar

Hvernig fer leikurinn gegn Argentínu?




„Hann fer 0-0“

Gunnlaugur Gunnarsson



„1-1 og Gylfi skorar“

Unnur Hólmfríður Sigurðardóttir




„Við vinnum hann! 1-0“

Anna Karlsdóttir



„1-1, Aron Einar skorar fyrir Ísland“

Haldór Emilsson



Sérhæfum
okkur í **prífum**
fyrir húsfélög

Húsfélagapjónustan ehf.

Sími: 555 68 55

„Ég er ekki mjög vinsæll“



Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppnis-
eftirlitsins, ræðir stöðuna í málaflokknum við DV.

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Frá því að Páll Gunnar Pálsson tók við sem forstjóri Samkeppniseftirlitsins í júní 2005 hefur mikið vatn runnið til sjávar. Þá kannski helst eitt stykki efnahagshrun sem olli flóði flókinnna verkefna fyrir stofnunina sem enn sér ekki fyrir endann á. Á bak við tjöldin er Páll Gunnar einn valdamesti maðurinn í íslensku viðskiptalífi og nýtur lítillar hylli meðal stjórnenda þeirra fyrirtækja sem Samkeppniseftirlitið hefur þurft

að slá á fingurna á. „Nei, ég er ekki mjög vinsæll og ég væri að gera eitt-hvað annað ef ég hefði áhyggjur af því“, segir Páll meðal annars í viðtali við Bjartmar Odd Þeyr Alexandersson, sem settist niður með forstjóranum og ræddi við hann um stöðu mála. Þess ber að geta að myndbandsupptaka af viðtalinu verður aðgengileg á DV.is á næstu dögum.

Samrunamálin viðamest

Hver eru stærstu málin sem Samkeppniseftirlitið er að vinna í?

„Samkeppniseftirlitið er að fást við allt sem snýr að samkeppni

og aðferðum til að koma á heilbrigðri samkeppni í íslensku samfélagi. Við erum að passa upp á að menn séu ekki að brjóta þessar reglur sem gilda, eins og bann við ólögum samráði og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Samkeppniseftirlitið fylgist með samþjöppun á markaði, við erum að passa upp á að það verði ekki hér samruni sem skaðar hagsmunum almennings, til dæmis hækki verð og svo framvegis. Svo erum við líka að horfa á stjórnvöld og reyna að fá þau til liðs við okkur, því stjórnvöld eru með ýmsum hætti þátttakendur í íslensku atvinnulífi og þurfa að róa í sömu átt. Við erum að tala fyrir samkeppnistækjum og samkeppnishagsmunum inni í stjórnkerfinu“, segir forstjórinn.

Að hans sögn eru samrunamál in þau viðamestu hjá stofnuninni

og hafa verið það síðustu tvö árin. „Við erum búin að skoða mjög flókin, oft á tíðum, samruna og þá fyrst og fremst af stærri gerðinni á mjög mikilvægum mörkuðum. Við höfum verið að skoða fjölmiðla-markaðinn, fjarskiptamarkaðinn, dagvörumarkaðinn oftar en einu sinni og eldsneytismarkaðinn. Þarna er ég að telja upp alla mikilvægustu markaðina fyrir neytendur og það er mikilvægt að þarna verði ekki einhver slys, sem fela í sér að markaðirnir breytist og neytendur sitji eftir með sárt ennið“, segir Páll.

Getum slökkt ljósin ef við gefumst upp á að skapa samkeppni
En sem neytandi sjálfur, er Ísland nógu stórt fyrir alvöru samkeppni?

„Já, alveg klárlega. Ef við gefumst upp á þeirri hugsun þá er það

sama dag og við ákveðum að fara héðan öll og slökkva ljósin á eftir okkur. Ef lífskjör hér versna vegna þess að það eru bara stórir aðilar með einokun á öllum mörkuðum þá fer fólk einfaldlega í burtu“, segir Páll en bætir við að það segi sig sjálf að það sé erfiðara að tryggja heilbrigða samkeppni á litlum markaði.

Að hans sögn er rauði þráðurinn í þeim málum sem Samkeppniseftirlitið glímur við samspilið milli stærðarhagkvæmni og heilbrigðrar samkeppni. „Í litlu samfélagi verðum við að hitta á þetta samspil. Stærðarhagkvæmni er góð svo fremi að hún skaði ekki samkeppnina, vegna þess að ef svo fer þá njótum við, sem búum hérna, ekki ábatans af stærðarhagkvæmni. Það er samkeppnin sem tryggir að stærðarhagkvæmin sem við náum



MYNDIR: HANNA

Stjórnvöld eru alls ekki saklaus af því að búa til hindranir

Mundirðu horfa til löggjafans varðandi það að opna landið betur fyrir erlenda samkeppni, og fyrir erlenda markaði?

„Það er einfaldlega stórt verkefni fyrir íslensk stjórnvöld að búa svo um hnútana að þetta geti orðið. Stjórnvöld eru alls ekki saklaus af því að búa til hindranir. Reglur búa oft til hindranir þó að ásetningurinn sé góður, það er verið að tryggja öryggi og alls konar aðra almannahagsmunum en í leiðinni er verið að gera erfiðara fyrir fyrirtæki að komast inn á markaðinn. Það þarf að passa upp á að stjórnvöld vinni með okkur í fækka slíkum hindrunum, regluþyrði og öðru slíku og svo líka beinum hindrunum eins og tollum og girðingum sem eru reistar til að vernda innlendar atvinnugreinar. Venjulega er það þannig að enginn græðir á því,“ segir Páll.

Hann er meðvitaður um að slíkar aðgerðir geti verið sársaukafullar til skemmri tíma en til lengri tíma segir forstjórinn að slíkar aðgerðir verði til þess að innlenda starfsemin styrkist. Hann bendir á grænmetismarkaðinn sem dæmi. „Þar voru miklar aðgangshindranir en í kjölfar samráðsmáls sem var leyst úr af hendi samkeppnisyfirvalda þá ákváðu stjórnvöld að opna þennan markað fyrir erlendra samkeppni. Yfirvöld fóru í ákveðnar stuðningsaðgerðir við innlendu framleiðsluna, sem voru ekki aðgangshindrandi. Þetta var ábyggilega erfitt til að byrja með en það græddu allir á þessu á endanum. Framleiðendur þurftu að finna nýjar og betri aðferðir og þeir þurftu að standa sig betur. Neytendurnir fengu betri og ódýrari vöru. Allir græddu, þar á meðal innlenda framleiðslan, innlendu atvinnurekendurnir,“ segir Páll.

Bændur njóta góðs af samkeppni Talandi um matvæli. Nú er einn stærsti matvælaframleiðandi landsins undanþeginn samkeppnislögum. Þekkest þetta erlendis eða erum við að finna upp hjólið?

„Löggjafinn getur ákveðið að fara aðra leið en leið samkeppninnar. Það var gert í mjólkuriðnaði, þar sem sá markaður var undanþeginn ákvæðum samkeppnislaga að hluta til, það er banni við ólög-mætu samráði og síðan samrunareglunum. Lögin voru sett árið 2004 og upp úr því var heilmikil samþjöppun á markaðinum. Það varð til mjög stór aðili og við höfum alveg frá því að þetta var gert varað við þessu. Við höfum ekki getað séð að það yrði einhver ávinningur af þessu, á meðan þeir sem tóku þessar ákvarðanir, ábyggilega með góðum vilja, töldu að þetta væri spurning um almannahagsmunum. Frá sjónarhóli samkeppninnar þá var þetta ekki góð leið, einfaldlega vegna þess að þarna var kröftum samkeppninnar ýtt til hliðar.“ Páll bendir enn fremur á að þegar nýir aðilar hafa, oft með mikilli fyrirhöfn, komið inn á mjólkurmarkaðinn þá hafi það verið til hagsbóta fyrir neytendur sem og bændur.

„Samkeppni í mjólkuriðnaði vinnur ekki bara með neytendum heldur með bændunum líka. Þótt bændurnir eigi, í orði kveðnu að minnsta kosti, Mjólkursamsölurnar, þá njóta þeir samkeppninnar þegar hún verður til,“ segir Páll.

Hann segir það beinlínis hlutverk Samkeppniseftirlitsins að gagnrýna og beita sér kröftuglega gegn pólitískum ákvörðunum sem hamli samkeppni. „Við teljum að þarna hafi ekki verið farin rétt leið. Einföldu rökin fyrir þessari

” Ef við lítum á okkur sem spítala atvinnulífsins þá erum við endalaust að loka sjúkra-deildum, ekki bara á sumrin, sem er ekki gott. Það sem gerist þá er að fyrirtæki hætta að leita til okkar vegna þess að þau eru hætt að trúna að við tökum málin upp. Það er afleit staða.

ákvörðun voru þau að það þyrfti að búa íslenskan markað undir erlenda samkeppni. Í okkar huga, ef við notum handboltalíkingu, þá er ekki skynsamlegt ef þú ætlar að standa þig vel á erlendum stórmótum að sameina allar handboltadeildir íslenskra íþróttafélaga og búa til eitt öflug lið. Þá hættirðu að kunna að keppa og þá ertu síður líklegur til að standa þig vel í erlendri samkeppni,“ segir Páll.

Stjórnvaldssektir skipta miklu máli Á dögunum lauk máli þar sem MS var dæmt til að greiða 440 milljóna króna sekt. Hverju skilar svona stjórnvaldssekt á fyrirtæki í einokunarstöðu?

„Dómurinn sem þú vísar til er héraðsdómur þannig að það mál á eflaust eftir að fara lengra og við sjáum hvernig því vindur fram. Héraðsdómur staðfesti þessa niðurstöðu okkar og þú spyrð hvort eitthvert gagn sé af þessu? Svarið er já. Einfaldlega vegna þess að hér eins og víðast hvar annars staðar þá hefur það orðið niðurstaðan að þó að sú leið sé kannski ekki fullkomin þá er það skilvirkasta leiðin sem menn þekkja, að beita fyrirtæki í svona málum stjórnvaldssektum. Það er vegna þess að þessar sektir skapa varnaðaráhrif, að minnsta kosti ef sektirnar eru nægilega háar, og í svona málum þá auðvitað skýrist staðan. Fyrirtæki vita að þarna er kominn þröskuldur sem þau mega ekki stíga yfir hafi þau ekki vitað það áður og það skýrist líka ýmislegt fyrir keppinautunum og þeim sem vilja koma inn á markaðinn. Þeir sjá að þarna sé einhver á verðinum og það er einhver að passa upp á að reglurnar séu ekki brotnar og þar með er líklegra að þeir vilji koma inn á markaðinn. Svarið er því ótvírætt já, auðvitað skiptir það máli.“

Óheppilegt sjónarhorn forstjóra MS

Forstjóri fyrirtækisins, Ari Edwald, hefur látið hafa eftir sér að þessi sekt myndi lenda á neytendum. Hvað finnst þér um það?

„Þetta er mjög óheppilegt sjónarhorn. Það er vont ef menn líta svo á að menn geti bara velt þessu yfir í verðlagið. Ef samkeppnin er mjög lítil, jafnvel einokunarstaða, þá getur þetta orðið staðan. Aðgerðir samkeppnisyfirvalda miða að því að búa til umhverfi þar sem aðrir koma inn á markaðinn og búa til samkeppni þannig að fyrirtæki geta ekki gert þetta síðar. Búa til umhverfi þar sem heilbrigð samkeppni ríkir og þegar fyrirtæki í slíku umhverfi verða fyrir samkeppnislagabrotum og stjórnvaldsbrotum þá munu þau ekki geta velt sektum út í verðlagið því það ríkir samkeppni. Það er auðvitað markmiðið með þessu öllu saman,“ segir Páll.

Hann segist ekki geta fullyrt

að það takist í öllum málum, að minnsta kosti ekki strax en til lengri tíma þá er hann viss um þetta valdi varnaðaráhrifum og smám saman skapist betra samkeppnisumhverfi. „Við sjáum það, sem betur fer, á mjög mörgum mörkuðum að það hefur orðið raunin. Við erum með frumkvöðla og öflugt fólk sem hefur séð tækifæri og með ærinni fyrirhöfn þröngvað sér inn á markaði eins og lyfjamarkað, dagvöru, flug, fjarskipti, mjólk og svo gætum við haldið áfram að telja. Þetta fólk hefur rekið sig á hindranir, látið okkur vita, kvartað og þar með hafa samkeppnisyfirvöld fengið tækifæri til þess að skoða málið ofan í kjölinn og það hafa orðið breytingar í framhaldinu. Smátt og smátt er þetta að færast í rétta átt,“ segir Páll.

Ísland aftarlega á merinni varðandi rétt fyrirtækja til skaðabóta

Frumkvöðlar hafa kvartað yfir því að þegar þeir koma til ykkar þá sé of mikið að gera hjá ykkur, að þið séuð of lítil stofnun og að þið hafið ekki réttu reglugerðirnar til þess að vinna hratt í málunum. Vantar fjármagn inn í Samkeppnis- eftirlitið?

„Þetta er langversta gagnrýnin sem við verðum fyrir vegna þess að við höfum svo mikinn skilning á henni. Það er augljóst að einstaklingar og lítil fyrirtæki sem hafa lagt fjármuni og skuldsett sig til þess að komast inn á markaði, verða fyrir hindrunum og vilja auðvitað fá úrlausn eins og skot. Því miður, og það er ekki séríslenskt, að þetta eru erfið mál í rannsókn. Gagnaöflun getur oft verið torsótt og vinnsla mállanna. Það eru eðlilega settar miklar kröfur um málsmeðferð þannig að þetta einfaldlega tekur tíma,“ segir Páll. Hann segist harma að Samkeppniseftirlitið sé ekki alltaf í stöðu til þess að koma fyrirtækjum, sem verið er að brjóta á, til bjargar en stofnunin reyni að nýta málin til þess að það verði til almannaheillar til framtíðar.

„Eitt af því sem skiptir heilmiklu máli í þessu er að í Evrópu hafa menn verið að reyna að bæta möguleikann á að sækja skaðabætur í kjölfar samkeppnislaga-brota. Það er eitthvað sem stjórnvöld hér þurfa að kippa í liðinn, við höfum ekki tileinkað okkur þetta hér eins og önnur Evrópuríki. Við erum aftarlega á merinni,“ segir Páll.

Hann segir að íslensk stjórnvöld eigi eftir að innleiða nýjar reglur sem auðvelda fyrirtækjum að sækja skaðabætur. Slíkar reglur voru innleiddar í Evrópusambandslöndunum fyrir nokkrum árum og að við þurfum að bregðast við með sama hætti. „Þetta er ekki komið í gegnum kerfið hjá okkur, því miður. Partur af þessari töf er að þessi innleiðing gengur hægt hjá okkur og svo getur verið að einhverjum tæknilegum spurningum sé ósvarað. En þetta horfir allt til betri vegar.“

Purfa að vísa málum frá

Páll ítrekar að hann hafi fullan skilning á því þegar fyrirtæki kvarta yfir Samkeppniseftirlitinu og finnst stofnunin svifasein. „Á því eru skýringar, bæði þessar að þetta eru flókin mál og svo líka hitt að við erum ekkert rosalega mörg. Sérstaklega þegar það er mikið af samrunamálum, sem við verðum að taka fram fyrir því þau eru rekin á lögbundnum frestum, þá erum við að yta öðrum málum til hliðar og það hefur því miður verið þannig undanfarin misseri að við höfum þurft að forgangsraða og ekki tekið upp mál sem ▶

að búa til skili sér til neytenda en verði ekki eftir í fyrirtækjunum og renni í vasa eigendanna.“

Tökum tryggingamarkaðinn sem dæmi. Þar erum við að sjá hækkun á iðgjöldum langt umfram verðbólgu og fyrirtækin skila methagnaði til hluthafa. Er þetta heilbrigður markaður í samanburði við nágrannalönd okkar?

„Á meðan markaðir eru lokaðir og erfitt að komast inn á þá þá getur það orðið staðan. Ég ætla ekki sérstaklega að beina augunum að tryggingamarkaðinum en hann er klárlega dæmi um markað þar sem á sumum sviðum er ekki mikil samkeppni á milli fárra stórra innlendar aðila. Það á við marga aðra markaði. Til lengri tíma er stóra verkefnið að opna þessa markaði og það er ýmislegt jákvætt að gerast í því,“ segir Páll.

Hann nefnir sem dæmi að tækniþróun sé að verða til þess markaðir opnast smám saman og auðveldara verði að komast inn á þá. „Netverslun skiptir máli og svo má nefna fjártækniyfirtækin sem menn eru að tala um að geti haft í för með sér breytingar á íslenskum fjármálamarkaði. Það er ýmislegt jákvætt sem við vonandi náum að nýta okkur, einmitt til að opna markaði hér og fjölga valkostunum. Það minnkar hættuna á að fáir stórir aðilar sitji einir að kökunni og það verði til það sem heitir í samkeppnisrétti þegjandi samhæfing á milli þeirra. Að þeir þurfi ekki að standa í samráði því samkeppnin sé of þægileg. Verkefnið til lengri tíma eru að opna markaði en til skemmri tíma að fást við þau vandamál sem koma upp í þessu litla umhverfi,“ segir Páll.

Það var líka skiljanlegt því lífeyrissjóðirnir voru lokaðir innan gjaldeyrishaftanna og erfitt um vik í fjárfestingu í atvinnugreinum.

kvartendur hafa verið að hrópa á okkur að taka upp. Þannig höfum við verið að taka sársaukann strax í byrjun, að segja nei, við getum ekki tekið þetta upp frekar en að opna málið og vera alltof lengi að því.

Hann segir að umgjörðin sem Samkeppniseftirlitinu sé búin sé ekki góð. „Ef við lítum á okkur sem spítala atvinnulífsins þá erum við endalaust að loka sjúkradeildum, ekki bara á sumrin, sem er ekki gott. Það sem gerist þá er að fyrirtæki hætta að leita til okkar vegna þess að þau eru hætt að trúá við tökum málin upp. Það er afleit staða,“ segir Páll. Aðspurður segist hann ekki halda að fyrirtæki hætti að leita til Samkeppniseftirlitsins með umkvartanir en að hann hafi áhyggjur af stöðu mála.

Forgangsröðuðu af hörku í kjölfar hrunsins

Hafið þið einhver tól í höndunum til þess að þrýsta á löggjafann um auknar fjárveitingar?

„Við gefum fjárveitingarvaldinu reglulegar skýrslur um stöðu mála hjá okkur og höfum reynt að gera það sem við getum í því. Við rekum þessa stofnun með þeim peningum sem við fáum. Við höfum ekki verið í einhverjum framúrkeyrslum enda það er ekki ábyrgt. Á endanum erum við að treysta þeim sem stýra þessu til að búa til þessa umgjörð.“

Páll segir að Samkeppniseftirlitið hafi skort fjármagn í langan tíma og afleiðingin sé sú að nauðsynlegt er að forgangsráða málum. „Við fórum að forgangsráða af hörku í hruninu. Eðlilega varð hér heilmikil sprenging í málafjölda og nýjar tegundir af málum litu dagsins ljós. Við fórum að fylgjast mjög náið með bönkun-

um vegna þess að þeir voru komnir með atvinnulífið í fangið. Við fengum mjög mikið af kvörtunum út af þeirri stöðu sem var komin upp. Allar þær spurningar sem vöknudu um það urðu til þess að við fórum að forgangsráða málum og loka málum sem við sáum ekki fram á að geta klárað,“ segir Páll.

Hann segir að ástandið hafi versnað enn meira á síðustu árum og því hafi stofnunin þurft að strekkja enn þá meira á þessari forgangsröðun. „Það er aðallega vegna þess að það hafa verið mjög stórir og viðamiklir samrunar til skoðunar. Það er ekki fjöldinn sem hefur verið að trufla okkur heldur frekar hversu stórir samrunarnir hafa verið. Vonandi hægist um í því og þá höfum við meiri tíma til að skoða aðra hluti.“

„Mörg verkefni sem við vildum sinna betur“

Þannig að þið eruð fjársveltir?

„Það er alveg augljóst að við þurfum meiri pening til þess að geta sinnt þeim málum sem við þurfum að sinna. Það eru gerðar miklar, en að sama skapi eðlilegar kröfur, til þess hvernig við vinnum hlutina en við verðum að einblína á gæðin og þá erum við í þeirri stöðu að gera vel fáa hluti heldur en minna vel marga. Þetta er erfið staða sem við erum í,“ segir Páll.

Hann segir að fjárframlag ríkisins til stofnunarinnar hafi verið nokkuð stöðugt undanfarið ár en aldrei nægt til þess að hægt sé að sinna öllum málum sem koma inn á borð stofnunarinnar. Á því hefur Páll þó skilning. „Það fá ekki allir allt sem þeir vilja. Stjórnvöld hafa í mörg horn að líta.“

Því fer þó fjárri að stofnunin sé lömuð en eins og áður segir verður að forgangsráða málum. „Við erum með krítériu í því og tökum að sjálf-sögðu upp alvarlegustu málin sem blasa við. Samráð er alltaf ofarlega á þeim lista. En það eru mörg verkefni sem við vildum sinna betur.“

Hvetur þetta ástand ekki fyrirtæki til þess að brjóta frekar af sér í tengslum við samkeppnislög? „Við erum ekki komin þangað. Við erum þó þar, sem betur fer, að Samkeppniseftirlitið er reglulega



að sýna að það ræður við verkefni og tekur þau föstum tökum. Það er í standi til þess að leiða þau til lykta og fylgja þeim í gegnum dómstóla. Þannig að ég held að fyrirtæki líti ekki þannig á, en auðvitað getur það þróast þannig. Það er hlutverk stjórnvalda að passa að svo fari ekki.“

Hafa áhyggjur af umfangsmiklu eignarhaldi lífeyrissjóða

Hefur Samkeppniseftirlitið áhyggjur af því hversu stóran hluta lífeyrissjóðir eiga í fyrirtækjum á markaði, jafnvel fyrirtækjum sem eru í samkeppni?

„Já, við höfum það. Ef við förum yfir þessa stöðu þá vorum við í afleitri stöðu eftir hrunið þar sem bankarnir voru beinir eða óbeinir eigendur mjög stórs hluta samkeppnismarkaða. Þegar bankarnir voru að öðlast yfirráð yfir þessum fyrirtækjum þá fór það í gegnum okkur og við gátum sett skilyrði sem miðuðu að því að flýta þessu ferli og passa upp á að það yrði samkeppni þó að bankarnir væru með þetta allt í höndunum. Það var jákvætt skref þegar bankarnir fjarlægðust þetta eignarhald en það sem gerðist í staðinn var að lífeyrissjóðirnir komu inn. Það var líka skiljanlegt því lífeyrissjóðirnir voru lokaðir innan gjaldeyrishaftanna og erfitt um vik í fjárfestingu í atvinnugreinum og svo framvegis. Þetta er staða sem varð og við höfum allan tímann haft áhyggjur af. Við höfum talað um það alla tíð að það væri mjög óheppilegt þegar sömu aðilar, hvort sem það væru lífeyrissjóðir eða ekki, tiltölulega lítill hópur lífeyrissjóða ættu stóran hlut í fleiri en einum keppinaut á markaði. Við þekkjum þetta á fjarskiptamarki og svo geturðu rakið markaðinn. Það segir sig sjálft að þetta er ekki heppilegt staða út frá sjónarhóli samkeppninnar. Við viljum hafa fjölbreytt eignarhald með mismunandi áherslur. Við erum ekki með þetta umhverfi núna.“

Páll segir að erlendis þekkt dæmi þess að stórir sjóðir eigi í fyrirtækjum sem eru í samkeppni á sama markaði. „Ytra eru sambærileg mál rannsökuð og við fylgjumst vel með þeirri þróun mála. Það eru sumir fræðimenn sem telja að þetta geti haft áhrif á verð en aðrir eru ekki á sama máli. Við tökum þetta inn í okkar rannsóknir,“ segir Páll og vísar í samruna dagvöru- og olíufyrirtækja hérlendis sem verið hafa á borði stofnunarinnar. Í þeim málum sé mikil áhersla lögð á að skoða eignarhaldið sérstaklega.

Mun þetta ástand batna?

Við erum með stofnanir sem eru með augun á þessum vandamáli og eru að reyna að finna lausnir. Stjórnvöld eru meðvitund um þetta

vandamál og að dreifðara eignarhald sé mikilvægt. Það er hægt að leysa úr þessu og við höfum engan annan kost en að finna lausnir á þeim vandamálum sem við glímum við.

Hlutirnir geta orðið persónulegir

Það vakti mikla athygli þegar Samkeppniseftirlitið tilkynnti að stofnunin hefði lokið rannsókn á meintu samráði Samherja, Síldarvinnslunnar í Neskaupstað og Gjögurs, án efnislegrar niðurstöðu, vegna anna í öðrum verkefnum. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, brást harkalega við og sagði að stofnunin héldi fyrirtækjum í gíslingu árum saman. Þá sakaði hann Pál Gunnar um að vekja þau hugrenningatengsl að eitthvað misjafnt hefði átt sér stað.

Eins og áður segir hefur Páll Gunnar ekki miklar áhyggjur af persónulegum vinsældum sínum. „Nei, ég er ekki mjög vinsæll og ég væri að gera eitthvað annað ef ég hefði áhuga á því. Þetta starf getur orðið einmanalegt í svona litlu samfélagi þar sem allir þekkjast alla. Hlutirnir geta orðið svolítið persónulegir. En á móti kemur að þetta er afar gefandi því það er einmitt í litlu hagkerfi eins og okkar að maður sér hversu mikilvægt það er að efla samkeppni. Öðru hverju hittum við á verkefni og náum að leysa úr þeim, sem við sjáum að hafa heilmikil áhrif. Það er gaman þegar það gerist. En á leiðinni að því markmiði þá er auðvitað búið að skamma okkur heilmikið,“ segir Páll.

Að hans mati skortir á að samþykki í atvinnulífinu einblíni meira á samkeppnismál. „Okkur finnst mörg samþykki þetta stundum ofan í of mikla hagsmunagæslu, horfa ekki á stóru myndina. Sum samþykkin eru að sannfæra fyrirtækin um að þessar reglur séu flóknar og að það sé erfitt að hafa samskipti við Samkeppniseftirlitið, sem við könnumst ekki við. Við teljum að þau mættu vera stórmannlegri og vinna með okkur til þess að laga hlutina. Við erum tilbúin til að vinna með þeim,“ segir Páll að lokum. ■



Nett fjölnotatæki

MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftiget: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útlarp.

Staðgreiðsluverð:
6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON

bilfang.is

S. 567 2000



VOLVO V60 D4 R-DESIGN LEDUR (191 HÖ)

Raðnúmer 151258 - Nánari upplýsingar veitir
Bilfang ehf. í síma
Ökutækið er á staðnum.

Árgerð 2016. Ekinn 9 Þ.KM
Nýskráður 11/2016. Næsta skoðun 2020
Verð kr. 4.990.000. Litur SVARTSANS



TOYOTA HILUX LX DIESEL MEÐ CAMPER

Raðnúmer 210165 - Nánari upplýsingar veitir
Bilfang ehf. í síma
Ökutækið er á staðnum.

Árgerð 2017. Ekinn 16 Þ.KM
Nýskráður 3/2017. Næsta skoðun 2021
Verð kr. 7.090.000. Litur DÖKKGRÁR



SUBARU LEGACY OUTBACK

Raðnúmer 122050 - Nánari upplýsingar veitir
Bilfang ehf. í síma
Ökutækið er á staðnum.

Árgerð 2015. Ekinn 75 Þ.KM
Nýskráður 5/2015. Næsta skoðun 2019
Verð kr. 3.290.000. Litur LJÓSGRÁR



BMW 218D GRAN-TOURER 7-MANNA

Raðnúmer 121982 - Nánari upplýsingar veitir
Bilfang ehf. í síma
Ökutækið er á staðnum.

Árgerð 2017. Ekinn 23 Þ.KM
Nýskráður 3/2017. Næsta skoðun 2021
Verð kr. 3.690.000. Litur SVARTUR



BMW 318D SPORTLINE SHADOW

Raðnúmer 210125 - Nánari upplýsingar veitir
Bilfang ehf. í síma
Ökutækið er á staðnum.

Árgerð 2015. Ekinn 46 Þ.KM
Nýskráður 8/2015. Næsta skoðun 2019
Verð kr. 3.890.000. Litur SVARTUR



BMW X5 XDRIVE30D BUSINESS EDITION

Raðnúmer 121965 - Nánari upplýsingar veitir
Bilfang ehf. í síma
Ökutækið er á staðnum.

Árgerð 2017. Ekinn 28 Þ.KM
Nýskráður 1/2017. Næsta skoðun 2021
Verð kr. 8.990.000. Litur SVARTUR



BMW 520D STEPTRONIC NEW

Raðnúmer 121918 - Nánari upplýsingar veitir
Bilfang ehf. í síma
Ökutækið er á staðnum.

Árgerð 2017. Ekinn 10 Þ.KM
Nýskráður 11/2017. Næsta skoðun 2021
Verð kr. 6.490.000. Litur SVARTUR



BMW I3 PLUG-IN

Raðnúmer 121782 - Nánari upplýsingar veitir
Bilfang ehf. í síma
Ökutækið er á staðnum.

Árgerð 2016. Ekinn 18 Þ.KM
Nýskráður 10/2016. Næsta skoðun 2020
Verð kr. 3.290.000. Litur HVÍTUR/TVÍLITUR



FORD KUGA TREND BUSINESS DIESEL 2WD

Raðnúmer 151591 - Nánari upplýsingar veitir
Bilfang ehf. í síma
Ökutækið er á staðnum.

Árgerð 2017. Ekinn 7 Þ.KM
Nýskráður 4/2017. Næsta skoðun 2021
Verð kr. 3.990.000. Litur SVARTUR



HONDA HR-V ELEGANCE

Raðnúmer 152743 - Nánari upplýsingar veitir
Bilfang ehf. í síma
Ökutækið er á staðnum.

Árgerð 2016. Ekinn 29 Þ.KM
Nýskráður 3/2016. Næsta skoðun 2020
Verð kr. 3.190.000. Litur BLÁR



LAND ROVER DISCOVERY HSE DYNAMIC VERSION

Raðnúmer 153158 - Nánari upplýsingar veitir
Bilfang ehf. í síma
Ökutækið er á staðnum.

Árgerð 2017. Ekinn 12 Þ.KM
Nýskráður 8/2017. Næsta skoðun 2021
Verð kr. 12.790.000. Litur HVÍTUR/TVÍLITUR



LAND ROVER RANGE ROVER EVOQUE SE+

Raðnúmer 121966 - Nánari upplýsingar veitir
Bilfang ehf. í síma
Ökutækið er á staðnum.

Árgerð 2017. Ekinn 21 Þ.KM
Nýskráður 4/2017. Næsta skoðun 2021
Verð kr. 6.790.000. Litur SVARTSANS



Morgunmatur
Hádegismatur
Kvöldmatur

Matstöðin

Nýr Matsedill
á hverjum degi!

Kópavogsbraut 115 / 200 Kópavogur / s. 844 1145

Í maí síðastliðnum voru Kolbrún Baldursdóttir, nýkjörinn borgarfulltrúi, og **Vignir Ljósálfur Jónsson** kennari í viðtali hjá DV. Þau voru gift og saman í níu ár en skildu árið 1983 vegna þess að þau áttuðu sig á því að Vignir væri samkynhneigður. Vignir segir nú sína sögu eftir að hann og Kolbrún skildu, hvernig hann barðist við HIV og missti kærasta úr sjúkdómnum og hvaðan þetta óvanalega nafn Ljósálfur kemur. Við hittumst í anddyrinu á Hlemmi Square, hótelinu við hliðina á matarmarkaðnum. Vignir er einstaklega rólegur og hlýr maður og það er ekki að sjá á honum að hann hafi mátt upplifa mikla erfiðleika.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Hann er uppalinn í Sandgerði en þar ráku foreldrar hans verslunina Nonna og Bubba. Hann fór í Héraðsskólann á Laugarvatni þar sem hann átti kærasta í tvö ár, en hann leit þó ekki á sig sem samkynhneigðan mann á þeim tíma heldur var hann aðeins að prófa þetta. Eftir það lá leiðin í Kennaraskólan og samkvæmisdans þar sem hann kynntist Kolbrúnu. Þau eignuðust dótturina Karen Áslaugu árið 1980, giftu sig skömmu síðar og Vignir fékk kennarastöðu við Laugarnesskóla þar sem hann

starfar enn. Eftir að þau áttuðu sig á því hvernig var í pottinn búið skildu þau árið 1983 og fjórum árum eftir það hóf Vignir samband með manni.

Kærastinn ósjálfbjarga vegna HIV
Þórður Jóhann Þórisson, kallaður Tóti, hét maðurinn sem Vignir hóf sambúð með eftir að hann og Kolbrún skildu. Eins og svo margir Íslendingar kynntust þeir á djamminu og Vignir lýsir því sem ást við fyrstu sýn. Vignir var nýkominn út úr skápnunum og mikil gerjun og röt á lífi hans. Honum hafði ekki liðið beinlínis illa með Kolbrúnu en eftir skilnaðinn varð hann glaðari og frjálfsari. Svona átti sambúð að vera. ▶



VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ BÍLAMÁLUN OG RÉTTINGAR

Á nýnda áratugnum voru sífellt fleiri að koma út úr skápnunum sem samkynhneigðir menn og lentu margir í skelfilegum fordómum, upphrópunum og jafnvel ofbeldi. En Vignir og Tóti, sem starfadi í banka, sluppu blessunarlega við það. Það var hins vegar önnur vátta sem stöðjaði að þeim líkt og svo mörgum samkynhneigðum karlmönnum á nýnda áratugnum, HIV-veiran.

Árið 1992 greindist Tóti með HIV. Þetta var fyrir tíma hinna öfluglu lyfja sem halda einkennunum niðri og því nánast ígildi dauðadóms að fá greiningu. Alvarlegur í bragði segir Vignir:


„Hann varð mjög veikur og missti tiltölulega snemma alla hreyfigetu. Síðan sjónina. Þetta var rosalega erfitt en allir í kringum okkur, bæði vinir og fjölskylda, sýndu okkur gríðarlega mikinn stuðning og voru ávallt reiðubúnir að hjálpa. Hann þurfti mikla umönnun, sérstaklega síðustu dagana, og þegar ég þurfti á hvíld að halda komu fjölskyldumeðlimir og leystu mig af.“

Tóta leið svo illa yfir að hafa misst sjónina og vera svo algjörlega upp á aðra kominn að hann reyndi í tvígang að fyrirfara sér með viskí og svefntöflum. Í annað skiptið náði Vignir að koma í veg fyrir það en í seinna skiptið var Tóti sofnaður og þurfti að dæla upp úr honum. Tóti var kominn í öngstræti og sá ekki fram á neina framtíð. Aðrir HIV-smitaðir vinir þeirra úr samfélagi samkynhneigðra voru líka að veikjast og deyja. Þetta var eiginlegur faraldur. En Vignir hugsaði hins vegar ekki um framtíðina og hvort Tóti mundi deyja. Hann leyfði sér það ekki.

Ekki áfall að greinast

Þegar Tóti greindist fór Vignir ekki strax og lét prófa sig heldur liðu einhverjir mánuðir þangað til. Þá mánuði hugsaði hann varla um annað en hvort hann væri smitaður. Var ekki viss en bjóst alveg eins við því. Hann var mjög leitandi á þessum tíma og leitaði meðal annars í trúarleg rit, bæði kristin og önnur.

„Það var mikil hræðsla almennt



við HIV og þetta sást til dæmis í dagblöðunum þar sem fyrirsögnunum um alvarleika fársins var slegið upp. Þetta var svolítið rosalegur tími til að upplifa.“

Fannstu fyrir fordómum og hræðslu fólks í kringum ykkur?

„Nei, aldrei neinu slíku. Hvorki frá fjölskyldu né vinum okkar. Þau voru vissulega hrædd um okkur, að við myndum veikjast og deyja. En ekki við að smitast af okkur eða sjúkdóminn sjálfan.“

Varstu hræddur um líf þitt?

„Nei. Þegar ég loksins fór í prufuna og fékk að vita að ég væri smitaður þá var það einhvern veginn ekki áfall eða stórar fréttir. Ég var búinn að hafa svo langan tíma til

að velta þessu fyrir mér og undirbúa mig. Alla daga hugsaði ég stanslaust um hvort ég væri smitaður eða ekki. Eftir að ég greindist breyttist ekki mjög mikið hvað varðaði mína heilsu til að byrja með en seinna meir varð ég mjög veikur.“

Eitt af helstu persónuleika-einkennum Vignis er jafnaðargæðið og var það rætt í sameiginlegu viðtali hans og Kolbrúnar. Vignir getur aðlagð sig flestum aðstæðum og verið sáttur í aðstæðum sem flestir aðrir yrðu ekki. Sennilega hefur þetta jafnaðargæðið hjálpað honum að takast á við þessa miklu erfiðleika og greiningu.

„Nei. Þegar ég loksins fór í prufuna og fékk að vita að ég væri smitaður þá var það einhvern veginn ekki áfall eða stórar fréttir. Ég var búinn að hafa svo langan tíma til að velta þessu fyrir mér og undirbúa mig. Alla daga hugsaði ég stanslaust um hvort ég væri smitaður eða ekki. Eftir að ég greindist breyttist ekki mjög mikið hvað varðaði mína heilsu til að byrja með en seinna meir varð ég mjög veikur.“

Á þessum tíma stakk faðir Vignis upp á því að þeir feðgar færu norður í land til að heimsækja systur Vignis og fjölskyldu hennar. Þeir stoppuðu margsinnis á leiðinni norður og Vignir hafði þá tilfinningu að faðir hans væri að kveðja hann því á þessum tíma var HIV ígildi dauðadóms. Þeir ræddu það þó ekki heldur keyrðu saman tveir og áttu góða stund.

Búinn undir að kveðja jarðlífið

Eftir greininguna fór Vignir strax á lyf en þau voru ófullnægjandi. Í október árið 1993 lést Tóti síðan af sínum sjúkdómi en hann og Vignir höfðu þá verið saman í sjö ár. Það var ekki til neins áfallahjálps fyrir fólk til að takast á við slíkan missi og Vignir vissi þá að hann gæti farið sömu leið.

Hann sótti samkomur sem kallaðar voru Snæfellsásmótin, sem Guðlaugur og Guðrún Bergmann í Karnabæ stýrðu. Þeirri reynslu hefur hann lýst áður í viðtali við Rauða borðann, blað HIV-samtakanna. Á þessum andlegu samkomum gat fólk talað um sín vandamál og á einum fyrirlestri, þar sem kona lýsti makamissi, brotnaði Vignir niður og grét svo mikið að hann kom ekki upp orði. Hann var algerlega bugaður af harmi og var lagður á dýnu af öðrum fundargestum. Lýsti hann því sem nokkurs konar uppgjöri við þennan mikla missi.

Eftir það fór Vignir sjálfur að veikjast alvarlega og lá lengi á spítala. Hann hefur verið með psoriasis-húðsjúkdóminn síðan hann var átján ára gamall og HIV-veiran braut niður ónæmið fyrir honum.

„Í eitt sinn var ég þrjá mánuði á spítalanum og var næstum búinn að yfirgefa þetta jarðlíf. Ég fékk slæma psoriasis-sýkingu, fékk slæm hitaköst og öll húðin þakin, var eins og hraun. Þegar maður er svona mikið veikur þá verður maður alveg sama um tilveruna. Ég fann ekki fyrir neinni hræðslu og var alveg tilbúinn að kveðja.“

Í kringum árið 1997 komu hinir nýju HIV-lyfjakokteilar til sögunnar sem Vignir lýsir sem kraftaverki. Allt í einu gátu HIV-smitaðir gert ráð fyrir að lifa í lengri tíma, en fram að því höfðu allar slíkar hugsanir þurft að víkja. Sumir voru búnir að búa sig undir dauðann en aðrir settu öll framtíðarlön einfaldlega á bið.

Lyfin gáfu líf en Vignir hefur þó verið óheppinn að því leyti að venjuleg HIV lyf virka illa á hann og þarf hann því á meiri lyfjagjöf að halda en flestir HIV-smitaðir því hans veira er fljótari að mynda

ónæmi gagnvart lyfjum en flestra annarra. Auk þess hefur hann þurft að kljást við erfiðar aukaverkanir lyfjanna svo sem bólgu, magaverki, ofsjónir og ranghugmyndir. Um tíma þurfti hann að hafa stóra gashylkjabyssu á sér. Hann hefur verið á lyfjum sem talin hafa verið svo erfið að spítalinn krafðist þess að hann skrifaði undir pappíra um að spítalinn bæri ekki ábyrgð á aukaverkununum.

Eini Ljósálfur landsins

Margir kynnu að velta því fyrir sér þessu sérstaka millinafni Vignis, Ljósálfur, en hann er sá eini á Íslandi sem ber það. Rétt fyrir fimmtugsafmælið árið 2006 hringdi Karen Áslaug í þessa sinn og sagði að hann yrði að gera eitthvað virkilega villt áður en hann yrði settlegur karl. Þá fór hann fyrir mannanafnanefnd og fékk þetta nafn samþykkt.

Af hverju Ljósálfur?

„Þetta var leyninafn sem ég notaði í veikindum mínum. Ég gat ekki unnið en heldur ekki setið áður höndum. Þannig að ég safnaði saman lista yfir 25 krakka í fjölskyldunni minni, frá sex upp í tólf ára aldur, og nokkrum fullorðnum manneskjum í bland. Síðan skrifaði ég þeim póstkort í hverri viku með framhaldssögu um regnbogalitina sem fóru að rífast um hver þeirra væri mikilvægastur. Undir þessu kort skrifaði ég alltaf Ljósálfur. Ég klippti og teiknaði þessi póstkort og sendi þau á þeim tíma að þau bærust á hverjum mánudegi heilt sumar. Þetta voru alls ellefu kort, eitt um rauða litinn, annað um gula og svo framvegis. Auðvitað endar þetta allt vel og allir litirnir hjúfra sig saman í regnboga. Í síðasta kortinu bauð ég öllum í regnbogapartí og var líka búinn að panta stæði í Gay Pride-göngunni fyrir þennan hóp. Af hverju þetta tiltekna nafn man ég ekki,“ segir Vignir og brosir breitt.

Vignir segir að það hafi heilmikil umræða skapast um nafnið eftir að þær fréttir bárust að það hafði verið samþykkt af nefndinni. Fyrirsögn DV frá þessum tíma var: „Nú má heita Ljósálfur.“

„Í umræðum á Barnalandi voru margir sem gerðu athugasemdir við nafnið og sögðu að nefndarmenn í mannanafnanefnd hlytu að vera á einhverjum lyfjum. Til dæmis hvernig hægt væri að taka einhvern alvarlega sem bæri þetta nafn. Annar sagði að nafnið hentaði vel á fyrirliða í Gay Pride-göngu. Í dag er þetta nafn orðið partur af mér og börnunum í skólanum finnst skemmtilegt að fá að kalla mig þetta.“

Kattavinur

Vignir hefur verið með manni sínum, Marteini Tausen, í meira en tuttugu ár en Marteinn var góður vinur Vignis og Tóta þegar þeir voru saman. Þeir kynntust í rauninni í gegnum sameiginlegt áhugamál sem voru kettir og kattarækt en Vignir og Marteinn halda enn þá ketti. Árið 1997 voru þeir með fyrstu samkynhneigðu þörunum til að fara í staðfesta samvist, sem var undanfari hjúskaparlaganna frá árinu 2010.

Vignir er enn kennari í Laugarnesskóla og mjög vinsæll meðal krakkanna. Hann er mikill handverksmaður, fönðrari og hefur meðal annars skreytt búðarglugga og haldið origami-námскеið fyrir krakka. Þrátt fyrir þá erfiðleika sem hér er lýst er hann ákaflega sáttur við lífið í dag. „Ég er hér enn og er eins sáttur og HIV-smitaður maður getur verið.“ ■

HAGBLIKK

Álpakrennur & niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt & dökkrautt



Þakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C
202 Kópavogur

Sími 587 2202
hagblikk@hagblikk.is

hagblikk.is

Sniðugt í sumar

15. júní 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is



Það er engin tilviljun að Hjá Jobba er elsta starfandi bónstöð landsins

Bónstöðvar koma og fara en bónstöðin Hjá Jobba hefur verið starfandi í yfir 30 ár. Hvernig er slíkt hægt þegar meðalaldur í bransanum er 2–3 ár? Svarið er: Gæði, lágt verð og ánægðir viðskiptavinir. Þeir sem fara með bílinn sinn til Jobba vita að þeir munu fá toppþjónustu. Bónstöðin vex enn og dafnar og er núna elsta starfandi bónstöð landsins.

Reynsla Jobba í bransanum nær reyndar enn lengra aftur í timann en hann starfaði hjá Sveini Egilssyni frá árinu 1982 og stýrði deild sem sá um standsetningu, skráningu og þrif á

nýjum bílum. Hann hefur síðan verið sjálfstætt starfandi frá árinu 1986.

Helstu þjónustuþættir sem í boði eru hjá Jobba eru eftirtaldir: Allþrif, þrif að innan, þrif að utan og bónun, teflonbónun, djúphreinsun teppa og sæta, tjörupvottur, vélarpvottur, ryksugun, lakkmössun, blettun, lakkviðgerðir og ýmislegt fleira. Ítarlegar upplýsingar um þjónustuliðina er að finna á vefsíðunni hjobba.is. Þar eru einnig greinargóðar upplýsingar um verð.

Fólksbilar almennings eru vitanlega algengustu verkefni Jobba en stöðin tekur líka meðal annars að sér hreinsun

og bónun á rútum, flutningabílum og öðrum vinnutækjum.

Enn fremur þrífur Jobbi og bónar bíla fyrir Suzuki bíla ehf. og fleiri þekkt fyrirtæki.

Hjá Jobba er staðsett í Skeifunni 17. Stöðin er opin virka daga frá kl. 9 til 17.30 nema föstudaga, þá er opið til kl. 17. Tímapantanir eru í síma 568-0230. Þá er einnig tilvalið að senda tölvupóst á netfangið hjobba@simnet.is ef þú vilt bætast í ört vaxandi hóp ánægðra viðskiptavina stöðvarinnar. Því eins og Jobbi segir: „Við gerum gott betra.“

Heimsíða er hjobba.is.





NÝIR SÍMAR Í SÉRFLOKKI:

Þreföld gæði miðað við sambærileg tæki í sama verðflokk

Mi Iceland er viðurkenndur dreifingaraðili á Íslandi fyrir kínverska snjalltækjaframleiðandann Xiaomi eða Mi, sem hefur skapað sér sterkan sess í tækniheiminum með áreiðanlegum tækjum á góðu verði. Fyrsti síminn frá Mi kom á markaðinn árið 2011 og aðeins þremur árum síðar var framleiðandinn orðinn sá þriðji stærsti í heiminum.

Snjallsímarnir frá Mi eru í nokkrum verðflokkum og hægt er að fá mjög góðan snjallsíma fyrir aðeins 25.000 krónur. Með slíkum síma er hægt að gera allt sem maður notar

hefðbundinn snjallsíma í, rafhláðan er endingargóð og myndavélin er sérlega góð, sem er mjög eftirsóttur kostur í snjallsímum í dag. Einn vinsælasti eiginleiki þessara síma er sá að þeir bjóða allir upp á tvö símakort og þar af leiðandi sameina þeir vinnu- og persónulega símann í einn síma.

Nýjasti síminn frá Mi Iceland er Redmi Note 5 Pro. Sá sími styður hraðhleðslu, er með tvöfalda myndavél að aftan sem skilar einstaklega skýrum myndum og hefur endingargóða rafhlöðu, sem skiptir mestu máli

þegar upp er staðið.

Nýjasta flaggskipið hjá Mi Iceland er Mi Mix 2S. Sá sími er úr vinsælu Mix-línunni sem á sínum tíma var brautryðjandi í hönnun farsíma úti um allan heim þar sem skjárin þekur nánast allan flöt símans. Síminn inniheldur svo alla nýjustu þróun á snjallsímum og má þar nefna einn hraðasta örgjörvann, 64GB innbyggð minni og 6GB vinnsluminni, hrað- og þráðlausu hleðslu og nýja og endurbætta tvöfalda myndavél.

Önnur smærri en nytsamleg vara, sérstaklega á ferðalögum í sumar,

er 10.000mAh hleðslubankinn. Með þessari græju er hægt að hlaða flest snjalltæki á borð við farsíma og spjaldtölvur hvar sem er með stóru rafhlöðunni sem er innbyggð. Alveg ómissandi græja fyrir ferðalögin í sumar!

Mi Iceland er vefverslun sem sendir hvert á land sem er og er enginn sendingarkostnaður.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni www.mii.is.

DEKURA:

Einstök þjónusta í umsjón leiguhúsnæðis

Félagarnir Davíð Karl Wíium og Davíð Vilmundarson eru brautryðjendur í umsjón og umsýslu eigna í skammtímaleigu. Árið 2014 stofnuðu þeir þjónustufyrirtækið Dekura sem sérhæfir sig í umsjón á húsnæði sem leigt er út í gegnum Airbnb og aðra sambærilega vefi. Þá bjóða þeir einnig sérhæfða umsjón gistiheimila af öllum stærðum og gerðum.

Þjónustuframboð Dekura fyrir eigendur húsnæðis í skammtímaleigu spannar vítt svið og leggur fyrirtækið áherslu á að bjóða faglega og heildræna þjónustu til viðskiptavina sinna. Rekstur skammtímaleiguhúsnæðis getur verið ansi tímafrekur og krefst töluverðra fórna og umtalsverðrar skipulagningar af hálfu leigusala. Það er ótal margt sem þarf að huga að þegar kemur að því að gera leigjanda ánægðan. Fyrir utan það að hafa íbúðina í toppstandi, tandurhreina og allt aðgengi með besta móti þegar nýr leigjandi bankar upp á, þá þarf leigusali að vera til taks til að taka á móti leigjendum og vera auk þess reiðubúinn til að leysa úr hinum ýmsu vandamálum sem upp geta komið á öllum tímum sólarhrings. Samhliða fullri vinnu og fjölskyldu getur þetta verið ansi þungur baggi fyrir leigusala að takast á við. Dekura býður upp

á heildarþjónustu sem tekur á öllu því sem viðkemur rekstri á eignum í skammtímaleigu, allt frá þrífum upp í alhliða umsjón eignanna. Þá sér Dekura um öll samskipti við gesti auk þess sem allt lín, handklæði og annað sem þarf að vera til staðar fyrir gesti meðan á dvöl stendur er innifalið í heildarþjónustu félagsins.

Með aðstoð Dekura getur leigusali tekið á móti töluvert fleiri viðskiptavinum en ella og fengið betri umsagnir, sem eykur samstundis verðgildi íbúðarinnar og leigutekjurnar sem af henni koma. Hjá fyrirtækinu starfa í dag 12 manns sem sjá um hin ýmsu verkefni og státar Dekura sig af einu færasta þrífnaðarteymi í bransanum. Auk þess starfrækir Dekura fullbúið þvottahús í höfuðstöðvum sínum við Skólavörðustíg. Eftir fjögur ár í þessum rekstri vita starfsmenn Dekura hvað til þarf til að uppfylla gæðakröfur ferðamanna og hvernig hámarka má nýtingu leiguhúsnæðis.

Þar sem nú er orðið heimilt að leigja út eign sína í allt að 90 daga á ári þá færast sífellt í aukana að fólk nýti sér þá heimild til að fjármagna að hluta til eða fullu sumarfrí sin.

Nú fer að ganga í garð aðal ferðatímabil ársins og því er gott að vera tímanlega í skipulagningu á útleigu húsnæðis fyrir þau sem á það hyggja.




Eins og alþjóð veit er íslenska karlalandsliðið á leiðinni á sitt annað stórmót og því lag að leigja út hýbýli sín á meðan til þess að létta undir eða jafnvel greiða fyrir friið.

Dekura er í nánu samstarfi við teymi sérfræðinga í leyfismálum og aðstoðar viðskiptavinum sína við að fá þau leyfi sem þarf, viðskiptavininum

að kostnaðarlausu, hvort sem um er að ræða 90 daga leyfi eða fullgilt gistileyfi.

Til þess að panta þjónustu frá Dekura má hafa samband í gegnum vefsíðu fyrirtækisins <https://dekura.is> eða senda póst á netfangið dekura@dekura.is.



MÖGNUM NÝJUNG FRÁ WEBER:

Pulse 2000 er nýr valkostur fyrir sumarið

Weber Pulse 2000 er frábær nýjung frá einum þekktasta og vinsælasta grillframleiðanda heims, Weber. Hér er um að ræða rafmagnsgrill sem varðveitir frábært grillbragð og gengur fyrir umhverfsvænni orku. Núna er alls staðar hægt að grilla þar sem þú kemst í rafmagn.

Weber Pulse hefur innbyggða iGrill tækni, iGrill app og stafrænan hitamæli. Þú hleður appinu niður á snjallsímann þinn og tengir hann við þræði sem liggja út úr grillinu. Appið veitir þér rauntímaupplýsingar um hitann á kjötinu og eldunartíma, hver staðan er á kjötinu og svo framvegis. Enn fremur veitir það upplýsingar á borð við æskilegan hita.

Tvö hitaelement sjá um steikinguna á krásunum og tryggja að hitinn helst alltaf stöðugur.

Ekki spillir fyrir að Pulse 2000 er meðfærilegt og einkar smekklegt í útliti. Það fer því afskaplega vel á svölunum eða veröndinni.

Helstu eiginleikar:

- Rafmagnsgrill
- 2,2 KW / 230 V
- Postulins-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni
- Grillflötur: 49 x 39 cm
- Tvö hitasvæði
- Innbyggt iGrill, allt að 4 hitaþræðir, 2 fylgja
- Stafrænn LED hitamælir

Heildar utanmál með lok opið/lokað og borð útrétt:

- 146cm/107cm x 112cm x 76cm/65cm (HxBxD)
- Niðurfellanlegt hliðarborð á hjólavagni
- 3 áhaldakrókar á vagni
- Álbakki fyrir fitu
- Litur á loki: svart

Weber grill í næstum sjö áratugi

Weber grill eru yfirburðavara á markaðnum. Þau hafa verið framleidd síðan árið 1952 og hafa orð á sér fyrir frábæra endingu sem kemur sér afar vel í rýsjóttri íslenski veðráttu. Auk þess að viðhalda áfram sömu gæðunum er Weber sífellt að þróa nýjungar, nokkuð sem Weber Pulse 2000 er glæsilegt dæmi um.

Á vefsíðunni weber.is er að finna ítarlegar upplýsingar um Weber grill, aukahluti, verð, sölustaði – að ógleymdum góðum ráðum fyrir grillmatreiðsluna.



Hjá Smára Hólmi

PROLAN

PROTECTIVE LANOLIN



Undraefnið Prolan Medium heldur grillinu hreinu og ryðlausu

Petta virkar mjög vel á grillið með því að nota Scaldia hreingerningarsvamp, sem flestir kannast við og er til á nær öllum heimilum, hann er oftast gulur öðrum megin og grænn hinum megin. Þú úðar yfir grillið og lætur standa í dálítinn tíma. Síðan nuddar þú með mýkri hlið svampsins yfir og þá fara burtu öll óhreinindi, ryðið og liturinn. Síðan er bara þurrkað yfir með hreinum klút. Þetta kemur í veg fyrir að grillið ryðgi yfirhöfuð, það falli á það og þess háttar. Takkarnir verða ekki fastir, en það er vandamál sem flestir grilleigendur hafa margir kynnst, því takkar á gasgrillum festast oft.

Þetta segir Smári Hólm, umboðsaðili fyrir Prolan á Íslandi, en Prolan Medium er sannkallaði undraefni á útigrill og stuðlar að því að grillið heldur upphaflegu útliti sínu og er áfram þrýði á veröndinni eða svölunum, í stað þess að verða að ljótum, ryðguðum klumpi eins og því miður er alltof algengt.

„Það er óhætt að segja að Prolan Medium sparar eigendum útigrilla mikil vandræði og vesen,“ segir Smári. Hann tekur hins vegar fram að Prolan

Medium hentar ekki til að þrifa sjálfa grindina undir matnum, þar skal beita hefðbundnum aðferðum.

Smári Hólm er einn helsti sérfræðingur landsins í ryðvörnum og rekur ryðvarnaverksæði að Rauðhelli 1 þar sem hann ryðver bíla eftir kúnstarinnar reglum. Í gegnum þetta starf kynntist hann undraefninu Prolan sem hefur gífurlega sterk forvarnaráhrif á þá fleti sem það er borið á.

Prolan-vörurnar eru fjölbreyttar, allt eftir því á hvers konar hluti þær eru notaðar, en eins og fyrr segir er varan sem notuð er á útigrillin Prolan Medium, sem er í úðaformi. Auðvelt er að úða vökvanum úr brúsanum og hann dreifist vel. Fyrir utan að henta vel á útigrillin virkar varan vel sem smurefni fyrir verkfæri og ýmsa hreyfanlega hluti.

Á vefsíðunni prolan.is er að finna ítarlegar upplýsingar um Prolan, sérstaklega undir efnisflokknum Vörur. Prolan er selt mjög víða en á prolan.is undir efnisflokknum Söluastaðir/Pantanir er ítarlegt yfirlit yfir alla söluaðila Prolan.



Fólk vill handsmíðaða skartgripi

Georg V. Hannah er eitt elsta fyrirtæki Keflavíkur en þessi úra- og skartgripaverslun var stofnuð árið 1968 og er staðsett að Hafnargötu 49 í Keflavík. Georg V. Hannah er úrsmiður og lét nýlega af störfum, en sonur hans, gullsmiðurinn Eggert Hannah, hefur tekið við rekstrinum. Georg V. Hannah býður meðal annars upp á frábært úrval af erlendum gæðaúrum á stóru verðbili og íslenska skartgripahönnun þar sem fagaður still Eggerts nýtur sín.

Eggert Hannah smíðar skartgripi bæði eftir eigin hugmyndum og útfærslu af hugmyndum viðskiptavina „Foreldrar mínir eru nýhættir og ég er nýbúinn að kaupa reksturinn. Pabbi er úrsmiður og ég er gullsmiður. Það passar mjög vel saman að hafa hvort tveggja. Ég einbeiti mér núna að úrum og skartgripum en er búinn að losa mig við gjafavöruna sem ég var með. Það er betra fyrir mig að einbeita mér að aðeins minna fyrirtæki,” segir Eggert.

Eggert leggur sífellt meiri áherslu á eigin hönnun en hann hannar mjög fjölbreytta skartgripi, stundum út frá eigin grunnhugmyndum og stundum í samvinnu við viðskiptavini þar sem hann útfærir þeirra hugmyndir og óskir. „Það er alltaf að aukast eftirspurnin eftir handsmíðuðu og ég kappkosta að uppfylla hana. Innfluttar vörur eru enn í meirihluta í versluninni en handsmíðaðir gripir sækja sífellt á.”

Mikið úrval er af fallegum úrum í versluninni undir gæðamerkjum, t.d.



Tissot, Raymond Weil, Hugo Boss, Daniel Wellington og Orient. Einnig er hægt að fá úrin frá JS Watch Reykjavík í versluninni, en þau eru íslensk hönnun og sett saman á Íslandi.

Eggert er líka með öflugan viðgerðarþjónustu á staðnum. Hann hefur boðið upp á handsmíðaða skartgripi í 25 ár og státar af mikilli reynslu, þekkingu og færni. Meðal

annars handgrefur hann og setur í steina fyrir aðra gullsmíði og heldur árlega námskeið í handáletrun í Danmörku fyrir þarlenda gullsmíði.

Alhliða viðhalds-þjónusta bygginga

VIÐHALD OG KLÆÐNING EHF.


Viðhald og klæðning er nýtt fyrirtæki á sviði bygginga- og viðhaldsþjónustu. Fyrirtækið sinnir mjög víðtækri þjónustu á þessu sviði og leggur mikla áherslu á fagmennsku og framúrskarandi vinnubrögð. Viðhald og klæðning sinnir meðal annars eftirfarandi verkþáttum:

- Þök og veggir þéttir, múr- og steypuviðgerðir
- Hitakaplar og rör lögð í tröppur
- Þök og veggir málaðir
- Veggir steinaðir
- Þök endurnýjuð
- Veggir klæddir
- Einangrun
- Þakrennukerfi sett upp
- Gólf flotuð
- Flísalagnir, úti sem inni
- Hellulagnir
- Endurnýjun svala, steypar svalir fjarlægðar og léttar málmprófil- og plexiglersvalir

- settar upp í staðinn
- Svölum lokað með rennihurðum
- Skipt um hurðir, glugga og gler, timbur eða PVC
- Jafnframt vinnur Viðhald og klæðning við allar gerðir nýbygginga og kemur þá með sína verkþætti inn í stærri verkefni. Fyrirtækið er staðsett á höfuðborgarsvæðinu en tekur að sér verkefni um allt land, stór og smá.

Netfang: murogsteypa@gmail.com
Símanúmer: **783 8866 og 763 1397**





BÍLRÚÐUMEISTARINN:

Allt á einum stað þegar skipta þarf um rúðu

Þegar bílrúða brotnar eða fær á sig sprungu er gott að hringja í Bílrúðumeistarann, Dalvegi 18, Kópavogi, í síma 571-1133, og panta tíma. Eftir það er séð um allt sem á að gera á einum stað, hratt og örugglega. „Það fer rafræn sending frá okkur á tryggingafélagið þannig að viðskiptavinurinn þarf aldrei að vera í neinu sambandi við það frekar en

hann vill. Það er mikilvægt að þetta sé ekki flókið fyrir viðskiptavininn. Hann geti bara hringt í eitt númer og síðan sé gengið frá öllu á einum stað,“ segir Páll Gunnlaugsson, eigandi Bílrúðumeistarans.

Páll er lærdur bifreiðasmíðameistari og það er góð tilfinning fyrir viðskiptavinum að vita af rúðusetningunni í höndum faglærðs og þrautreynds manns.

Páll hefur starfað við rúðusetningar allt frá ári 2001, en hann stofnaði Bílrúðumeistarann árið 2011. Hefur verið mikill vöxtur í viðskiptunum vegna góðrar þjónustu að sögn Páls.

Upprunagæði á ísettu gleri – Hægt að nota plástra og sleppa við rúðuskípti við minniháttar skemmdir
„Ég legg áherslu á að nota gler sem

er af sömu gæðum og upprunalega glerið í bílum og því getur bileigandinn treyst því að fá jafngóða rúðu og var upphaflega,“ segir Páll,

En eru rúðubrot í bílum algeng?

„Það er ótrúlega mikið um rúðubrot. Algengast er að eitthvað komi í rúðuna, steinn sem skemmir hana og ef hún brotnar ekki strax þá klárar frostið og hitabreytingarnar verkið. En ef fólk nýtir sér þessa plástra sem bæði eru í boði hjá mér og tryggingafélagunum, þá eru þeir settir yfir skemmdina strax, bileigandinn kemur síðan með bílinn til mín og ég get fyllt upp í skemmdina án þess að það þurfi að skipta um rúðu. Þetta er auðvitað miklu ódýrari kostur og getur gengið ef skemmdin er á lítt áberandi stað á rúðunni, utan sjónsviðs ökumanns. Auk minni kostnaðar þarf eigandinn þá ekki að greiða fyrir neina sjálfsáhættu.“

Biðtími frá því hringt er í 571-1133 vegna rúðubrots er vanalega 1-2 dagar.

Páll segir að rúðubrot vegna skemmdarverka séu sjaldgæfari en það sem hann kallar, rúðubrot af eðlilegum ástæðum. Skemmdarverk ganga þó oft í bylgjum og stundum verði mörg rúðubrot á stuttum tíma vegna skemmdarverkafaraldurs.

Þess má geta að Páll er fljótur að leysa þau algengu vandamál þegar hliðarrúður festast í upphöllum. Þá er hægt að koma með bílinn beint í Bílrúðumeistarann sem losar rúðuna og skiptir um upphalarann. Að sögn Páls eru þessi vandamál algeng þegar byrjar að frjósa á veturna.



Skemmtilegu, klassísku tómstundaborðin sem henta vel í sumarbústaðinn og inn á hvert heimili

Eitt það jákvæðasta sem fólk sér við þessi tæki er að þau fá krakkana frá tölvuskjánum og til að hreyfa sig,“ segir Sigurður Valur Sverrisson, eigandi verslunarinnar Pingpong.is en þar er mikið úrval af klassískum tómstundatækjum, til dæmis billjardborð, borðtennisborð, pilukastsvörur, fótboltaspil og þyðhokkiborð. Mörg af þessum tækjum henta vel í bílskúrinn eða sumarbústaðinn og þeim fylgir allt sem þarf til að stunda þessa leiki, svo sem spaðar og kjuðar.

Ein afar vinsæl græja í Pinpong.is er hinn stórskemmtilegi Borðtennisvinur (Buddy), tæki sem dælir borðtenniskúlum út úr sér. Kostar aðeins 28.500 kr.

„Billjardinn er vinsælastur hjá mér núna en ég er með gott úrval af billjardborðum, meðal annars meðfæri-

leg borð sem henta í heimahús og eru góðar fermingargjafir. Ég er til dæmis með sex feta eða 180 cm. billjardborð sem hægt er að reisa upp að vegg þegar það er ekki í notkun og því fylgir líka borðtennisplata, þannig að þetta er sambyggð billjard- og borðtennisgræja. Settinu fylgir allt sem þarf, til dæmis billjardkjuðar og borðtennispaðar. Þessi græja kostar 73.000 krónur,“ segir Sigurður.

Pingpong.is er með toppmerki í billjardvörnum, til dæmis Riley og Buffalo.

Pilukast er afar vinsæll leikur sem hefur verið að sækja mjög í sig veðrið aftur á undanförunum árum. Pingpong.is er með pilukastsskífur frá hinum þekktu framleiðanda Unicorn. Pilukastsskífur eru fyrirferðarlitlar og auðvelt að festa upp í heimahúsum en Pingpong.is býður líka upp á

frístandandi skífur sem ekki þarf að festa á vegg. Pilukastssettin (spjald og pilur) kosta á bilinu 12-30 þúsund krónur. Borðtennisborð og meðfylgjandi sett kosta síðan á bilinu 50 til 140 þúsund.

Gömlu fótboltaspilin með stöngunum eru sigild og njóta enn mikilla vinsælda.

„Pingpong er með mjög breytt úrval af borðtennisvörum sem henta fyrir jafnt byrjendur sem keppnisfólk en flest keppnisfólk hér á landi kaupir spaðana sína í Pingpong.is enda erum við með mjög góð og þekkt merki – Butterfly, STIGA, DHS og JOOLA.“

Pingpong.is hefur starfað í yfir 30 ár og hefur þann tíma ávallt lagt áherslu á að hafa allt fánlegt



sem þarf í félagsmiðstöðvar. Félagsmiðstöðvarnar eru góðir kunnar verslunarinnar og kunna jafnframt vel að meta það sem þar er á boðstólum og ekki síður þjónustuna, en hægt er að fá varahluti í þau tæki sem bíla, til dæmis stangir í fótboltaspilin og ef kúlan tynist færð þú nýja í Pingpong.is. Það er líka hægt að fá nýjan dúk á billjardborðið og margt fleira sem kann að slitna og skemmast eftir mikla notkun.

Pingpong.is er til húsa að Síðumúla 35 (gengið inn að aftanverðu). Verslunin er opin virka daga frá kl. 12.30 til 18. Símanúmer er 568-3920 og netfang pingpong@pingpong.is. Vefsíða er á slóðinni pingpong.is.

Skalli býr til sinn eigin ís sem þú færð hvergi annars staðar

Við gerum ísinn sjálfir, bæði í Ögurhvarfi og á Selfossi, og það er enginn með þennan ís nema við. Við erum með alvöru rjómais, mjög góðan, og síðan erum við með þennan gamla, kalda ís, sem er vatnskenndur, en hann er mjög vinsæll hjá unga fólkinu," segir Jón Magnússon, eigandi Skalla í Ögurhvarfi.

Ísinn hefur ávallt verið aðalsmerki Skalla og stendur alltaf fyrir sínu og nýtur alltaf jafnmikilla vinsælda. „Ef það bara rétt glittir í sólina þá bókstaflega fyllist allt hérna, sólin fyllir alla lífsgleði og allir vilja fá sér ís," segir Atli Jónsson, sonur Jóns Magnússonar. Þeir feðgar reka Skalla í Ögurhvarfi. Skalli er líka á Selfossi, þar eru aðrir eigendur en náið samstarf er á milli staðanna og á Selfossi er sami góði Skallaísinn einnig búinn til frá grunni á staðnum.

Skalli er líka vinsæll vegna mikils úrvals góðra skyndirétta og er í senn veitingastaður og ísbúð. Íssalan tekur mikinn kipp á sumrin, ekki sist ef sést til sólar, eins og fyrr segir. Girnilegur, fjölbreyttur og ferskur nammibar spillir þar ekki fyrir.

Skalli á sér langa sögu og hóf starfsemi sem sjoppa og ísbúð í Lækjargötu árið 1973. Það voru í raun nemendur í Menntaskólanum í Reykjavík sem gáfu staðnum nafn:

„Í Lækjargötu var sjoppa áður en Skalli var opnaður en hana rak sköllóttur maður. Menntaskólakrakkarnir töluðu um að kíkja á skalla þegar þeir fóru í þá sjoppu og þar með varð nafnið til," segir Atli.

Eins og mörg góð fyrirtæki hvílir Skalli á gömlum grunni en þróast jafnframt í takt við tímann og er sívinsæll. Sem fyrr segir er Skalli á tveimur stöðum, í Ögurhvarfi 2 í Kópavogi og á Austurvegi 6 á Selfossi.

Á báðum stöðunum er ísinn aðalsmerkið en fjölbreytt úrval góðra skyndibita nýtur einnig mikilla vinsælda.



Mynd: © 365 ehf / Stefán Karlsson



GILBERT ÚRSMÍÐUR OG JS WATCH COMPANY:

Svona er HM-úrið

JS Watch Company Reykjavík og Gilbert úrsmíður hafa unnið unnið í samvinnu við strákana í íslenska landsliðinu í fótbolta að hönnun sérstaks HM-úrs, WORLD CUP MMXVIII eins og það heitir. Fyrir úrslitakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu 2016 var hannað sérstakt EM-úr í samstarfi við strákana í landsliðinu. Það var gert með góðum árangri og þegar ljóst var að Ísland yrði með í úrslitakeppni heimsmeistararamótsins í Rússlandi í sumar óskaði fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson fyrir hönd strákanna í landsliðinu eftir því að búin yrði til ný útgáfa af úri og nú í tengslum við HM. EM-úrið var framleitt í 100 númeruðum eintökum og seldist mjög fljótt upp, en HM-úrið er framleitt í 300 númeruðum eintökum og er sala á úrunum nú í fullum gangi.

Hönnunin á úrinu er full af litlum smáatriðum sem tengjast landsliðinu og eru til dæmis tölurnar frá einum og upp í ellefu silfraðar. Þær tákna leikmennina. Tólfan, tölustafurinn 12 á skífunni, er rauð og táknar áhorfendur eða stuðningsmenn, 12. leikmanninn. Skífan er silfurhvít með blá mínútuþrik upp í 45 en síðustu 15 mínúturnar eru afmarkaðar með rauðum strikum og á því svæði hringsins stendur „HALF TIME“ með vísun í leiktímann. Sekúnduvísirinn á úrinu er svo blár og í laginu eins og víkingaspjót. Á botninum á skífunni stendur ritað „FYRIR ÍSLAND“ og fyrir neðan miðju er nafn úrsins, WORLD CUP MMXVIII, þar sem R-ið snýr öfugt til marks um það að keppnin fer fram í Rússlandi. Á bakhliðinni stendur nafn framleiðandans, nafn úrsins og „VAR

ÞAÐ EKKI“ til að minna á fagnaðarsöng landsliðsins eftir sigurleiki. Fyrstu 30 númerin eru frátekin fyrir landsliðshópinn.

JS Watch co. Reykjavík-úrin eru íslensk frá grunni. Þau eru hönnuð á teiknaborði JS hér heima á Íslandi. Allir ihlutir úrsins eru síðan sérframleiddir eftir þeirra hönnun í mörgum, sérhæfðum verksmiðjum í Þýskalandi og Sviss og síðan settir saman hér á landi undir ströngu gæðaeftirliti Gilberts Ó. Guðjónssonar úrsmíðameistara sem nýtir áralanga þekkingu og reynslu sína af úrsmíði til að tryggja að hvert og eitt úr standist ströngu-ustu kröfur.

Frá upphafi framleiðslunnar hefur verið leitast við að sameina glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armbönd. Vönduð úr eru

munaðarvara og fylgihlutir sem bæði karlmenn og kvenmenn njóta þess að velja, bera og eiga. En úr er ekki bara skartgripur. Það er nytjahlutur sem hjálpar okkur að gegna skyldum okkar, halda loford og skapa góðar minningar.

Fágæti úrana ásamt því að vera framleidd í hæsta gæðaflokki er það sem gerir þau eftirsóknarverð, en á skífu allra úrana stendur Reykjavík. Það ásamt, vönduðu verki, framleiðslu og sígildu útliti gerir úrin fágæt og einstök.

Úrvalið hefur aldrei verið meira en nánari upplýsingar um úrin og hönnunina má finna á vefsíðunni www.gilbert.is.

Gilbert úrsmíður, Laugavegi 62, sími: 551-4100.

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Skagafjörður

15. júní 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sværissón / agustb@dv.is



SÓLGARÐAR Í FLJÓTUM:

Fjölskylduvæn paradís í falletlegri sveit

Áð Sölgörðum í Fljótum reka hjónin Kristín Sigurrós Einarsdóttir og Alfreð Gestur Simonarson ferðapjónustu annað sumarið í röð og er opið til 1. september næstkomandi.

„Ég er svæðisleiðsögumaður og Alfreð er alinn hér upp á næsta bæ, þannig að við erum tengd staðnum,“ segir Kristín, aðspurð af hverju þau völdu að fara í ferðapjónustuna. „Við vorum laus við þegar þetta tækifæri gafst í fyrra og það var frábært að fá tækifæri að dvelja í þessari sveit sem okkur hefur alltaf dremmt um að flytja aftur í.“

Gisting er í boði fyrir 19 manns í einu í uppþúnum rúmum, hægt er að taka á móti fleirum á dýnum þegar hópar dvelja í húsinu og einnig geta hópar fengið að tjalda eða gista í ferðavögnum. Á Sölgörðum eru oft haldin litil ættarmót eða afmæli og þar dvelja gjarnan hestamanna- og gönguhópar, svo eitthvað sé nefnt.

„Við sjáum einnig um sundlaug sem er hér á staðnum. Hún er opin fyrir almenning sex daga vikunnar, þetta er ekta gömul sveitasundlaug, heit og notaleg,“ segir Kristín.

„Við reukum einnig Kaffihús Guðrúnar frá Lundu og það hefur verið mjög vinsælt. Í fyrra buðum við upp á vöflur en við viljum gera meira úr kaffihúsinu núna í sumar. Nú erum við búnin að innrétta það í gömlum stíl og bjóðum upp á súpu, vöflur, kaffi, ís, kalda drykki og sælgæti. Svo er aldrei að vita nema eitthvað bætist við úrvalið þegar líður á sumarið.“

Kristín býður upp á ferðir með leiðsögn, bæði göngu- og rútuferðir. „Þá hef ég meðal annars farið á slóðir Guðrúnar frá Lundu. Í fyrra opnuðum við Marín

Guðrún Hrafnadóttir, langömmubarn Guðrúnar, sýningu um hana á Sauðárkróki. Farið hefur verið með sýninguna um landið og verður hún á Amtsbókasafninu á Akureyri í júní og júlí og síðan á Egilsstöðum og í Keflavík,“ segir Kristín. Eins og alþekkt er þá hafa bækur Guðrúnar notið mikilla vinsælda undanfarið og fást þær á kaffihúsinu, bæði nýjar og notaðar. Einnig fást þar svuntur og taupokar með tilvitnunum úr bókum Guðrúnar.

„Í sumar er stefnan að bjóða upp á litla viðburði, tónleika og fjölskyldudag, Fjölskyldufjör í Fljótum, og er stefnt að því að það verði sunnudaginn 23. júlí. Þá verðum við með hoppukastala, andlitsmálingu, grill, leiki og fleira. Við prófuðum þetta í fyrra og það mæltist mjög vel fyrir. Einnig er hægt að horfa á boltann hjá okkur, meðal annars leikina á HM.“

Sölgarður er friðsæll og fjölskylduvænn staður, þar er mjög skjólsælt og stutt milli fjalls og fjöru. Fljótin eru þekkt fyrir fallett landslag og eru tilvalinn áningarstaður fyrir náttúruunnendur. Góð aðstaða er fyrir börn á Sölgörðum, afgirtur leikvöllur, hægt að grilla og borða nesti og mikið af leikföngum á staðnum. Um 30 kílómetrar eru bæði til Hofsóss og Siglufjarðar, en Sölgarðar eru þar mitt á milli á Tröllaskagahringnum svokallaða, sem er orðinn mjög vinsæll hjá bæði íslenskum og erlendum ferðamönnum.

Sölgarðar eru við veg nr. 787, Flókadalsveg í Fljótum, síminn er 867-3164, netfangið er gagnvegur@gmail.com. Facebook: Sölgarðar í Fljótum.

Opið alla virka daga, nema þriðjudaga, kl. 15–21. Um helgar er opið kl. 12–17.





GÆÐINGUR:

Ölbrugghús sem býður upp á spennandi bjór með karakter

Við byrjuðum hér í aflögðu útihúsi í Skagafirði árið 2011. Vorum fyrst með tvær tegundir í flösku en síðan fjölgaði tegundum mikið.

Við vorum svo sem ekki að finna upp hjólið því tvö önnur kraftbrugghús, Kaldi og Ölvisholt, voru fyrir á markaðnum. Við fórum sömu leið og þeir, við sóttum inn á markaðinn ekki undir þeim formerkjum að við værum að höfða til sem flestra heldur að við værum að bjóða upp á eitthvað öðruvísi – viðbót við markaðinn. Þetta einkennist af dálitlum nördaskap og nýjum stílum,” segir Árni Halldórsson Hafstað, stofnandi og eigandi brugghússins Gæðings.

Gæðingur er með bruggværksmiðju í Útvík, rétt fyrir utan Sauðárkrók, en síðar í sumar verður opnuð ný verksmiðja í Kópavogi. Mun Gæðingur eftir það starfa á báðum stöðunum en meiri þungi verður í starfseminni í Kópavogi og því ekkert nema léttleikinn fyrir norðan.

En hvað er eiginlega kraftbjór? „Skilgreiningin á kraftbjór er snúin og margbrotin en það er í sjálfu sér ekki eðlismunur á kraftbjór og öðrum bjór. Kraftbjór er hins vegar framleiddur í miklu minna magni, hann er meira handgerður; minna staðlaður (og hann er ekki alltaf eins á bragðið). Hann er yfirleitt bragðmeiri og með ríkari karakter en hefðbundinn bjór. Kraftbjór er fyrir þá sem vilja fá dálitla ögrun. Vel gerður kraftbjór er besti bjór sem þú getur bragðað en að sama skapi er ekkert verra enn illa gerður kraftbjór,” segir Árni.

Gæðingur selur afurðir sínar bæði á kútum og dósnum. Árni segist hafa fundið fyrir því á sínum tíma að erfitt var að komast með kútana að á börum höfuðborgarinnar sem flestir voru skuldbundnir stóru framleiðendunum. Þess vegna opnaði hann MicroBar sem er athvarf fyrir íslenskan kraftbjór og fyrir þá sem hans vilja njóta. MicroBar er núna til húsa að Vesturgötu 2, í kjallaranum undir Restaurant Reykjavík.

Samhliða brugghúsinu á Nýbýlavegi í Kópavogi verður opnaður þar annar MicroBar, sem mun tengjast Gæðingi óslítanlegum taumum. Þá verður nú gott að búa í Kópavogi.

„Íslenskum kraftbjórframleiðendum hefur fjölgað mjög mikið og við reynum að vera með afurðir frá þeim öllum á MicroBar,” segir Árni.

Sjá nánar á vefsíðunni gaedingur-ol.is og Facebook-síðunni Microbar.





BAKKAFLÖT:

Fjölbreytt ferða- þjónusta í Skagafirði

Ferðaþjónustan Bakkaföt var stofnuð af hjónunum Klöru Sólveigu Jónsdóttur og Sigurði Friðrikssyni árið 1987. Þar er gisting í boði sem er opin allt árið, alls um 30 gistirými, og tjaldstæði. Á sumrin er boðið upp á fljótasiglingar sem hefur verið vinsæll afþreyingarmöguleiki en byrjað var að bjóða upp á þær árið 1994 frá Bakkaföt.

„Það koma margir skólahópar til okkar á vorin,“ segir Finnur Sigurðarson, þessir hópar eru í mat og gistingu ásamt því að fara í fjölbreytta afþreyingarpakka, þar á meðal rafting í Vestari-Jökulsá, paintball, kajakferðir, Wipeout-garðinn, klettaklifur, hestaferð og í heimsókn út á skotsvæði Ósmanns.

Við byrjum að sigla 1. maí og erum að til enda september. Eftir að skólahópaferðunum lýkur í byrjun júní tekur við almenn aðsókn túrista í gistingu, mat og að sjálfsögðu í fljóta-siglingarnar.

River rafting – tvær leiðir í boði

Austari-Jökulsá: Frábær ferð sem er niður eina af topp rafting-ám í Evrópu að talið er. Ferð þar sem áhöfnin þarf að róa töluvert og gott að fólk sé nokkuð vel á sig komið til að fara þessa ferð. Eftir að allir eru komnir í gallana er ekin um 45 mínútna leið inn að Skatastöðum í Austurdal þar sem farið er út í eftir að búið er að fara vandlega yfir öll öryggisatriði. Siglingin niður ána tekur um tvo og hálfan tíma með stoppum, en þar er stoppað við flúð sem er kölluð Græna herbergið og þar næst við stökkklettinn sem er um átta metra há. Ferðin endar í Villinganesi þar sem heit kjötsúpa bíður á bakkannum. Aldurstakmark í þessa ferð er 18 ár.

Vestari-Jökulsá: Farið er út í við Goðdali í Vesturdal. Frá því að farið er út í tekur siglingin um 1,5 klukkustundir með stoppi við heita uppsprettu þar sem um 80°C heitt vatn flæðir



ofan í kalda Jökulsána. Þar er boðið upp á heitt kakó. Næst er stoppað við stökkklettinn sem er um fjögurra metra há. Ferðin endar á sama stað og ferðin í Austari-Jökulsá, þar sem þær hafa sameinast skömmu fyrir upptökustaðinn.

Innifalið er svo að fara í heita potta og litla sundlaug sem eru á staðnum.

Það er nauðsynlegt eftir svona sull og eru langflestir sem nýta sér það.

Bakkaföt er 11 km. innan við Varmahlíð á vegi nr. 752. Símanúmer: 453-8245. Netfang: bakkaflot@bakkaflot.is Heimasiða: www.bakkaflot.is Facebook-síða: Bakkaföt Travel Service.



SAMGÖNGUMINJASAFNIÐ Í STÓRAGERÐI:

Minjar um samgöngusögu Íslendinga varðveittar

Hjónin Gunnar Kr. Þórðarson bifvélavirkjameistari og Sólveig Jónasdóttir grunnskólakennari eiga og reka Samgönguminjasafnið í Stóragerði við Hófsós. Safnið var opnað formlega þann 26. júní 2004 þegar opnuð var 600 fermetra skemma með lítilli gestamóttöku.

„Þetta er fjórtánda sumarið okkar og safnið hefur verið í stöðugri uppbyggingu alla tíð,“ segir Sigríður I. Garðarsdóttir, tengdadóttir þeirra hjóna.

Gunnar byrjaði að safna samgönguminjum mjög ungur og henti aldrei neinu. Hann byrjaði að gera upp bíla um 1980 og er búinn að gera

upp nokkra bíla af þeim sem eru á safninu. „Þeir vekja eftirtekt bílarnir sem hann hefur gert upp.“

Safnið var fyrst aðeins einkasafn, en þáverandi sveitarstjóri Skagafjarðar hvatti Gunnar til að opna safnið fyrir almenningi. Á þeim fjórtán árum sem safnið hefur verið opið hefur það stækkað að umfangi og byrjað var á því árið 2010 að stækka salinn, um 800 fermetra, og var því lokið að fullu árið 2013.

Í dag eru um 100 tæki til sýnis í salnum og um 200 bílar og tæki fyrir utan safnið. „Við erum með bíla, vélsleða, mótokrosshjól, dráttarvélar, flugbyt, rútur, strætó og í raun alls

konar,“ segir Sigríður.

„Síðastliðin ár höfum við verið ótrúlega heppin með það að fólk gefur okkur tæki í toppstandi sem það vill að við varðveitum áfram.“

Safnið er opið yfir sumartímamann fyrir almenning. „Því miður er ekki hægt að hafa opið allt árið því við eigum svo mikið af tækjum að sum standa úti á sumrin, því þurfum við að pakka öllu inn yfir veturinn,“ segir Sigríður.

Formlegur opnunartími Samgönguminjasafnsins er 1. júní til 30. september og er opið alla daga frá kl. 11–18. Nokkrum sinnum yfir sumarið er veglegt kaffihlaðborð sem er vel

sótt af heimamönnum, sem og gestum. „Næst er það 1. júlí næstkomandi og á sama tíma er bæjarhátíð á Hófsósi sem er aðeins 12 kílómetrum frá safninu.“

Samgönguminjasafn Skagafjarðar er að Stóragerði við Hófsós, síminn er 845-7400.

Opnunartími er 1. júní til 30. september, alla daga frá kl. 13–18.

Utan þess tíma er opið fyrir hópa samkvæmt samkomulagi.

Heimasíða: storagerdi.is og Facebook-síða: Samgönguminjasafnið í Stóragerði.



BREKKUKOT:

Heimili að heiman í sveitasælu Skagafjarðar

Brekkukot er sannkallaður sælureitur í sveit, gististaður með mikla sérstöðu. Húsið er staðsett skammt frá Þjóðvegi eitt, í Akrahreppi í Skagafirði. Stórkostlegt útsýni er yfir nálægar sveitir, fjöll, Drangey og söguslóðir í héraðinu.

Brekkukot er heimili Auðar Herðis- ar Sigurðardóttur og leigist út í heild sinni. Hefur hún hugsað þennan kost sem eins konar heimili að heiman, athvarf fyrir fólk til að komast burtu, dvelja í kyrrð og náttúrufergurð, en við

mjög heimilislegar aðstæður.

Þetta er fullbúið og afar smekklegt 133 fermetra einbýlishús með þremur svefnherbergjum. Það tekur því allt að tíu manns í gistingu og hentar sérlega vel fyrir um 6 til 8 manna hópa, til dæmis vinahópa eða fjölskyldur.

Innifalið í verði er grunnur að morgunmat fyrsta daginn og auk þess ásett lín á rúm (ekki dýnur) handklæði, hreinlætisvörur á baði, í eldhúsi og þvottahúsi ásamt þrifum á húsnæði á brottfarardegi.

Ýmis þægindi fylgja húsinu, til dæmis þvottavél og þurrkari ásamt aukasturtu og aukasalerni. Þráðlaust net er á staðnum, sjónvarp og Blue Ray-spilari.

Brekkukot er kjörinn staður fyrir þá sem vilja slaka á og njóta lífsins. Heiti potturinn fyrir utan húsið er svo rúmgóður að hann er í rauninni laug og þar er dásamlegt að slaka á í skagfirskri kvöldkyrrð.

Frábærar gönguleiðir eru allt í kringt og stutt í alls konar afþreyingu

og áhugaverðar stuttar ferðir, til dæmis að Hólum í Hjaltadal, til Hofsóss eða Sauðárkróks.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni brekkukot561.is og á Facebook-síðunni Brekkukot. Fyrir bókanir eða fyrirspurnir er gott að senda skilaboð á netfangið herdis@brekkukot561.is eða hringja í síma 699-6102. Einnig er hægt að bóka beint á síðunni brekkukot561.is.





Kaffi Krókur og Ólafshús lifa góðu lífi á KK Restaurant

Sú var tíðin að aðalveitingahúsið á Sauðárkróki var Ólafshús. Enn eru margir sem spyrja um Ólafshús þegar þeir koma til bæjarins og vilja fá sér í svanginn. En andi og gæði Ólafshúss lifa á veitingastaðnum KK Restaurant, Aðalgötu 16; í raun var Ólafshús bara fært yfir götuna.

Hjónin Selma Hjörvarsdóttir og Tómas Árdal eru eigendur KK Restaurant og Selma útskýrir breytinguna svona: „Um áramótin 2015/2016 keyptum við veitingastaðinn Ólafshús, kaffihúsið Kaffi Krók og skemmtistaðinn Mælifell. Það var

ávallt markmið að færa Ólafshús yfir í húsnæði Kaffi Króks, enda stærra og betra húsnæði þar, og það gerðum við haustið 2016. Ólafshús hafði þá fest sig í sessi með góðum veitingum sem báru orðspor þess víða og við höfum kappkostað að viðhalda þeirri hefð. Ekki var hægt að kalla staðinn Kaffi Krók þar sem þetta er veitingastaður núna en ekki kaffihús og því kom upp nafnið KK Restaurant, einnig með hinn sívaxandi fjölda erlendra ferðamanna í huga.“

KK Restaurant er staðsett í húsi sem er í senn nýtt og gamalt: „Upprunalega húsið að Aðalgötu 16 er

eitt af elstu húsum bæjarins. Það brann hins vegar árið 2008 og var þá endurgert allt í sömu upprunalegu myndinni. Þetta er því nánast nýtt hús en á gömlum grunni,” segir Selma.

KK Restaurant býður upp á fjölbreyttan matseðil og mat við flestra hæfi, meðal annars ferskan fisk og lambkjöt. Grillmatseðillinn er áhuga-verður með kjúklinga- og beikonluku, humar- og rækjuluku, skemmtilegu úrvali af hamborgurum og fleiru. Þá er meðal annars að finna gott úrval af pastaréttum á matseðlinum. Sumir segjast hvergi fá betri pizzur en á KK

Restaurant.

Hægt er að fá heimsendan mat frá KK Restaurant í hádeginu og eru mörg fyrirtæki og einstaklingar sem nýta sér þann kost eða koma í hið margrómaða hádegishlaðborð sem er í boði alla virka daga.

Alhliða veisluþjónusta er einnig starfrækt, hvort heldur sem er á staðnum eða úti í bæ. Tveir veislusalir eru til afnota í húsinu.

Allar helstu upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.kkrestaurant.is.

ÁSKAFFI Í GLAUMBÆ:



Eins og sunnudagskaffi hjá ömmu eða mömmu

Á milli Varmahlíðar og Sauðárkróks er hinn merki kirkjustaður Glaumbær þar sem Byggðasafn Skagfirðinga hefur próað áhugavert safnasvæði í gegnum árin. Eitt af því sem gerir heimsókn í Glaumbæ fýsilega er heillandi kaffistofa sem ber heitið Áskaffi. Nánar tiltekið er Áskaffi staðsett í hinu merka húsi Áshúsi sem gefið var Byggðasafni Skagfirðinga árið 1988 og flutt þangað árið 1991 frá Ási í Hegrnesi. Áshús var byggt á árunum 1883–1886 en húsið er friðað og hefur því haldið upprunalegri mynd sinni

í gegnum allar viðgerðir, endurbætur og endurbyggingu.

Kaffistofa hefur verið rekin í Áshúsi frá árinu 1995. Núverandi rekstraraðili Áskaffis er Auður Herdís Sigurðardóttir en hún hefur lengi verið tengd staðnum. „Ég byrjaði að vinna á Áskaffi árið 1997 hjá Ásdísi Sigurjónsdóttur og Önnu Margréti Stefánsdóttur sem þá ráku kaffistofuna en tók við rekstrinum árið 2001. Mikið sem tíminn hefur liðið hratt, er það fyrsta sem mér dettur í hug þegar ég hugsa til allra áraanna hérna,” segir Herdís.

Áskaffi tekur 35–40 manns í sæti og Herdís og hennar starfsfólk kappkosta að gefa staðnum gæðþekkan og áberandi fortíðarblæ: „Við bjóðum upp á kaffihlaðborð alla sunnudaga frá kl. 15–17 og reynum að hafa þetta eins og hjá ömmu. Starfsfólkið er alltaf þrúðúið og uppáklætt og hér eru að sjálfsgöðu í boði rjómapönnukökur og heitt súkkulaði alla daga ásamt fleira góðgæti,” segir Herdís.

Fyrir utan þessar trakteringar eru fjölbreyttar aðrar veitingar í boði sem Herdís útbýr og bakar, til dæmis ekta lagkökur, kúmenkleinur, alls konar

tertúr, skyr með rjóma og bláberjum, að ógleymdri dýrindis sjávarréttasúpu með rúgbrauði.

Áskaffi býður líka upp á það að smakka ýmiss konar gamaldags mat undir heitinu Gamli diskurinn. Á honum eru bitar af reykum, söltum, þurrkuðum, kæstum og sýrðum mat, kjöti, fiski, brauði og skyri. Og bragðlaukarnir kætast.

Áskaffi er opið alla daga vikunnar frá kl. 10–18. Sjá nánar á Facebook-síðunni Áskaffi.

Veitingastofan Sólvík fullkomnar góða stund á Hofsósi

Þeir sem eiga leið um Skagafjörð í sumar ættu endilega að koma við á Hofsósi, fallegu litlu þorpi, þaðan sem stórkostlegt útsýni er yfir fjörðinn, Drangey og Þórðarhöfða. Fyrir utan að njóta náttúruferðarinnar er gaman að skoða hið einstaka og stórfróðlega Vesturfarasetur og það er líka tilvalið að bregða sér í margrómaða sundlauginn á staðnum.

Það er ekki síður gaman að snæða á Hofsósi, nánar tiltekið á veitingastaðnum Sólvík. Staðurinn hefur verið í rekstri í aldarfjórðung, meira og minna í höndum Dagmarar Ásdísar. Árið 2016 eignaðist Dagmar Ásdís (Dídi) ásamt sambýlismanni sínum, Ragnari Þór Jónssyni, Sólvík. Síðan þá hefur Ragnar tekið húsið í gegn að utan og er sannkölluð þryði af því eins og myndin ber með sér.

„Þetta er myndarhús og það mátti vel við andlitslyftingu,” segir Dagmar. Fyrir utan huggulegan veitingasal inni í húsinu býður Sólvík líka upp á veitingasvæði utandyra sem er vel þegið á góðviðrisdögum og er þá oft þétt setinn bekkurinn.

Meirihluti gesta í Sólvík er erlendir ferðamenn en Íslendingum fjólgar er liður á sumarið. „Þetta eru hvort tveggja ferðamenn sem gista í plássinu, ýmist á gistiheimilum eða á tjaldsvæðinu, og aðrir sem eiga leið um. Margir sem hingað koma eru á



leiðinni til Siglufjarðar og má því með sanni segja að við höfum notið góðs af allri uppbyggingunni þar,” segir Dídi.

Á hverjum einasta morgni bakar Dídi fullan disk af pönnukökum sem fylla húsið af unaðslegri angan. Þó að pönnukökurnar standi vissulega fyrir sínu þá eru vinsælustu réttirnir á matseðlinum í Sólvík skagafirskt fjallalamb og spriklandi ferskur þorskur. Óhætt er að segja að úrvalið sé fjölbreytt og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Sumaropnun hefur nú tekið gildi í Sólvík og er opið frá 10 á morgnana til 22 á kvöldin. „Við erum ekki hörð á lokunartímanum og höfum bara opið lengur ef gestir eru á staðnum sem sýna ekki á sér fararsnið,” segir Dídi.

Nánari upplýsingar á Facebook-síðunni Veitingastofan Sólvík.



SYÐRA-SKÖRÐUGIL:

Lítið fjölskyldufyrirtæki sem býður upp á gistingu, hestaleigu og hestaferðir

Í hjarta Skagafjarðar reka þau hjónin Elvar Einarsson og Fjöla Viktorsdóttir hestatengda ferðapjónustu á bænum Syðra-Skörðugili.

„Hestaleigan er bara opin á sumrin hjá okkur, en gistingin allt árið,” segir Elvar Einarsson. „Á veturna höfum við hins vegar opið fyrir minni hópa í kennslu og reiðtúra sem bókað er fyrirfram í. Við eigum mikið af góðum hestum sem nýttast bæði fyrir byrjendur og lengra komna, en allt að 18 manns geta farið á bak í einu.”

Boðið er upp á nokkrar tegundir af styttri ferðum í hestaleigunni, sem dæmi Forsetahringinn en það er stutt ferð hér í kringum bæinn sem við fórum með Guðna forseta og fjölskyldu fyrir nokkrum árum, sú ferð tekur bara 45 mínútur og er fin fyrir byrjendur. Einnig er hægt að bóka 12

og þriggja klukkustunda ferðir. Einnig er boðið upp á dagsferðir. „Við gerum bara það sem fólk langar til að gera.

Sem dæmi má taka að ef ég er með 20 manna hóp þar sem allir eru byrjendur þá fer ég með þá Forsetahringinn sem tekur um eina klukkustund á feti.”

Það fer vel um alla í Ömmubæ

Afi og amma Elvars byggðu upphaflega húsið sem nú er gistihús í húsinu og síðan bjuggu Elvar og hans fjölskylda þar í nokkur ár. „Síðan byggði ég nýtt hús og þá bjó vinnufólkið okkar í gamla húsinu. Húsið var orðið svo illa farið að það var annaðhvort að rífa það eða gera það upp. Við tókum ákvörðun um að gera það alveg upp. Tókum gólf, vegg og endurskipulögðum.”

Ákveðið var að leigja húsið út til að framkvæmdin myndi borga sig. Í húsinu eru fimm herbergi, eitt þriggja manna, tvö fjögurra manna og tvö tveggja manna og geta alls 15 manns sofið í húsinu. Þar er einnig heitur pottur sem er vinsæll og mikið notaður og flott útsýni yfir fjörðinn.

„Þetta er fjórða árið okkar í ferðapjónustunni,” segir Elvar, en bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn koma að Syðra-Skörðugili, þó að meira sé af erlendum ferðamönnum yfir sumartímann. „Við erum með gistingu í boði á booking.com og flestar bókanir koma í gegnum þá síðu. Síðan eru margir að koma aftur sem hafa verið áður,” segir Elvar. Sé booking.com skoðuð má sjá að ummæli viðskiptavina eru góð.

Á sumrin er einnig boðið upp á

lengri hestaferðir, 5–6 daga, þar sem farið er í Merkigil og fleiri staði og fjórar ferðir eru fram undan í sumar. „Einnig fáum við til okkar skólahópa í maí til að fylgjast með sauðburði og fara á hestbak og það hefur verið mjög vinsælt,” segir Elvar, sem er reiðkennari og tamningamaður líka, en hann var að sýna á kynbótasýningu fyrir helgi fjögur hross sem fengu öll fyrstu verðlaun.

Syðra-Skörðugil er í Varmahlíð, síminn er 893-8140 og netfangið er info@sydraskordugil.is.

Heimasíða: sydraskordugil.is.

Facebooksíða: Syðra-Skörðugil – horseback riding.



HÓTEL TINDASTÓLL:

Elsta hótel landsins er í stöðugri endurnýjun

Hótel Tindastóll á sér stórmerka sögu en þetta elsta hótel landsins tók fyrst til starfa árið 1884. Upprunalega húsið var flutt til Íslands frá Noregi árið 1920 og er í dag eitt af 20 elstu timburhúsum landsins. Hótelrekstrinum var hætt árið 1970 en þá var húsið illa farið. Það var síðan endurgert á tíunda áratugnum og hótelreksturinn hófst að nýju árið 2000.

Núverandi eigendur Hótel Tindastóls eru hjónin Selma Hjörvarsdóttir og Tómas H. Árdal en hótelid er nú rekið undir merkjum fyrirtækis þeirra, Arctic Hotels. Þau hjónin reka einnig sumarhótelid Miklagarð í húsnæði

heimavistar Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Einnig reka þau gistiheimili undir nafninu Gistiheimilið Miklagarður.

Þau hjónin hafa unnið að því undanfarin ár að koma glistöðunum sínum undir merki Vakans gæðastýringar og hafa nú fengið fyrst allra á Norðurlandi vestra þriggja stjörnu vottun fyrir Hótel Tindastól og tveggja stjörnu superior-vottun fyrir hótel Miklagarð. Stutt er í vottun fyrir gistiheimilið.

Selma og Tómas tóku við rekstri Hótel Tindastóls árið 2012 og hafa síðan þá hægt og bitandi sett sinn svip á staðinn.



„Við höfum gert ýmsar endurbætur, bjuggum til nýtt eldhús og færðum til og stækkuðum móttökuna. Við höfum líka endurnýjað rúm og innbú,“ segir Selma, en breytingarnar og endurbæturnar hafa komið í áföngum.

„Við reynum alltaf að gera eitthvað fyrir staðinn á hverju ári. Eitt árið skiptum við til dæmis um alla glugga í húsinu og þeir eru ekki fáir, alls 172. Það var einfalt rúðugler og þetta hélt hvorki vatni né vindum. Núna er tvöfalt gler í öllum gluggum en útliti er haldið upprunalegu þannig að gluggarnir virðast hafa einfalt gler þar sem lítið bil er á milli glerjanna.“

Hótel Tindastóll samanstendur af gamla húsinu og nýbyggingu sem bætt var við fyrir nokkrum árum. Gamla húsið tekur rúmlega 20 manns í gistingu og nýbyggingin annað eins. Heildar gistipláss er fyrir rúmlega 40 manns.

Að sögn Selmu eru Íslendingar meirihluti gesta yfir vetrarmánuðina, gjarnan þá fólk í einhvers konar vinnuferðum. Erlendum ferðamönnum hefur samt fjölgað yfir veturinn og á sumrin eru þeir í yfirgnæfandi meirihluta.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni arctichotels.is.



RÚNALIST Á STÓRHÓLI:

Handverk, húsdýr, matvörur og fróðleikur

Stórhóll í Lýtingsstaðahreppi, í um 20 kílómetra fjarlægð frá Varmahlíð, er staður sem verðugt er að skoða fyrir þá sem eiga leið um Skagafjörð í sumar. Þar bíður ferðalanga margvísleg upplifun, meðal annars gallerið Rúnalist, þar sem er til sýnis og sölu margvíslegt handverk úr náttúruæfnum. Handverkskonan og bóndinn Sigríður H. Indriðadóttir ræður þar húsum, hún hefur fengist við handverk nánast alla ævi en sú starfsemi sem er undir

nafni Rúnalistar hefur verið í gangi í um tvo áratugi.

Rúnalist framleiðir vörur úr náttúrulegum hráefnum, leðurtöskur, selskapsveski, kortaveski, myntbuddur og leðurpunga úr hlýraroði, laxaroði, þorskroði, nilarkarfa og sauðskinni. Þá má nefna ungbarnaskó úr smálambaskinni beint frá býli, hárskraut og barmnælur úr íslenskri ull og sauðaleðri, að ógleymdum myndum úr hlýraroði, laxaroði, þorskroði, íslenskri ull og endurunnum, heima-gerðum pappir.

Matvörur beint frá býli

Á Stórhóli er auk þess rekin merkileg sælkeraverslun með vörur beint frá býli og getur fólk jafnframt fengið að smakka afurðir hússins. Má þar nefna geitakjöt, lambakjöt og ærkjöt frá Stórhóli og nálægum bæjum. Einnig eru til sölu afurðir frá Holti og heiðum sem framleiðir sveppi og sultur úr hráefnum úr Hallormsstaðaskógi, sveppir, sultur og fleira.

Enn fremur er í boði ís frá býlinu Holtsel og margt fleira.

Húsdýr og leiðsögn

Húsadýraskoðun á staðnum gerir Stórhól að mjög fjölskylduvænum áningarstað. Hægt er að panta heimsókn á vefsíðunni runalist.is eða með því að hringja í 823-2441. Gegn vægu verði er þá veittur aðgangur að dýrunum og skemmtileg leiðsögn um gallerið þar sem meðal annars er sýnt hvernig íslenska ullin var unnið í gamla daga.

Sjá nánar á heimasíðunni runalist.is og Facebook-síðunni Rúnalist Galleri Stórhól.





ÍSLENSKI HESTURINN Í ÖNDVEGI Á LÝTINGSSTÖÐUM:

Hestaleiga og hlaðið torfhesthús til sýnis

Á Lýtingsstöðum er hlaðið torfhesthús í gömlum stíl, eins og tíðkuðust hér á landi fyrir meira en 100 árum, og þar inni má finna hnakka og reiðtygi frá sama tíma. Leiðsögn um hesthúsið og sögu íslenska hestsins er í boði, bæði hljóðleiðsögn á bandi og fyrirlestur leiðsögumans. Það er mikil upplifun að skoða torfhesthúsið á Lýtingsstöðum og komast þannig í beina snertingu við fortíðina, en hvernig kom þetta til?

„Ég er lærður leiðsögumaður og það kviknaði hjá mér áhugi á að koma íslenska hestinum meira á framfæri. Ég bjó til prógramm sem meðal annars felur í sér dagsferð frá Akureyri, undir heitinu Horses and Heritage. Þessa dagskrá hef ég nýtt bæði fyrir dagsferðirnar sem ég býð upp á og líka fyrir hópa sem stoppa hér á Lýtingsstöðum. Mér fannst vanta einhverja meiri upplifun í þetta prógramm og þess vegna réðst ég í að láta hlaða torfhesthúsið,“ segir Evelyn Ýr, konan á bak við þetta framtak. Á Lýtingsstöðum rekur Evelyn, ásamt eiginmanni sínum, hestatengda ferðapjónustu og gistingu, auk þess að bjóða upp á leiðsögn um torfhesthúsið.

„Venjan er sú að hópar fá persónuleiðsögn hjá mér en einstaklingar sem hingað koma óbokaðir geta fengið hljóðleiðsögn sem er á fjórum tungumálum, meðal annars



íslensku,“ segir Evelyn.

Evelyn Ýr er frá Þýskalandi en er gift íslenskum manni og eiga þau einn son. Hún hefur búið á Íslandi í 23 ár, eða rúmlega helming ævi sinnar, og talar mjög góða íslensku. Auk þess að vera menntaður leiðsögumaður er

hún menningarfræðingur. „Mig langaði til að blanda þessari þekkingu saman til að veita öðruvísi þjónustu,“ segir hún, en ljóst er að torfhesthúsið gefur Lýtingsstöðum algjöra sérstöðu. Í

Skagafirði má sjá marga torfbæi en það er einstakt að útihús í upp-
runalegri mynd sé til sýnis eins og hér er raunin.

Góð fjölskylduskemmtun

Óflug hestaleiga er rekin á Lýtingsstöðum og hentar hún meðal annars

fjölskyldum. Boðið er upp á hesta sem henta börnum og að teymt sé undir yngstu börnin. Evelyn bendir á að börnin séu ekki síður hrifin af leiðsögninni um torfhesthúsið en hinir fullorðnu. „Ég hef verið með börn héra niður í sex ára gömul og þeim finnst þetta mjög spennandi.“

Það er hægt að koma hvenær sem er milli kl. 9 og 19 að Lýtingsstöðum og skoða torfhesthúsið gegn vægu gjaldi. Til að fara í stutta hestaferð er betra að hringja áður í síma 453-8064. Allar upplýsingar um gistingu er að finna á vefsíðunni lythorse.com.




Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi



- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Excellent - 3.970.000 kr.
- 540UFe Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 560LU Excellent - 3.890.000 kr.
- 560Kmf DeLuxe Edition - 3.950.000 kr.
- 650Kmf DeLuxe Edition - 4.300.000 kr

Verð skráð og með virðisaukaskatti. Athugið að verð eru með mikið af aukabúnaði. Öll með rafgeymakerfi.



Optima Premium T 65 FL
Verð 10.990.000 með vsk



Optima Premium T 70 F
Verð 11.850.000 með vsk

Nýir 2018 árgerðir með mikið af aukabúnaði: 16" álfelgur, Hjólagrind, Markisa, blindgárdinur, Loftkæling, bakkmyndavél, leiðsögukerfi og margt fleira. Einnig hægt að fá dráttarkúlu. Hef einnig fleiri gerðir til afgreiðslu fljótt.

JÁ, VIÐ GETUM UN

■ Spekingarnir spá í spilin ■ Hvað þarf íslenska landsliðið að gera til að vinna?

Einar Þór Sigurðsson og Hörður Snævar Jónsson
Skrifa frá Rússlandi



Stundin sem allir hafa verið að bíða eftir rennur loksins upp á laugardag þegar Ísland leikur sinn fyrsta leik í lokakeppni heimsmeistarátótsins í fótbolta. Andstæðingurinn gæti varla verið sterkari,

Argentínumenn, með Lionel Messi í broddi fylkingar, bíða okkar og eiga eflaust von á erfiðum leik. DV leitaði til nokkurra sérfræðinga til að spá í spilin fyrir leikinn á laugardag. Meðal þess sem við vildum vita var hvort Ísland eigi raunhæfa möguleika gegn þessu ógnarsterka argentínska liði, hvernig við förum að

því að vinna og svo spurðum við annarra léttari spurninga, til dæmis hver skorar fyrsta mark Íslands, hver verður fyrstur íslensku leikmannanna til að snerta boltann og svo loks hversu langt við förum í keppninni. Óhætt er að segja að svörin séu jafn mismunandi og þau eru mörg en allir telja að Ísland geti unnið Argentínu. ■



Fannðís Friðriksdóttir

Leikmaður kvennalandsliðsins

1. Ef þú myndir velja byrjunarliðið gegn Argentínu, hvernig yrði það? Hannes, Birkir Már, Kári, Ragnar, Hörður, Jói Berg, Aron, Gylfi, Birkir Bjarna, Alfreð og Jón Daði.

2. Getur Ísland unnið Argentínu og ef svo er hvað þarf Ísland að gera til að vinna? Það er allt hægt, þetta er fótbolti, en fyrst og fremst þarf að verjast vel og skipulega, beita kröftugum skyndisóknum.

3. Hvernig fer leikurinn gegn Argentínu? Ég held því miður að Íslands vinni ekki þann leik, ekki vegna þess að þeir séu ekki nógu góðir heldur vegna þess að Messi er bara betri.

4. Hver skorar fyrsta mark Íslands í keppninni? Held að það verði Jóhann Berg.

5. Hver verður fyrstur til að fá gult spjald hjá Íslandi? Ég ætla að giska á að það verði Ragnar Sigurðsson.

6. Hver verður fyrsti Íslendingurinn til að snerta boltann á mótinu? Alfreð, því við byrjum með boltann og hann tekur miðjuna.

7. Hvað skorar Ísland mörg mörk í riðlakeppninni og hver verður markahæstur? Við skorum fjögur en þau koma öll hvert frá sínum leikmanninum.

8. Hversu langt fer Ísland í keppninni? Við komumst upp úr riðlinum.



Gunnleifur Gunnleifsson

Markvörður Breiðabliks og fyrrv. landsliðsmaður

1. Ef þú myndir velja byrjunarliðið gegn Argentínu, hvernig yrði það? Hannes, Birkir Már, Raggi, Kári, Ari, Aron, Emil, Gylfi, Birkir B, Jói og Alfreð.

2. Getur Ísland unnið Argentínu og ef svo er hvað þarf Ísland að gera til að vinna? Já, Argentína er ofmetið og strákarnir eiga að spila sinn leik og vera þolinmódir. Argentínurmenn taka fleiri og fleiri sénsa þegar þeim er haldið í núllinu og þá opnast sénsar fyrir okkur. Edlilega þarf samt að reyna að klippa Messi út úr leiknum.

3. Hvernig fer leikurinn gegn Argentínu? Við vinnum 2-0 sigur.

4. Hver skorar fyrsta mark Íslands í keppninni? Birkir Bjarnason.

5. Hver verður fyrstur til að fá gult spjald hjá Íslandi? Kári Árnason.

6. Hver verður fyrsti Íslendingurinn til að snerta boltann á mótinu? Alfreð Finnbogason.

7. Hvað skorar Ísland mörg mörk í riðlakeppninni og hver verður markahæstur? Við skorum 3 mörk og Gylfi endar markahæstur.

8. Hversu langt fer Ísland í keppninni? Við förum í átta liða úrslit.

Gunnar Jarl Jónsson

Fyrrv. knattspyrnuþjálfari og sparspekingur

1. Ef þú myndir velja byrjunarliðið gegn Argentínu, hvernig yrði það?

Hannes, Birkir Már, Kári, Raggi, Hörður Björgvin, Jóhann Berg, Gylfi Sig, Aron Einar, Birkir Bjarna, Jón Daði, Alfreð Finnboga.

2. Getur Ísland unnið Argentínu og ef svo er hvað þarf Ísland að gera til að vinna? Við getum unnið alla. Argentína er ekki búin að finna sitt sterkasta byrjunarlið og mikið rót á mannskapnum. Jorge Sampaoli gerði frábæra hluti með Chile en virðist enn vera að hringla með sinn mannskap. Það gefur okkur von. Varnarleikur Argentínu er þeirra veikleiki og til að ná úrslitum þurfum við að nýta okkur það sem við erum bestir í, fóst leikatriði og gott skipulag.

3. Hvernig fer leikurinn gegn Argentínu? Ég hef verið að flakka með 1-1 og 3-0 fyrir Argentínu. Ekki enn gert upp á milli.

4. Hver skorar fyrsta mark Íslands í keppninni? Gylfi skorar fyrsta markið í keppninni.

5. Hver verður fyrstur til að fá gult spjald hjá Íslandi? Ég held að Hörður Björgvin fái gult spjald fyrstur allra fyrir brot á Messi.

6. Hver verður fyrsti Íslendingurinn til að snerta boltann á mótinu? Alfreð snertir hann fyrstur þar sem við byrjum með boltann í fyrsta leik.


7. Hvað skorar Ísland mörg mörk í riðlakeppninni og hver verður markahæstur? Ég held að mörkin verði aðeins tvö. Gylfi verður markahæstur.

8. Hversu langt fer Ísland í keppninni? Við förum í úrslitaleik gegn Króatíu um sæti í 16-liða úrslitum.



Ég lifði af

Skjót fyrstahjálp, hjartahnoð og hjartastuðtæki björguðu lífi mínu



Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is

UNNIÐ ARGENTÍNU!

■ Hversu langt fer liðið í keppninni? ■ Hver verður markahæstur?

Hallbera Guðný Gísladóttir

Leikmaður Vals og kvennalandsliðsins

1. Ef þú mundir velja byrjunarliðið gegn Argentínu, hvernig yrði það? Hannes, Birkir Már, Ragnar, Kári, Hörður, Gylfi, Birkir Bjarna, Jón Berg á hægri og Rúrik á vinstri, Jón Daði í holunni og Alfreð upp á topp.

2. Getur Ísland unnið Argentínu og ef svo er hvað þarf Ísland að gera til að vinna? Já, tæknilega séð geta þeir unnið en þá þurfa allir íslensku leikmennirnir að eiga sinn allra besta leik bæði varnar- og sóknarlega. Halda markinu hreinu og reyna að pota inn einu marki úr föstu leikatriði eða skyndisókn.

3. Hvernig fer leikurinn gegn Argentínu? Leikurinn fer 2-0 fyrir Argentínu, þori ekki að vera of bjartsýn en vonast innst inni eftir jafntefli.

4. Hver skorar fyrsta mark Íslands í keppninni? Gylfi Sig skorar fyrsta mark Íslands á HM!

5. Hver verður fyrstur til að fá gult spjald hjá Íslandi? Birkir Már fær fyrsta gula spjaldið.

6. Hver verður fyrsti Íslendingurinn til að snerta boltann á mótinu? Alfreð Finnboga mun eiga fyrstu sneringuna.

7. Hvað skorar Ísland mörg mörk í riðlakeppninni og hver verður markahæstur? Ísland skorar tvö mörk í riðlakeppninni, Gylfi með eitt og Raggi Sig með eitt.

8. Hversu langt fer Ísland í keppninni? Við endum í þriðja sæti riðilsins með fjögur stig, sigur á Nígeríu og jafntefli við Króatíu. Því miður nær Króatía í fimm stig og Argentína í sjö.



Ingólfur Sigurðsson

Knattspyrnuþjálfari og fyrrv. atvinnumaður í knattspyrnu

1. Ef þú mundir velja byrjunarliðið gegn Argentínu, hvernig yrði það? Hannes Þór yrði í marki og fjögurra manna varnarlína yrði skipuð Birkir Má, Kára, Ragnari og Herði Björgvini. Jóhann Berg á hægri kanti og Birkir á þeim vinstri. Aron og Emil á miðjunni, Gylfi Þór fyrir framan þá og Björn Bergmann uppi á topp.

2. Getur Ísland unnið Argentínu og ef svo er hvað þarf Ísland að gera til að vinna? Ísland hefur auðvitað sýnt að liðið getur unnið stórar þjóðir. Það verður mikil pressa á argentínska liðinu. Ég held að lykiltríði á móti Argentínu sé að verjast í lággressu, með tvær þéttar línur, vegna þess að þeirra menn og þá sérstaklega Messi, eiga erfiðara með að finna sér svæði á milli varnar og miðju. Megináherslan hjá Íslandi verður eflaust að þétta miðjuna, sem er hjarta liðsins, og beina þeim frekar út á vængina. Við eigum að geta varist fyrirgjöfum á móti þessu liði. Ef við getum staðist áhlaup þeirra og notað boltann skynsamlega þegar við fáum hann getum við vonandi unnið leikinn. Ef Argentína situr til baka í þeirri von að fá okkur hærra upp á völlinn, eins og Frakkar spiluðu gegn okkur í 8-liða úrslitum EM, þá gæti endað illa. Það síðasta sem maður vill sjá er Messi í skyndisókn á móti Íslandi.

3. Hvernig fer leikurinn gegn Argentínu? Ég er hræddur um að við töpum leiknum, 2-1.

4. Hver skorar fyrsta mark Íslands í keppninni? Jóhann Berg. Hann kemur okkur yfir snemma leiks.

5. Hver verður fyrstur til að fá gult spjald hjá Íslandi? Birkir Bjarnason.

6. Hver verður fyrsti Íslendingurinn til að snerta boltann á mótinu? Gylfi Þór. Við munum vinna hlutkestið og Gylfi tekur miðjuna.

7. Hvað skorar Ísland mörg mörk í riðlakeppninni og hver verður markahæstur? Ég spái því að við skorum tvö mörk og það verði sitt hvor markaskorariinn. Jóhann Berg í fyrsta leik og síðan einhver annar gegn Nígeríu.

8. Hversu langt fer Ísland í keppninni? Við komumst ekki upp úr riðlinum. Mér finnst betra að vera með vaðið fyrir neðan mig þegar kemur að íslenska liðinu og tempra því niður allar væntingar. Það hefur gefist vel hingað til og vonandi heldur það áfram. Áfram Ísland!



Eyjólfur Héðinsson

Leikmaður Stjörnunnar og fyrrv. landsliðsmaður

1. Ef þú mundir velja byrjunarliðið gegn Argentínu, hvernig yrði það? Að því gefnu að allir séu heilir, þá myndi ég spila 4-4-1-1. Varnarlínan er nokkuð gefin, en þó læt ég Ara byrja á kostnað Harðar Björgvins. Ari hefur yfirleitt alltaf staðið sig vel í landsleikjum, auk þess sem hann hefur reynslu af því að spila á stórmóti og mér finnst það veða þungt. Þegar landsliðið hefur verið að spila hvað best, hafa Gylfi og Aron verið að spila saman á miðjunni. Sökum meidsla þessara leikmanna, eru þeir ekki í sínu besta standi og því mundi mér finnast glapræði að stilla eingöngu þeim tveimur saman á miðjunni. Ég myndi því setja Birkir Bjarnason á miðjuna með Aroni og hafa Gylfa fyrir framan þá. Jóhann Berg er svo að sjálfsögðu á hægri kantinum og ég set Rúrik á þann vinstri. Þeir sinna báðir varnarskyldunum mjög vel og þá eru þeir öflugir í að bera boltann upp völlinn, þegar við þurfum að létta á pressunni. Jón Daði mun svo hlaupa úr sér lífur og lungu á toppnum og þegar hann er búinn á því, mun Alfreð leysa hann af. Hannes – Birkir – Kári – Ragnar – Ari Jóhann – Aron – Birkir – Rúrik – Gylfi – Jón Daði.

2. Getur Ísland unnið Argentínu og ef svo er hvað þarf Ísland að gera til að vinna? Já, Ísland getur að sjálfsögðu unnið Argentínu. Til þess að það gerist er

mikilvægt að íslensku leikmennirnir komi sem allra mest í veg fyrir að Lionel Messi fái boltann. Hann skapar allt í þessu argentínska liði. Svo fáum við alltaf okkar tækifæri. Við munum fá innköst, aukaspyrnur og hornspyrnur og þar ættum við að hafa ákveðna yfirburði, þegar kemur að hæð og styrk.

3. Hvernig fer leikurinn gegn Argentínu? 1-1. Lionel Messi mun annaðhvort skora eða leggja upp mark Argentínumannna, en Ísland skorar sitt mark eftir fast leikatriði.

4. Hver skorar fyrsta mark Íslands í keppninni? Birkir Bjarnason.

5. Hver verður fyrstur til að fá gult spjald hjá Íslandi? Kári Arnason.

6. Hver verður fyrsti Íslendingurinn til að snerta boltann á mótinu? Jón Daði Böðvarsson.

7. Hvað skorar Ísland mörg mörk í riðlakeppninni og hver verður markahæstur? Þrjú mörk. Birkir Bjarnason, Gylfi og Alfreð munu sjá um markaskorun.

8. Hversu langt fer Ísland í keppninni? 16-liða úrslit.



BETRI SVEFNI

Baltasar Kormákur

■ Hóf leikstjóraferilinn með söngleik ■ Stökkpallur íslenska Hollywood-leikstjórans

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Baltasar Kormákur vakti fyrst athygli er hann hreppti hlutverk Rómeó í Shakespeareverkinu Rómeó og Júlía. Fyrir marga upprennandi leikara er það draumur mikill að spreyta sig á sviði í sígildu verki leikskáldsins. Svo sannarlega var slegist um hlutverkið þegar Þjóðleikhúsið setti upp Rómeó og Júlíu árið 1991. Það var Baltasar hreppti hnossið og má segja að síðan hafi leiðin legið upp á við.

Nú hefur Baltasar lokið við sína tólftu kvikmynd, fimmtu svenefndu Hollywood-mynd sína, og siglir næst í för með Hugh Jackman við tökur á kvikmyndinni The Good Spy. Áður en Baltasar varð fyrstur íslenskra manna til þess að kalla sig leikstjóra stórmynda á Hollywood-markaðnum, hóf hann feril sinn sem leikstjóri sviðssýninga. Það sem síður er rætt í dag er innkoma Baltasars á svið sem leikstjóri og tilheyrandi hæfileikar fyrir söngleikjum og jafnvel barnasöngleikjum. Því er stórt spurt hvort eða hvenær maðurinn kvikmyndi eitt stykki söngleik eða hláði í eina fjölskyldu-mynd á komandi árum.

Hvað leikstjóraferilinn á sviði varðar fór Baltasar yfir víðan völl og setti meðal annars á svið ýmis stórvirki klassískra leikbókmennta eftir Shakespeare, John Ford, Ibsen og Tsjekhov. Skoðum nánar þær slóðir sem leikstjórinn hefur fetað.

Upp á hár

Söngleikurinn Hárið var frumraun Baltasars Kormáks sem leikstjóra í atvinnuleikhúsi. Þetta var árið



1994 og sá Baltasar einnig um framleiðslu og leikgerð sýningarinnar ásamt Davíð Þór Jónssyni.

Þetta var umfangsmikil uppsetning, stúttfull af flottum leikurum og komu kringum áttatíu manns nálægt undirbúningnum á einhvern hátt. Sýningin hlaut góðar undirtektir áhorfenda og fengu þeir Baltasar og Davíð Þór að leika sér talsvert að hráefninu. Aukin áhersla var lögð á slæmar afleiðingar sýrunotkunar frá því sem áður var og þótti það gríðarlega djart af okkar mönnum.

Lifi Rocky

Þessi frægi og lostafulli söngleikur

hefur lengi verið vinsælt viðfangsefni hjá leikhúsum og muna sjálfsgagt margir eftir sýningunni sem Baltasar Kormákur setti upp í Loftkastalanum árið 1995. Leikhópurinn þá var ekkert slakari en sá sem hefur prýtt Borgarleikhúsið á þessu ári, en á þessum tíma fór Helgi Björnsson með túlkun Frank-N-Furters, Björn Jörundur Friðbjörnsson lék Riff Raff og Hilmir Snær Guðnason og Valgerður Guðnadóttir léku Brad og Janet.

Enginn latur á þessum bæ

Uppsetning Baltasars á Áfram Latibær frá Magnúsi Scheving trekkti að sér ófáar fjölskyldurnar og lifði lengi á myndbandi. Bækur Magnúsar voru orðnar stórvinsælar og vörumerkið sem stuðlar að hollari lífsstíl var komið á gott skrið. Uppsetningin hitti beint í mark hjá börnum með andrúmslofti, hljóðbrellum og leikmyndum í stíl við lifandi teiknimynd, eins og Latibær á að vera. Scheving lék sínar bestu listir sem Íþróttálfurinn í fyrsta sinn, þótt söngroddina hafi vissulega mátt slípa, en Sigurjón Kjartansson átti sögulega túlkun sem Maggi mjói og hitti Selma Björnsdóttir í mark sem upprunalega útgáfa Sollu stírðu.

Leiksyningin var frumsýnd veturinn 1996 í Loftkastalanum sællar minningar. Nokkrum árum síðar var frumsýnt framhaldsleikritið Glanni glæpur í Latabæ í Þjóðleikhúsinu (og svo enn síðar sýningin Latibær, árið 2014) en Baltasar kom hvergi að þeirri sýningu. Hins vegar hafði hann ekki sagt skilið við söngleikjageirann eða fjölskylduhópana.

Genginn í skrípó

Það var ríkjandi tímabil á Íslandi þegar kvikmyndagerðarmaðurinn Óskar Jónasson gekk undir nafninu Skari skrípó, töframaður með þekkingu á sprelli og skrautlegri sviðsframkomu. Sýning þeirra Baltasars í Loftkastalanum var vel sótt og Skari skrípó fór að birtast víða. Þeir Óskar unnu síðar saman

Aðsókn á Hollywood-myndir Baltasars

Everest (2015)

Kostnaður: 55 milljónir
Aðsókn á heimsvísu: \$203,4 milljónir

2 Guns (2013)

Kostnaður: 61 milljónir
Aðsókn á heimsvísu: \$132 milljónir

Contraband (2012)

Kostnaður: 25 milljónir
Aðsókn á heimsvísu: \$96 milljónir

Adrift (2018)

Kostnaður: 35 milljónir
Aðsókn á heimsvísu: 25 milljónir

Inhale (2010)

Kostnaður: 10 milljónir
Aðsókn á heimsvísu: 56 þúsund dalar

Kvikmyndir Baltasars á Íslandi eftir aðsókn

Mýrin (2006) – 84.445

Hafið (2002) 57.626

Brúðguminn (2008) 55.300

Djúpið (2012) 50.280

Eiðurinn (2017) 47.492

101 Reykjavík (2000) 26.902

A Little Trip to Heaven (2005) 15.461

að spennumyndinni Reykjavík-Rotterdam sem kom út 2008, en leikstjórinn lét sjálfur vaða í bandaríska, stjórnum prýdda endurgerð á þeirri mynd, aðeins fjórum árum síðar.

Unglingar í glæponagír

Þessi geysilega metnaðarfulla og lífliga sýning var afhjúpuð árið 1998

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM



Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

Verifone®

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060

Kormákur á sviði

(þremur árum eftir að Skólarapp var komið í koll landans) og fór 14 ára gamall Þorvaldur Davíð Kristjánsson á kostum í titilhlutverki söngglaða glæponsins sem flækist í kostulegt klíkustríð „gangstera“. Sýningin er byggð á samnefndum söngleik frá Alan Parker og hélt Baltasar að sjálfsgöðu í þá hefð að hafa einungis börn og unglinga í hlutverkunum. Líflægir textar, grípandi lög, skemmtilegar sögubreytingar og hresst samspil leikaranna einkenndi þetta fína sviðsverk. Svo má auðvitað ekki gleyma rjómabyssunum.



Skuld Þjóðleikhússins

Söngleikurinn Rent eftir Jonathan Larson var næst fyrir valinu, rétt fyrir aldamótin. Söngleikurinn er upphaflega byggður á óperunni La Bohème eftir Puccini og fjallar um daglegt líf nokkurra vina í New York-borg, en vinirnir berjast í sameiningu við að eiga fyrir húsaleigunni. Persónur verkefins eru listamenn sem sækjast eftir frægð og frama, en þurfa á sama tíma að takast á við fátækt, sorgir og alnæmi, svo fátt eitt sé nefnt. Með helstu hlutverkun í sýningunni Skuld fóru Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Trausti Hreinsson, Bergur Þór Ingólfsson, Björn Jörundur og Brynhildur Guðjónsdóttir.



Kóngur í Kaupmannahöfn

Baltasar setti Hamlet upp á sviði í Þjóðleikhúsinu haustið 1997 og varð sú sýning mjög umtölud og ekki síður umfangsmikil. Í kjölfarið fékk hann tilboð frá Borgarleikhúsinu í Óðinsvéum og Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn um að setja sýninguna einnig upp þar. Að sýningunni í Óðinsvéum störf-

uðu, auk Baltasars, litháíski leikmynda- og búningahönnuðurinn Vytautas Narbutas og Filippía Elís-dóttir búningahönnuður, en þau sáu einnig um leikmynd og búninga í uppfærslunni í Þjóðleikhúsinu. Uppfærslan hlaut frábæra dóma og var danska pressan yfir sig hrifin.

Það kom allt

Leikgerð Baltasars Kormáks á samnefndri skáldsögu Hallgríms Helgasonar, þetta er allt að koma, var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu 26. febrúar 2004.

Sýningin hlaut Grímuna, íslensku leiklistarverðlaunin, sem sýning ársins. Þeir Baltasar og Hallgrímur höfðu áður unnið saman að fyrstu kvikmynd Baltasars, 101 Reykjavík, fjórum árum áður en sú mynd er unnin upp úr samnefndri skáldsögu höfundarins.

Ibsen á yngri árum

Pétur Gautur eða Peer Gynt, eins og verkið heitir á ensku, var Baltasar vel kunnugt. Sýning hans frá árinu 2007 var ekki í fyrsta sinn sem leikstjórinn spreytti sig á þessu öndvegisverki leikhúsbókmenntanna eftir frumkvöðulinn Henrik

Ibsen. Baltasar tók einnig þátt í uppfærslu Þjóðleikhússins á leikritinu árið 1991. Það var þá fyrsta verkefni hans með Þjóðleikhúsinu. Ætli það sé þá ekki bara beint á hvíta tjaldið með þetta næst?

Bæði á sviði og í bíói

Ívanov var fyrsta leikrit Tsjechovs og var fyrst sett á sviði árið 1887. Hilmir Snær Guðnason fór með titilhlutverkið, hlutverk hins lífspreytta, hálfffertuga Ívanovs og vandamál hans, sam-



skipti við hitt kynið og komplexa. Konurnar í lífi hans léku Margrét Vilhjálmisdóttir og Laufey Elíasdóttir. Aðrir leikarar í sýningunni voru Ilmur Kristjánsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Ólafur Egill Egilsson, Ólafur Darri Ólafsson og Þröstur Leó Gunnarsson. Þess má einnig geta að sýningin í Þjóðleikhúsinu var frumsýnd 2007 og var eins konar systurverkefni kvikmyndarinnar Brúðgumans sem byggir á sama verki og var kvikmyndað í Flatey á Breiðafirði, með sama leikhópi og listrænu stjórnendum, sumarið á undan. Sú mynd kom út snemma 2008 og var ein tekjuhæsta mynd Íslands þess árs.

Sturluð fóstbræðrasaga

Um miðja síðustu öld skrifaði Halldór Laxness Gerplu og sagði þar sögu þeirra fóstbræðra Þorgeirs Hávarssonar og Þormóðar Kolbrúnarskálds á nýjan hátt. Höfundurinn lagðist í að afhelga hugmyndir okkar um söguöldina og hetjur hennar, en um leið blés hann nýju lífi í samband þjóðarinnar við bókmenntaarfinn. Þessi skáldsaga Halldórs hafði aldrei áður ratað á svið fyrr en árið 2010 þegar Baltasar tók að sér verkið fyrir Þjóðleikhúsið. Leikgerðina gerðu þeir Baltasar Kormákur og Ólafur Egill Egilsson leikari í samvinnu við leikhópinn. Með hlutverk fóstbræðranna fóru Jóhannes Haukur Jóhannesson og Björn Thors. ■



ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Veldu öruggt start með TUDOR

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR **TUDOR**

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Handanheimur mætir raunheimi

Bækur

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is

Smásögur að handan



Höfundur: Ingibjörg Elsa Björnsdóttir
Útgefandi: Lafleur

112 bls.

Ingibjörg Elsa Björnsdóttir hefur undanfarin ár verið viðloðandi bókmenntalífð með smásagnabirtingum og þýðingum úr rússnesku, til dæmis á dæmisögum Tolstojs. Ingibjörg stundar núna doktorsnám í þýðingarfræðum.

Fyrir nokkrum mánuðum sendi Ingibjörg frá sér smásagnasafnið Smásögur að handan. Það er alltaf gaman þegar smásögur í safni hafa sameiginlegt þema, meðal annars vegna þess að það gefur bókunum heildarsvip. Eins og titillinn gefur til kynna kemur hér framhaldslíf til við sögu en einnig er með margvíslegum öðrum hætti leikið sér með samspil raunheims og handanheims. Í sumum sögunum skín í gegn þekking á sagnfræði og lista- og bókmenntasögu, sem og áhugi höfundar á ýmsum málefnum, allt frá dulspeki til náttúruverndar.

Besta saga bókarinnar heitir Húsið í eilífðinni, ljómandi skýr og falleg saga með einfaldri og beinskeyttri hugmynd. Stíllinn á þeirri sögu er í senn einfaldur og ljóðrænn. Saga um Drakúla greifa sem dúkkr upp í reykvíska tíma og harmræn örlög hans er einnig vel hugsuð og frumleg.

Því miður tekst ekki alltaf svona vel til. Sumar sögurnar hafa

til að bera hugmyndir sem gaman er að velta fyrir sér að loknum lestri þeirra en lesturinn sjálfur er ekki eins ánægjulegur. Eitt dæmi er sagan Bókasafnarinn þar sem tekst er á við þá heillandi hugmynd að bækur sem hafa glatast, til dæmis í bruna, eigi sér tilvist engu að síður. Í sömu sögu grefur bókasafnarinn völuðarhús undir Grímsstaðarholtið í Vesturbænum og útbýr þar hið ógnarstóra safn hinna glötuðu bóka. Nú er það svo að í raunveruleikanum kæmist enginn upp með slíkar aðgerðir en í fantasíunni er allt

leyfilegt. En þegar blaðamenn taka að forvitnast um neðanjarðarbókasafnið er hugmyndin komin út í vitleysu. Í raunheimi fara blaðamenn ekki að spyrja um risastórt neðanjarðarbókasafn undir Grímsstaðarholtinu vegna þess að slík framkvæmd gæti aldrei orðið, hún yrði stöðvöld í fæðingu.

Viða ber á slíkum árekstrum fantasíu og raunsæis. Það er ekkert að því að fara með handanheim inn í raunheiminn en að taka um leið skynsemina úr raunheiminum óháð handanheiminum er barnaskapur sem spillir mjög lestraránægjunni og kemur í veg fyrir að lesandinn gangist fantasíunni á hönd. Annað dæmi um þetta er fyrsta saga bókarinnar, Morðsaga að handan, saga um baráttu myrtrar konu fyrir réttlæti (góð hugmynd!). Rannsóknarlögreglumaðurinn í þeirri sögu er fyrrverandi ljóðskáld en af því að ljóðin hans seldust svo illa þá ákvað hann bara að vipa sér í lögregluna og verða rann-

sóknarlögreglumaður! Eins og það sé ekkert mál, eins og rannsóknarlögreglustarf sé bara auðveld leið út úr því öngstræti að ná ekki frama sem ljóðskáld.

Ein sagan greinir frá roskinni konu hveirar börn telja vera komna með Alzheimer og vilja koma henni á hjúkrunarheimili, að sögn söguraddarinnar eingöngu til þess að komast yfir arfinn. Nú er ég ekki löglærður maður en síðast þegar ég vissi tæmist erfingjum arfur við að sá er þeir erfa deyr, ekki við það að viðkomandi fari á hjúkrunarheimili!



Í um margt áhugaverðri sögu sem ber heitið Dagurinn með Leonardo gengur snillingurinn Leonardo Da Vinci aftur í nútímanum og vingast við 12 ára stelpu á Selfossi með Asperger. Da Vinci segir stúlkunni meðal annars frá sögu eftir Oscar Wilde en sá maður var ekki uppi fyrir en nokkrum öldum á eftir Da Vinci.

Þessi furðulega markleysa sem birtist víða á síðum bókarinnar gefur sögunum næfan (naív) blæ sem stingur í stúf við það yfirbragð þekkingar og hámenningar sem annars er á sögunum.

Alla orku þarf að beisla og líka hugmyndaflugið. Skynsemin hefði mátt beisla hugmyndaflugið betur við ritun þessara smásagna. Í bókinni er þó að finna góðar sögur og góða söguhluta. Bókin er falleg í útliti og kápa smekklega hönnuð. Þetta framtak er dæmi um fjölbreytnina í íslenskri bókaútgáfu sem er í mót-sögn við minnkandi bóklestur og bóksölu. ■



Adrift hvorki sekkur né siglir:

Prautseigja og geispi með golumni

NÝTT Í BÍÓ

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Adrift



Leikstjóri: Baltasar Kormákur
Framleiðendur: Shailene Woodley
Handrit: Aaron Kandell, Jordan Kandell, David Branson Smith
Kvikmyndataka: Robert Richardson
Aðalhlutverk: Shailene Woodley, Sam Claflin

Í stuttu máli: Shailene Woodley kemur vel út í mynd sem auðvelt er að dást að en erfðara að sogast að.



Ofit veit maður ekki hversu dýrmætt fyrirbæri lífið er fyrir en möðir náttúra ákveður að láta til sín taka í stórrí sveiflu. Í hamfarasögunni Adrift er rekin sönn lífsreynslusaga Tami Oldham Ashcraft og unnusta hennar. Árið er 1983 og halda þau saman í skútusiglinu frá Tahítu til San Diego en á miðri leið lenda þau í fjórða stigs fellibyl og fer allt í rúst. Þegar Tami vaknar er báturinn ónýtur, maðurinn horfinn og litlar líkur á björgun. Þá verður Tami að nota edlishvötina, vonina, mátt minninganna og grjótharðan baráttuvilja til að hafa sigur þrátt fyrir dvínandi lífslíkur á sjó.

Það er aldrei sjálfsagt mál að stórbrotin raunasaga verði áreynslulaust að stórbrotinni kvikmynd og þar siglir Adrift einhvers staðar á milli bitlausrar, rómantískrar vasaklútamyndar og meiriháttar sterkrar ófarsögu. Stundum er jafnvel eins og aðstandendur séu ekki alveg vissir um hvorn fótinn á að stíga í, því myndin gengur ekki upp sem hvort tveggja. Hún er í flesta staði vönduð á yfirborðinu (og sérstakt hrós til förðunardeildar og kvikmyndatökuliðs) þó grunn sé og skilur álíka mikið eftir sig og síðdegissápa á blautum sunnudegi.

Ólínulegur strúktúr spillir fyrir

Adrift er fyrst og fremst frábært sýnidæmi um leikgetu ungu leikkonunnar Shailene Woodley. Það er nánast ómögulegt fyrir áhorfandann að finnast hana ekki trúverðug í krefjandi aðalhlutverkinu og hennar baráttu. Þau Sam Claflin ná vel saman en verða í sameiningu fyrir bölvun stíðra samtala, yfirleitt í atriðum með kraft að markmiði sem enda í melódramatík. Meira geisp

heldur en gasp, því miður. Handritið minnir reglulega á það hvað Woodley og Claflin elska hvort annað og eru ástfangin, en myndin skautar svolítið yfir dýptina í sambandinu þeirra. Oft skrifast þetta á ólínulegan strúktúr myndarinnar.

Myndin fær svo sannarlega prik fyrir að segja stóran hluta sögunnar í tættum endurlitum, en heildin græðir lítið á dýnamískum strúktúr þegar hann hefur áhrif á dramabyggingu og er mestmegnis notaður í þágu stórrar sögufléttu. Stundum eru skiptingar milli sena truflandi og eru kostir og gallar við að nota fellibylinn aftarlega í sögunni. Oft er líka meira sagt upphátt en þörf er á og gengur stóra fléttan ekki alveg upp eða hvernig spilað er með hana.

Kjarnakona í blíðu og stríðu

Adrift er tólfta kvikmynd Baltasars í fullri lengd og fylgir henni ögn meiri áhersla á blíðu og von en hefur yfirleitt örlað fyrir í kvikmyndum Baltasars. Leikstjórinn nær hins vegar að græja eins mikinn náttúrulegan blæ og hann getur. Þegar leikstjórar kippa með sér færasta kvikmyndatökumanni heims (sem sagt Robert Richardson – sem unnið hefur reglulega með Scorsese, Stone og Tarantino) er lítil sýns á týpískum Hollywood-glansi yfir áferðinni.

Að mati undirritaðrar hefur Claflin í raun og veru meiri skjá-tíma en þurfti, enda bestu senurnar oftast þær sem sýna Woodley algjörlega berskjaldaða gegn náttúrunni og þróun hennar, drífanda og áskoranir.

Adrift segir í rauninni og gerir fátt betur en var ekki miklu betur tæklað í til dæmis háskamyndunum All is Lost eða Life of Pi jafnvel á vissan hátt. Annars er alveg skiljanlegt að margir sjái þessa mynd sem „Cast Away fyrir Fault in Our Stars eða Titanic-kynslóðina.“ Þá væri vissulega Sam Claflin blakboltinn í þessu tilfelli, en hann nær ómögulega sama sjarma og Wilson heitinn gerði á sínum tíma. ■

Er fyrirtækið þitt umhverfisvænt ?



Breyttu úr plasti yfir í pappír
Eigum allar stærðir á lager



S. 565 2217 - pappir@pappir.is - Kaplahraun 20 - 220 Hanarfjörður



saman



&



Gómsættir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?



Ávextir í áskrift kosta um 550 kr.
á mann á viku og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



Avaxtaðu betur

www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

„EINELTI ER LJÓTT“

■ Hæðst að Guðnýju Maríu á netinu ■ „Það er undarlegt hvernig konur láta oft“

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Guðný María Arnþórsdóttir er ljón, og hún verður 63 ára í byrjun ágúst. Guðný María var komin vel á aldur eins og sagt er þegar hún ákvað að láta drauma sína rætast, semja lög og gefa út, en hún hefur gefið út 11 lög frá því í desember í fyrra.

Vinsælasta lag hennar til þessa á YouTube-rás hennar er lagið Okkar okkar páska, en þegar þetta er skrifað hafa um 66 þúsund horft á myndbandið. Velgengnin staðfestir þá hugmynd Guðnýjar að páskarnir hafi orðið útundan þegar kemur að íslenskum laga- og textasmíðum.

En útgáfa laganna og velgengni og gleði Guðnýjar virðist ekki falla í kramið hjá öllum og segir Guðný í viðtali við DV að hún hafi orðið fyrir einelti, hæðni og fengið miður leiðinlegar athugasemdir, sérstaklega eftir að nýjasta lag hennar, Sumarhiti, kom út fyrir rúmri viku.

„Þetta er eiginlega orðið einelti, það er verið að hæðast að mér og reyna að rakka mig niður,“ segir Guðný. „Lögin og myndböndin virðast ögra ímynd fólks, sérstaklega eldri kvenna. Það er undarlegt hvernig konur láta oft.“

Í myndbandinu við lagið Sumarhiti dansar Guðný léttklædd við ungan mann, aukaleikara sem er um tvítugt. „Það var kona á aldur við mig sem skrifaði grófa athugasemd hjá mér þegar ég deildi myndbandinu á Facebook hjá mér. Kallaði hún mig barnaníðing. Ef ég væri karl þá þætti öllum þetta sjálfsagt og þá væri bara sagt um aukaleikarann að hann væri að vinna vinnuna sína.“



Segist ekki fá gigg sökum eineltis á netinu


Guðný segist vera fædd með hæfileika í tónlist, en hún hafi ekki mátt sinna þeim þegar hún var barn af því að hún var ekki drengur. Í seinni tíð fór hún hins vegar að læra tónlist og koma fram.

„Stebbi Hilmars sagði við mig að ég væri að ryðja brautina og ungar stúlkur hafa hrósað mér fyrir að koma fram. Þetta virðast aðallega vera konur á mínum aldri sem eru harðastar í eineltinu.“

Það er fjöldi fólks að senda myndbandið áfram og hæðast

og hlæja að mér, og ég er ekki beðin um „gigg“ af þeim sökum,“ segir Guðný. „Ég reyni að vera alltaf jákvæð í textunum mínum af því að tónlist á að vera skemmtileg. Ég vil að þetta einelti hætti.“ ■

„Það er verið að hæðast að mér og reyna að rakka mig niður“



GRUNDFOS

Straumhvörf í neysluvatnsdælum



Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýstingi og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeyrsluvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is

ÍSLEIFUR
JÓNSSON



Bananabrauð Röggu Nagla

Ragga Nagli er klínískur heilsusálfræðingur og einkaþjálfari. Á Facebook heldur hún úti vinsælli síðu þar sem hún birtir reglulega pistla um hreyfingu, mataræði og fleira. Fyrir á árinu gaf hún út Haframjól uppskriftahefti, sem kennir okkur að nota haframjög á splunkunýjan hátt og hugsa út fyrir gamla grautinn. Enginn sykur, engin aukaefni, ekkert vesen. Tilvalið hefti fyrir matarperra sem vilja safna góðum og girnilegum hollustuhugmyndum í gagnabankann.



Uppskrift:

Þykk sneið af þessu brauði er guðsgjöf til mannkyns og með þykkri slummu af MONKI grófu möndlusmjöri eða gamla góða skólaostinum getur það dimmu í dagsljós breytt á örfáum sekúndum.

- 550 g vel lífsreynður banani
- 225 g Himnesk hollusta fínvalsað haframjöl
- ½ tsk. kanill
- ½ tsk. negull
- klípa salt
- ½ tsk. matarsóði
- 100 ml Good Good sykurlaust síróp

Aðferð: Hita ofn í 180°C. Smyrja brauðform 20x11 cm. með fljótandi kókosolíu (Himnesk hollusta) Hræra öllu saman með töfrasprotu eða í blandara þar til þykkt deig hefur myndast. Baka í 35–40 mínútur.

Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli.
Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð,
husa um umhverfið og henda rusli.
Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu
og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka,
þó það sé ekki okkar rusl.

Hvað er Pikk-UPP?

- ▶ Það að vera Pikk-UPP snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ Píkka-Upp rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og Píkka-UPP rusl.



Betri umgengni byrjar hjá þér!

Borgin mín: Los Angeles

„Ég elska hvað borgin og mannlífið er fjölbreytt“

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Magnea Björg Jónsdóttir flutti fyrir fimm árum til Los Angeles, nýorðin 19 ára gömul. Að koma þangað hafði verið draumur hennar frá því að hún var lítil. Hún er ekki tilbúin til að flytja aftur heim til Íslands strax, enda segist hún eiga eftir að læra og áorka miklu vestanhafs.

„Árið 2012 var móðir mín að fara í vinnuferð til þess að kenna á naglanámskeiði í Los Angeles. Hún hringdi í mig eldsnemma um morgun þegar ég var í skólanum og kom mér á óvart með ferð til Los Angeles. Ég grét af spenningi þegar við lentum, að koma hingað var búinn að vera draumur frá því að ég var lítil. Ferðin var æðisleg og ég varð ástfangin af borginni,“ segir Magnea, sem á þessum tíma var að vinna fyrir Söru í Júník sem hafði mikið talað um tímann sem hún varði í Los Angeles til að kaupa inn fyrir fyrirtækið, og að njóta lífsins. „Ég og frænka mín ákváðum að sækja um í Santa Monica College, og komumst báðar inn, þá var ekki aftur snúið. Þetta gerðist allt rosalega hratt og ég gerði mér í raun ekki grein fyrir hversu mikill viðsnúningur væri að verða á lífi mínu fyrr en kom að kveðjustund uppi á flugvelli. Þetta var þínu óraunverulegt og er það enn, að hafa verið nýorðin 19 ára að flytja ein í svona stórborg. En þetta hafðist og ég útskrifaðist með AA-gráðu í sam-



skiptafræðum í fyrra. Ég stefni á áframhaldandi nám í haust.

Ég elska hvað borgin og mannlífið er fjölbreytt, ég er búin að kynna svo mörgu fólki frá öðrum löndum, menningarheimum og trúarbrögðum og þetta hefur kennt mér svo mikið. Lífshraðinn er mikill í Los Angeles, borgin er stúf full af metnaðarfullu fólki að elta draumana sína og markmið sem ég elska að vera í kringum því

maður hittir svo margt ástríðufullt fólk sem hjálpar þér og kenna svo marga hluti. Svo má auðvitað ekki gleyma fallegu pálmatrjámum, sólinni og hitanum sem við Kaliforníubúar fáum allan ársins hring.

Ástæða þess að ég hef ekki enn flutt aftur heim til Íslands er einfaldlega sú að ég er ekki tilbúin til þess. Markmiðum mínum hérna úti er ekki öllum náð, og ég á enn eftir að læra og áorka miklu. Ég er í

æðislegri vinnu einmitt núna, sem er toppurinn á tilverunni. Eins og kom fram þá stefni ég á að halda áfram í námi og byrja að öllum líkindum í Bachelor of Business Administration í haust. Ég er mjög fróðleiksþyrst, ég elska að rækta ný sambönd og reynslu sem gætu gagnast mér í framtíðinni. Ég elska viðskiptalífið, og langar að læra eins mikið og ég get til þess að geta hrint hugmyndum mínum í framkvæmd, fyrr heldur en síðar.“

að safna pening, vinnandi á lagernum hjá Ölgerðinni. Þegar skólinn byrjaði aftur flutti ég inn með stelpu sem var mín fyrsta vinkona hér í Los Angeles, hún er frá Rússlandi og ég flutti inn með henni og franska kærastanum hennar í aðra íbúð í sömu blokk. Við bjuggum þar saman í ár þangað til við ákváðum að flytja. Þau fengu sér íbúð saman og ég flutti til Marina Del Rey með tveimur íslenskum stelpum, en það er æðislegt hverfi með fram ströndinni og nálægt skólanum mínum. Eftir útskrift fluttum við svo í miðbæ Los Angeles og þar erum við búnar að vera í næstum því ár. Þetta er mjög spennandi staður til að búa á en þínu skítugur, mikið af heimilisláusu fólki og loftmengun. Eins og sést hef ég búið víða, og uppáhaldsstaðurinn minn til að búa á hlýtur að vera Brentwood/Santa Monica. Þar er svo fallegt, mikill gróður, mjög hreint og alltaf góð sjávargöla. Ef ég gæti flutt í hvaða götu sem er þá myndi ég klárlega flytja á Mulholland Drive í Hollywood Hills. Ótrúlega falleg gata uppi í hæðunum með glæsivillum úti um allt.“

Fékk fyrstu íbúðina leigða á traustinu einu saman

Magnea hefur búið á nokkrum stöðum í Los Angeles, ýmist ein eða með íslenskum eða erlendum vinkonum. „Það er mjög erfitt fyrir útlendinga að finna íbúðir hérna í Bandaríkjunum því við erum til að byrja með ekki með Social Security-númer, ekkert „credit score“ sem er eiginlega svona „traustverðugleika/lánshæfismat“, og engar bakgrunnsupplýsingar liggja fyrir, sem setur okkur í ákveðinn áhættuflokk fyrir leigusala. Þegar ég flutti fyrst til Los Angeles bjuggum ég og frænka mín í Culver City í tveggja herbergja íbúð. Við leituðum lengi að íbúð og vorum mjög heppnar með fyrstu leigusalanum okkar sem voru tilbúnir til þess að treysta okkur og hjálpa okkur. Ég heyri svipadar sögur frá öðrum Íslendingum sem hingað flytja, að margar fyrstu íbúðir koma til út af heppni og góðmennsku. Við frænka mín bjuggum þar saman í um fjóra mánuði þangað til leiðir okkar skildi og við þurftum að flytja í sitt hvoru lagi. Þá flutti ég í Brentwood/Santa Monica sem er mjög flott hverfi nálægt ströndinni. Ég bjó í fimm mánuði með þremur stelpum, ein, sem ég deildi herbergi með var frá Sviss, og tvær sem deildu hinu herbergi íbúðarinnar voru frá Tyrklandi og Úkraínu. Sumrinu eftir fyrsta árið mitt í skólanum eyddi ég á Íslandi í

Sushi í salatformi er uppáhalds
Aðspurð um eftirlætis veitingastaði, bæði hversdags og til hátíðarbrigða stendur ekki á svörum hjá Magneu. „Ég er mjög vanaföst með mat og fæ mér yfirleitt alltaf það sama á sömu stöðunum. Ég fer vanalega á sömu staðina út að borða og fæ mér það sama alltaf. Uppáhaldsmaturinn minn er pítsa og ég er fastagestur á Blaze Pizza, þar borgarðu eitt verð (\$10) og mátt setja eins mikið á pítsuna þína og þú vilt. Ef ég er í stuði fyrir sveittan, feitan hamburgara þá fer ég vanalega á In-n-Out Burger sem er algjört „möst“ að prófa ef maður kemur til Kaliforníu, þar sem þeir staðir eru bara hér og á örfáum stöðum í Nevada og Arizona. Stundum fer ég líka á The Habit Burger þar



next
KRINGLUNNI

sem hún Bryndís Rut, vinkona mín, er fastagestur. Fyrir bestu kjúklingavængina er Wingstop númer 1, 2 og 3! En það er klárlega uppáhalds-skyndibitinn í Bandaríkjunum.

Ef ég er að reyna að borða í hollari kantinum þá elska ég Tender Greens eða „poke bowl“, sem er klárlega einn af mínum uppáhaldsréttum, en það er sem sagt sushi í salatformi. Mæli klárlega með því!

Síðan er líka „möst“ þegar þú kemur til Los Angeles að koma við á „taco truck“ og fá þér „al pastor tacos“ (svínsrass). Mexíkóskur matur er klárlega vinsælastur hér enda mikið um mexíkóskan kultúr í þessari borg. Korean BBQ er líka skemmtilegt, hlaðborðs-stemning og maður má borða eins mikið og maður vill, og maður eldar matinn sjálfur á borðinu sínu!

Ég elska líka að elda heima og ég er með algjöra delli fyrir einni matvöruverslun sem heitir Trader Joe's. Sú búð selur einungis sína eigin vörulínu, hágæðavörur, lífrænar, GMO-laugar.


Ég fer voða lítið „fancy“ út að borða sjálf en ef ég fer þá mæli ég með Catch LA, þú munt alltaf sjá einhvern frægan þar inni. BOA Steakhouse í Beverly Hills er geggjað steikhús með besta sesarsalatid í bænum. Katana í Beverly Hills tekur besta sushið og síðan elska ég TAO í Hollywood.

Uppáhaldskaffihúsið mitt er Urth Café, það er mjög rólegur og „fancy“ kaffistaður. 85 Degrees Bakery er líka geggjað, það er asískt bakarí og kaffihús með endalaust úrval af girnilegum kökum og brauðum. Það minnir mig svolítið á íslensk bakarí en það er ekki mikið um bakarí eins og við þekkjum þau hér úti.“

Næturklúbbarnir eru sérhæfing Magneu

Magnea vinnur á mörgum næturklúbbum við að fá fólk til að koma inn á staðina, svokallaður „host“ og á hún því auðvelt með að segja hvaða klúbbar eru vinsælastir: „Næturklúbbarnir eru svo örugglega mín aðalsérhæfing – ég er „host“ á mörgum klúbbum, sem felst í því að ég fæ fólk til að koma á klúbbinn og útvega því þá þjónustu sem það vill fyrir kvöldið og þess háttar, sel svo sem flöskuborð og tek prósentur af minni sölu, og þekki margt fólk í þeim bransa. Í Los Angeles eru allir vikudagar djamm-dagar, og á flestum skemmtistöðunum er aðallega spilað hip-hop. 10AK er bestur á fimmtudögum og laugardögum. Á mánudögum er gaman að fara á Ace of Diamond sem er klúbbur og strippklúbbur. Á sunnudögum á sumrin eru dagpartí mjög vinsæl, til dæmis á The Penthouse. Aðrir staðir sem vert er að nefna eru Hyde, Poppy og Warwick. Ég elska líka að kíkja á bari, ef maður er í stuði fyrir góða margarítu mæli ég með Cabo Cantina sem er mexíkóskur, svo má ég til með að nefna Taco Madera sem er vinsæll bar/

Hamborgarinn hjá In-n-Out Burger er svo sannarlega girnilegur.



Útsýni yfir Los Angeles frá Mulholland Drive.



veitingastaður í West Hollywood. Svo er æði að kíkja á þakbarinn á W Hotel í drykki!“

Uber er klárlega málið þegar hún keyrir ekki um á lúxusbifreið

Í stórborg eins og Los Angeles eru margs konar samgöngumátar í boði og Magnea er búin að prófa þá flesta og segir Uber vera þann besta. „Þegar ég var nýflutt til Los Angeles þá ferðaðist ég með strætó. Almenningsamgöngurnar hérna eru ekki upp á marga fiska en það hefur breyst aðeins til hins betra, fínt lestarkerfi til dæmis. Ef ég er ekki á bíl þá er Uber klárlega málið. Okkur vantar klárlega Uber á Íslandi.“


Í dag felst mín vinna í því að reka lúxusbílaleigu í Beverly Hills sem heitir Royal Exotic Car Rental. Ég vinn alla daga vikunnar, 24/7, þannig að ég keyri yfirleitt um á einum af vinnubílunum, en úrvalið hjá okkur hefur að geyma bíla eins og Lamborghini, Rolls Royce, Ferrari, Maybach, G Wagons, Bentley og fleiri sem ég hef til afnota, sem er náttúrulega bara skemmtilegt,“ segir Magnea og er líklegt að margir öfundu hana af þeim farkostum.

Magnea elskar að taka að sér hlutverk leiðsögumanns

Það er ljóst að af nægu er að taka í Los Angeles fyrir ferðamann í borginni, en hvenær mælir Magnea með að borgin sé heim-sótt og hverju mælir hún með til afþreyingar? „Besti tíminn til að upplifa borgina er á sumrin. Það getur orðið svolítið mikið heitt en ótrúlega fallegt. Ef ég fæ gesti í heim-sókn þá er ég vanalega búin að plana vel fram í tímann það sem ég vil gera með fólki, en ég elska að bregða mér í hlutverk leiðsögumanns og sýna fólki um. Ég mæli með



Hin fræga Santa Monica-bryggja.



Á Catch LA má alltaf ganga að því vísu að sjá einhvern frægan.

Hollywood. Það er hægt að byrja daginn á að fara í „fjallgöngu“ eða „hike“ upp að Hollywood-skiltinu. Fara síðan á Hollywood og Highland gatnamótin þar sem stjörnugangstéttin er, vaxstytusafnið og nóg af búðum og öðru í kring. Ef þú ert á bíl (ef ekki geturðu keypt miða í Starlines-rútu) geturðu keyrt Mulholland Drive og séð öll flottu húsin og útsýnið yfir alla borgina. Þaðan geturðu farið í Griffith Observatory-safnið og skoðað og lesið og lært. Síðan endað daginn á Hollywood og Highland aftur á staðnum Dave and Busters í bjór, borgara og leiktækjum.

Á sunnudögum er gaman að ganga hjá Melrose og Fairfax. Ef þú ert mikið fyrir „street fashion“ og „custom made“ föt þá er það staðurinn fyrir þig. Á sunnudögum er líka risastór markaður með heilmikið af „vintage“-fötum. Þaðan er hægt að rölta í Bape-búðina, Round Two (sölu/skiptibúð fyrir dýrar vörur) Supreme-búðina, Cool Kicks (vinsælir og einstakir strigaskór) og Flight Club. Þaðan mæli ég með að farið sé á Rodeo Drive sem er vinsæla verslunargatan með öllum dýru merkjabúðunum eins og Louis Vuitton, Gucci, Chanel, Versace, Saint Laurent og fleira.

Ef þú ert að koma til Los

Angeles til þess að versla mæli ég með Citadel Outlets. Það er rísa „outlet“ með búðum eins og Armani, Nike, Adidas, Tommy Hilfiger, Coach og fleira. Stærsta verslunarmiðstöðin í Los Angeles heitir síðan Westfield Topanga Mall í Calabasas (þar sem Kardashians og Drake búa). Ég elska mest að versla á fyrrnefndu Third Street Promenade ásamt Westfield-verslunarmiðstöðvakeðjunni. Svo er gaman að fara í miðbæinn í Santee Alley í „Fashion District“-inu. Það er stór og langur markaður með föt frá búðum eins og Fashion Nova, Pretty Little Things, Júník og Manú. Hellingur af sólgleraugum, tóskum og skóm.

Skemmtilegir og áhugaverðir hlutir til að gera í Los Angeles að mínu mati eru að fara á línuskauta í World on Wheels, Pinch Bowling Alley í keilu á miðvikudögum ef þú vilt hitta rappara. Ef þig langar í kúltúrsjökk farðu á „Skid Row“ þar sem heimilislaust fólk hópast saman og býr í tjaldborgum (EKKI fara fótgangandi). Þá sérðu skýrt hvað við höfum það til dæmis gott á Íslandi, en þetta er ekki fyrir alla að sjá. Það eru asískar matvörubúðir úti um allt með mjög skrytnum og skemmtilegum mat, til dæmis í Chinatown, Koreatown, Little Tokyo. Karóíkistaðirnir eru mjög skemmtilegir. Ef þú ert á bíl geturðu keyrt með fram ströndinni og upp í Malibu, getur tekið „hike“ að „The Wisdom Tree,“ prófað Jewish Shabbat Meal á föstudögum og kynnst fleiri trúarbrögðum og fjölbreyttari menningu þar í kring, þar sem það er nóg að læra og skoða.“

Hamingja í hverri skeið

Hádegisstilboð breytilegt eftir dögum

Sægreifinn

geirsgötu 8 / s. 553 1500


SAKAMÁL

BLÓÐBAÐ Í DEVON

■ Thomas var vel stæður bóndi
■ Greip til örþrifaráða þegar pyngjan tæmdist



350.000 sterlingspunda líftrygging var ástæða þess að Fadi Nasri réð mann til að myrða eiginkonu hans, lögreglukonuna Nisha Patel-Nasri, í maí 2006. Í hlutverki hins sorgmædda eiginmanns gaf hann lögreglunni upp nöfn fimm einstaklinga sem hann sagði að hefðu vilja eiginkonu hans feiga. Fadi var skuldum vafinn en sá sér þó fært að greiða morðingjanum 15.000 sterlingspund fyrir vikið. Hann komst ekki upp með glæpinn.



Eiginkonan myrt
Á Thomas rann mikið æði og engum var eirt.

Fyrir margt löngu, árið 1694 nánar til tekið, var uppi maður í litlu þorpi í Devon á Englandi. Maðurinn hét Thomas Austin og var ágætlega metinn bóndi. Thomas þessi hafði alist upp í Cullompton, indælu samfélagi á milli Honiton og Tiverton.

Foreldrar þessa unga manns voru vel stæðir bændur og nutu virðingar í samfélaginu, áttu eigin jörð og skulduðu engum.

Tíminn leið, eins og óhjákvæmilegt er, og einn góðan veðurdag erfði Thomas býlið að foreldrum sínum gengnum. Árleg innkoma nam um 80 ster-

ingspundum sem á þeim tíma var álitleg summa, nógu há til að Thomas væri metinn þokkalega efnaður maður.

Eyðir og spennir

Þar sem aldrei hafði fallið blettur á orðspor Thomasar fór hann ekki um hönd dóttur vel stæðs bónda í grenndinni. Heimanmundur brúðarinnar var ekki amalegur; heil 800 pund.

Það þarf skapgerðarstyrk til að höndla þvílík umskipti og að fjórum árum liðnum, og sennilega mun fyrr, var ljóst að Thomas bjó ekki að slíkum styrk.

Hann var búinn að sólunda öllu sínu fé og heimanmund eiginkonunnar að auki. Hann þurfti að taka lán gegn veði í jörð sinni en gat þó með engu móti látið af þeim dýra lífsstíl sem hann hafði tamið sér.

Umburðarlyndir nágrennar

Thomas hafði aldrei verið annað en bóndi og kunnir ekkert annað, en býlið gaf ekki nógu mikið af

sér eða nógu ört til að fjármagna neyslu hans.

Thomas lagði höfuðið í bleyti og datt í hug að beita nágrenna sína svikum og prettum. Nágrennarnir ákváðu í minningu foreldra Thomasar að horfa í gegnum fingur sér með athæfi hans.

Thomas var kominn á bragðið og sýndist sem frama væri að finna í prettum og þjófnaði og taldi víst að lánið yrði honum hliðhollt á þeim vettvangi.

Rán um hábjartan dag

Í fyrstu var ekki annað að sjá en Thomas hefði lagt rétt mat á nýjan starfsferil því á meðal þess sem hann afrekaði var að ræna vellauðugan mann á veginum milli Taunton Dean og Wellington.

Upp úr krafsinu hafði hann 46 gíneur og sverð með silfurhjöltum, og komst undan án þess að kennsl yrðu borin á hann.

En uppskeran varð skammgóður vermir og á skömmum tíma tókst Thomasi að eyða fénu og lánardrottinnar sem sífellt vokuðu yfir honum kröfðust greiðslu skulda.

Heimsókn til frænku

Voru nú góð ráð dýr og Thomas fylltist örvæntingu, en reyndi þó að bera sig mannalega. Einn góðan veðurdag sagði hann eiginkonu sinni að hann hygðist leita ráða hjá eiginmanni frænku hennar. Sá var einn hans næstu nágrenna og lagði Thomas af stað á hestum postulanna.

His rétta var að Thomas var fullkunnugt um að frænka eiginkonu hans var ein heima með börnin. Hún tók honum fagnandi og bauð honum inn til að halda henni selskap. Hún hafði verið ein með börnum sínum fimm síðan árla morguns og hugnaðist vel að ræða við einhvern fullorðinn.

Móðir og fimm börn myrt

Thomas þóttist ætla að koma sér vel fyrir í stól, en greip í sömu andrá öxi eina sem var við eldstæðið og keyrði hana í höfuð frænkunnar. Höfuð hennar var svo gott sem klofið niður að hálsi og hún féll sem slytti á gólfið, en þó enn með lífsmarki. Í nokkrar mínútur fossaði blóðið úr svöðusárinu og síðan gaf hún upp öndina.

Thomas lét ekki þar við sitja og sneri sér að börnunum fimm. Skar hann þau á háls, eitt á fætur öðru, og hrúgaði líkunum ofan á látna móður þeirra.

Að þessu loknu fór Thomas upp á efri hæðina og hirti þar allt fé sem hann fann, um 60 pund allt í allt, og hraðaði sér heim á leið.

Fjölskyldan myrt

Eins og við var að búast var þónokkuð blóð á Thomasi eftir morgunverkin og fór ekki hjá því að eiginkona hans tæki eftir því. Hún spurði Thomas hverju það sætti hann svaraði með tilþrifum: „Tíkin þín! Þú færð brátt að sjá það.“ Að þeim orðum sögðum skar hann hana á háls með rakhnífi. Thomas notaði síðan sama hníf til að myrða börn þeirra hjóna, það eldra rétt um tveggja ára.

Enginn felldi tár

Eiginmaður frænkunnar nánast gekk inn í viðbjóðinn því á leið heim til sín ákvað hann að kíkja til Thomasar. Þá vissi hann að sjálf sögðu ekkert um örlög sinnar eigin fjölskyldu, en hann réðst til atlögu við Thomas, hafði hann undir og kom á hann böndum. Síðan kom hann Thomasi í hendur réttvísinnar sem sendi hann í fangelsið í Exeter.

Í ágúst 1694 var Thomas hengdur og féllu engin tár enda ekkert skyldmenni hans á lífi þegar þar var komið. ■

ERTU AÐ FARA Í FLUG?

ÞJÓNUSTUM ÞIG OG ÞÍNA Í MAT OG DRYKK



Hafnargata 19a Keflavík / S. 421 4601



22 ára heróínífill og vændiskona, Tiffany Bresciani, varð síðasta fórnarlamb bandaríska morðingjans Joels Rifkin. Tiffany hafði sest upp í Mazda-pallbíll Joels, sennilega í viðskiptaerindum, og sást ekki á lífi eftir það. Síðar vakti bíllinn athygli lögreglumanns því engin skráningarnúmer var að sjá á bílnum. Rotnandi líkamsleifar Tiffany fundust í bílnum. Talið er að Joel Rifkin hafi haft 17 mannslíf á samvisskunnri og fékk hann 183 ára fangelsisdóm.

Firra veldur fjórtjóni

■ Bernska Sophie var ekki gleðirík
■ Fullorðinsárin báru þess merki

Það er margt í mörgu, er stundum sagt. Sophie Tieufri er frönsk kona sem í kringum 2005 bjó í Wasquehal, þorpi í Norður-Frakklandi, þá um fertug að aldri. Sagan segir að bernska Sophie hafi ekki verið dans á rósum; móðir hennar var drykkfelld og sifell haldandi framhjá föður hennar. Faðir hennar tók þá upp á því að þröngva „slæmum venjum“ sínum upp á hana, svo notuð séu orð Sophie. Talið er nokkuð ljóst að þar hafi hún átt við kynferðislegt ofbeldi.

Sumir myndu segja að faðir Sophie hefði fengið makleg málagjöld, því þegar Sophie var á unglingsaldri brann hann til bana. Hann hafði tendrað sigarettu þar sem hann stóð við bensíntank og varð fyrir en varði alelda.

Félagsráðgjafi í Havaí-skyrtu

Fimmtán ára að aldri reyndi Sophie að fremja sjálfsvíg og síðan varð hún barnshafandi og, þrátt fyrir ungan aldur, gekk í hjónaband. Áður en það hjónaband rann sitt skeið voru börnin orðin tvö.

Árið 1995 átti Sophie í deilum við vinnuveitanda sinn og brá á það ráð að kalla til fulltrúa stéttarfélagssins sér til fulltingis. Sá sem svaraði kalli hennar var Jean-Pierre Delvallez og mætti hann á fund hennar í Havaí-skyrtu og hvítum ípróttabuxum. Hvort klæðnaður Jean-Pierre red úrslitum skal ósagt látið en hjá honum og Sophie hófst eldheitt ástarsamband.

Sakaður um sífjaspell

Ávöxtur sambands þeirra varð stúlkubarn og í kjölfar fæðingarnar lýsti Sophie fjálglega ánægju sinni með þróun mála. Jean-Pierre mun ekki hafa verið sama sinnis og sagði hún að hann hefði reiðst ofsalega. „Hann fór að móðga mig og misbjóða, og þröngva sínum slæmu venjum upp á mig,“ sagði Sophie.

Leiðir þeirra skildu en þrátt fyrir allt og allt þá kvartaði Jean-Pierre yfir að fá ekki að sjá dóttur sína. Sophie svaraði umkvörtunum hans með því að saka hann um sífjaspell.

Óproskuð og áhrifagjörn

Starfsmenn félagsmálaþjónustunnar blönduðust í þessa deilu og töldu ekki fráleitt að Sophie væri farin að ruglast á raunveruleikanum og ógeðfelldri bernsku sinni og þeirri óhæfu sem hún hafði verið beitt af föður sínum.

Sophie var að sögn læknis „einstaklega óproskuð, mjög

„Pabbi þinn mun ekki angra þig framfar. Ég gerði það sem nauðsynlegt var.“ /Faðir hennar tók þá upp á því að þröngva „slæmum venjum“ sínum upp á hana.

áhrifagjörn og brothætt í sálrænu tilliti.“

Sophie lét ekki af ásökunum sínum um blóðskömm af hálfu Jean-Pierre og hann hafði ekki undan að bera af sér sakir. Reyndar voru allir sem til þekktu á einum máli um að Jean-Pierre væri saklaus af þeim ávirðingum sem Sophie bar á hann.

Fjórtán hnífstungur

Síðla kvölds 24. mars, 2005, dró til tíðinda í borginni Lille. Jean-Pierre hafði setið fund í borginni og gekk að bifreið sinni að fundinum loknum. Þegar hann var rétt ókominn að bílnum stöðvaði hjá honum manneskja á reiðhjóli. Sú var svartklædd frá toppi til tár og með hjálm sem huldi ásjónuna.

Jean-Pierre átti orðastað við viðkomandi sem skyndilega mundaði hníf og stakk Jean-Pierre ítrekað. Jean-Pierre féll á bakið yfir húdd bifreiðar sinnar og veinaði: „Hvað ertu að gera mér.“

Fjórtán sinnum stakst hnífurinn í líkama Jean-Pierre, aðallega í kviðinn og var hann löngu látinn þegar hnífurinn var dreginn í síðasta skipið út úr líkamanum.

Vitni að þessu hafði á orði að þetta hefði verið líkara aftöku en morði.-

Með leikfangabangsa í dómsal

Tveimur klukkustundum síðar kom Sophie heim til sín í Wasquehal og sagði við dóttur sína og Jean-Pierre: „Pabbi þinn mun ekki angra þig framfar. Ég gerði það sem nauðsynlegt var.“

Vindur nú þessari frásögn fram til janúar 2009. Þá var Sophie formlega ákærð fyrir morð að yfir-lögðu ráði. Í dómsalnum í Douai, skammt frá Lille, minnti Sophie meira á barn en fullorðna konu þar sem hún sat og hélt leikfangabangsa þétt upp að sér.

Trúði eigin órum

Að sögn geðlæknis var Sophie ófær um að eiga í eðlilegu fullorðinssambandi við annað fólk og mátti rekja það til bernsku hennar.



Við dómhúsið Sophie var barni líkust í dómsal.

Annar sérfræðingur sagði að Sophie tryði í einlægni því sem hún fullyrti, þar á meðal að Jean-Pierre hefði kynferðislega misnotað dóttur þeirra.

Árið 2005 hafði dóttur þeirra verið komið fyrir í fóstri og félagsmálayfirvöld hvöttu til þess að Jean-Pierre hefði samband við hana. Við réttarhöldin kom í

ljós að Sophie hefði ekki hugnast þessi þróun og talið fullvíst að Jean-Pierre mundi taka upp „fyrri háttu“. Nokkrum dögum síðar gerði hún Jean-Pierre fyrirsát í Lille með áður nefndum afleiðingum.

Sátt við refsinguna

Verjandi Sophie bar kvíddóm að sýna því skilning að hún væri nán-

ast barn sjálf, hún hefði trúað að barnsfaðir hennar væri sekur um blóðskömm og orðið honum að bana í þeirri fullvissu að hún væri að bjarga dóttur sinni.

Sophie fékk 17 ára dóm. „Já, já,“ sagði hún kjökrandi, „það sem ég gerði var hræðilegt. Ég samþykki þá refsingu sem ég hef verið dæmd til.“ ■

NOKIA

6.1

16 MP MYNDAVÉL




SÍMI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á

androidone
NOKIA

ZEISS

Helgarkrossgátan



						→		munda	vefnaður	skankana	
								raka			
								kámar			
								rák			
						↓		staka		5	
krossgátugerð: Bjarni Sími: 845 2510	↓	spanderar	kex	ávöxtur	Teikning: Hallður Andri eftirprentun bónnuð	hastið	bráðum		1		
ilátin							feiti				
fuglinn					hervirki rumpur					snöggur	
lélegri							frjáls				
fuglinn							samtök	4	skálm áorka		
	↓	vankast	kvendýr tvístíga	9				gjóta nefgöng			
karldýr						einn til hró					
landeyðing						3	einsamán	fugl		4 eins	
skítugar								safn 2000			
spjall					banka skolla			líkams- hluti	þoka aflaga		
	↘									↗	
innan	7		tvíhljóði ytir			frá	matjurt röð				
			riðnar ruður					6	útlímur	pirraði huglausa	
fálm	8				fyrirgefur næstum						
árföðurinn						fugl tré					
		litlaus snjókúla				bág			áttund hanka		
hvað?			útkjálki				sáðlönd fugl				
kona						karldýr				til	
áttund			úrgangur		2			vitstola			
dæld						umrótið					

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

		9	2					3
5	8				4		9	
			7	8		5		
3		2					7	8
4	1	5						
7			9	1	2		4	
8						2	3	7
	2		4	6		8		
		3					1	

Erfið

3	6			2				1
				8			6	7
4					1			
			1	6	3		7	8
					2		1	5
		9					3	
			2	5	6			
9					4			
1	5		3					

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Hallfríður Frímansdóttir

Sólheimum 14

104 Reykjavík

Lausnarorðið var **SKELLINADRA**

Hallfríður hlýtur bók

að launum.



Verðlaun fyrir gátu blaðsins 15. júní eru HELLISBÚINN eftir Jørn Lier Horst


Premur húsum frá heimili lögreglumannsins hefur maður verið dáinn fyrir framan sjónvarpstækið í fjóra mánuði. Ekkert bendir til þess að andlátíð hafi borid að með saknæmum hætti. Viggo Hansen var maður sem enginn veitti athygli jafnvel þótt hann ætti heima mitt á meðal fólks. Það er ekki fjallað um andlátíð í fjölmiðlum, en eitthvað við málið vekur forvitni blaðamannsins Line, dóttur Wistings, sem vill skrifa grein um manneskju sem enginn þekkti.

Á sama tíma og Line byrjar að rannsaka málið fær lögreglan tilkynningu um annað andlát. Maður finnst á skógarhöggsvæði og ber hann það með sér að hafa legið þar lengi. Það sem finnst á líkinu vekur athygli og leiðir til mestu leitara norskrí glæpasögu. Það eina sem getur hindrað störf lögreglunnar er að fjölmiðlar komist á snodir um það sem er í aðsigi.



Den Danske Kro

Kro Bodega Pub



* HAPPY HOUR FRÁ 16-19 ALLA DAGA *

* LIFANDI TÓNLIST ÖLL KVÖLD *



Ingólfsstræti 3 101 Reykjavík 552-0070 facebook.com/dendanske.kro

ÁFRAM



Betra Púst



ÍSLAND



2018
ÍSLAND



FIFA WORLD
RUSSIA


Eignasala.is




Síldarvinnslan hf

FAGVÍS
FASTEIGNAMIDLUN

 **FASTEIGNASALAN
TORG**

 **EINS OG FÆTUR TOGA**

Tímarvélín



Cementslit,
fæst hvergi annarsstaðar hér í bæ.

Gamla
auglýsingin



Sótölvadir embættismenn á Bergstaðastræti

Laugardagskvöldið 23. febrúar árið 1924 fór samkvæmi embættismanna og bankamanna úr böndunum svo kalla þurfti til lögreglu.

Samkvæmið var haldið í einkahúsi við Bergstaðastræti og á tólfta tímanum var hávaðinn og ópin orðin svo mikil að nágrannarnir þöldu ekki við. Kona ein hringdi á lögregluna sem braust inn bakdyramegin í húsið.

Dró þá úr hávaðanum en út ultu tuttugu sótölvadir menn, sumir óðir og ataðir í blóði eins og sagði í Alþýðublaðinu 26. febrúar. Mest voru þetta ungir menn og sumir þeirra einkennisklæddir.

Einn af þeim, starfsmaður Íslandsbanka, var svo hart leikin að tvo menn þurfti til að leiða hann út. Sjaldgæft var að kalla þurfti lögreglu til að reka fólk út úr einkahúsum „en einhvers staðar verða vondar kindur að vera.“



Mjólkandi geithafur í Grafningi

Í ágúst árið 1985 fannst óvenjuleg skepna á bænum Stóra Hálsi í Grafningi, geithafur sem mjólkaði líkt og huðna.

Það var heimasætan Dóra Ársælsdóttir sem áttaði sig á þessu þegar hún leit undir kvið tveggja vetra hafurs og sá að hann var með lítil júgur. Við nánari athugun sá hún að úr tveimur spenunum kom mjólk. Samkvæmt frétt DV frá 8. ágúst var heimilisfólkið á Stóra Hálsi furðu lostið. Huðna og tveir kiðlingar voru á bænum en þeir höfðu ekki sögið hafurinn.

Dr. Stefán Aðalsteinsson búfjárfraeðingur tjáði DV að mjólkandi geithafur hefðu fundist á Íslandi áður en engin líffræðileg skýring væri til staðar, önnur en sú að ef júgur væru til staðar gætu þau myndað mjólk.



Bítlaöpun

Hljómar voru ein goðsagna-kenndasta hljómsveit Íslands, hinir svokölluðu „íslensku Bítlar“ og samkvæmt því áttu þeir tilkall til að verða stórstjórnur á alþjóðavettvangi líkt og hinir raunverulegu Bítlar.

Hljómsveitin var stofnuð árið 1963 í Keflavík, á hápunkti Bítlaæðisins, af meðlimum úr hljómsveit Guðmundar Ingólfssonar og meðal liðsmanna voru Gunnar Þórðarson og Rúnar Júlíusson. Eftir tónleika í Háskólabíói þann 4. mars árið 1964 slógu þeir í gegn. Í frétt Morgunblaðsins segir:

„Þegar hávær strengjalsláttur hljómsveitanna og skerandi óp söngvaranna, dundu við sem hæst, missti mikill hluti áheyrendanna stjórn á sér og klappaði af sefjun, æpti og stappaði niður fótunum, sumir í gólfíð, en aðrir dönsuðu á stólsetum eða jafnvel stólbökum. Sumir drengjanna drógu af sér jakkana og hentu þeim í loft upp í hita leiksins.“ Hljómar voru orðnir stórstjórnur á einni nóttu og spiluðu um allt land í kjölfarið. En það dugði ekki og því var haldið út til Liverpool og spilað á sjálfum Caven-klúbbnum þar sem fyrirmyndirnar urðu til. Stefnan var sett á heimsyfirráð.

Enn var leitað í viskubrunn Bítlanna og ákveðið að framleiða kvikmynd. Kom hún út árið 1966 og hét á íslensku Sveitaball en á ensku Umbarumbama. Hljómsveitin gekk þá undir nafninu Thor's Hammer, sterk vísun í sögulega arfleið, og spilaði nokkur af sínum helstu lögum á ensku í myndinni enda var hún hugsuð fyrir breskan markað. Upp-tökurnar haustið 1965 voru teknar upp í hljóðveri EMI á vegum Parlophone, sem einnig gaf út Bítlaplötturnar. En Umbarumbama floppaði allharkalega og Íslendingar höfðu ekki einu sinni áhuga á að sjá hana í kvikmyndahúsi.

Við hljómsveitina bættist söngkonan Shady Owens sem gaf henni alþjóðlegan blæ og tilboð bárust frá hermönnum frá Keflavíkurstöðinni um að fljúga vestur um haf til að spila víðs vegar í sjálfri Ameríku en einhvern veginn raungerðist það aldrei. Fyrsta hljómplatan kom svo út árið 1967 en þá höfðu Hljómamenn misst trúna á „meikinu“ og ákváðu að einbeita sér að Íslandsmarkaði.

Hljómar, sem hættu árið 1969, náðu þó vissri erlendri frægð löngu síðar því á tíunda áratug síðustu aldar uppgötvuðu plötusafnarar Thor's Hammer og rauk Umbarumbama-platan upp í verði.

MISHEPPNAÐAR „meik“-tilraunir

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Að „meika“ það á erlendri grundu er orðið Íslendingum eðlislægt. Það mætti segja að Ísland sé „in“ eða

„hipp og kúl“ úti í hinum stóra heimi þar sem frægðin og peningarnir eru. Björk, Sigur Rós, Of Monsters and Men, Kaleo og Jóhann Jóhannsson heitinn eru dæmi um íslenska sigurgöngu erlendis. En þetta var ekki alltaf svo

því að flestar „meik“-tilraunir fyrri áratuga enduðu í vonbrigðum og niðurlægingu, bæði fyrir tónlistarmennina sjálfa og íslenska aðdáendur sem voru þess fullvissir að „meikið“ myndi heppnast.



Aldrei

Partísveitin og flippgeltirnir í Stuðmönnum eru á sama tíma jafn íslenskir og lambakjöt en einnig með útlandaþrá sem varað hefur frá því að sveitin var stofnuð á áttunda áratug síðustu aldar.

Fyrsta plata þeirra ber þess greinilega merki en hún innihélt tvö lög, Honey Will You Marry Me? og Whoops-Scoobie-Doobie frá árinu 1974.

Árið 1982 komu Stuðmenn og Grýlurnar fram í kvikmyndinni Með allt á hreinu sem var þýdd sem On Top fyrir erlendan markað. Útlendingum þótti hins vegar ekki mikið til hennar koma og í L.A. Times stóð að myndin fjallaði um „íslenska furðufugla í skrýtnum fötum.“

Verslunarfulltrúi kínverska alþýðulýðveldisins sá myndina og bauð Stuðmönnum og Ragnhildi Gísladóttur út en þau komu þá fram undir heitinu Strax og sungu á ensku. Strax fór til Kína vorið 1986 og hélt fjórtán tónleika og var gerð heimildamynd um þá ferð, Strax í Kína. Hljómsveitin var þá meðal allra fyrstu vestrænu sveitunum sem komu fram í kommúnistaríkinu.

Síðan þá hafa Stuðmenn margsinnis leitað út fyrir landsteinana, til dæmis með tónleikum í Royal Albert Hall í London árið 2005 og Djass fílharmóníusálfnum í Sankti Pétursborg ári síðar, en þá passað sig á því að ofmetnast ekki og sungið á hinu ylhýra móðurmáli.



Næfurþunnt

Úr hugarheimi Einars Bárðarsonar spratt stúlknasveitin Nylon árið 2004 og nafnið eitt og sér gaf til kynna að landhelgi Íslands átti ekki að verða endimörk frægðarinnar. Ekki reyndist erfitt að tryggja sér vinsældir innanlands og fljótlega vildu allar ungar stúlkur verða Klara, Alma, Camilla eða Emilía. Fyrstu tvö árin fóru í að leggja grunninn hér heima, með hverju topplistolaginu á fætur öðru, bók og DVD-safni.

Þegar lagið Losing a Friend birtist á breska vinsældalistanum í júlí árið 2006 kom það fæstum á óvart. Hinar íslensku Spice Girls voru fæddar. En síðan hófst biðin langa því önnur lög sem sveitin gaf út náðu ekki í gegn.

Árið 2007 kvarnaðist úr Nylon þegar Emilía kvaddi sveitina fyrir hið rólega líf en mögulega hefur hún séð að „meikið“ var ekki að ganga upp. Engar frekari plötur komu út og árið 2008 lagðist hljómsveitin í dvala.

Eftir þriggja ára svefn kom sveitin endurnærð til baka en þá undir nýju nafni, The Charlies, og með nýja töffaraímynd. Eins og rjúpa við staur rembdist The Charlies í fjögur ár en gaf ekki út neina breiðskífu og árið 2015 var dauði hljómsveitarinnar staðfestur.



Á botninum

Sveitin Botnleðja breytti íslensku tónlistarlífi þegar hún sigraði í Músiktilraunum árið 1995 með sínu ofur hressa og næfa pönki. Fyrir hýruna tóku þeir upp frumburðinn Drullumall á aðeins 24 stúdíóttímum en síðan tók alvaran við.

Ári síðar þegar þeir voru að taka upp sína aðra plötu römbuðu meðlimir bresku rokkhljómsveitarinnar Blur inn á tónleika hjá þeim og hrifust af. Í kjölfarið buðu Damon Albarn og félagar Botnleðju að hita upp fyrir þá í Laugardalshöllinni og gekk það svo vel að Hafnirföngunum þremur var boðið á túr um Bretland. Þetta var slegið, heimsfrægðin var handan við hornið.

Botnleðja tók beinþýðinguna á þetta og tók upp nafnið Silt á Blur-túrnum og Haraldur sagði að eftir á hafi það verið mistök. Þeir fengu góðar viðtökur og vilyrði fyrir plötusamning við Island Records en hann kom aldrei. Urðu þeir að láta sér duga samning við norskt fyrirtæki og túr um hina köldu firði þar í landi.

„Við byrjuðum í þessu á algjörlega vitlausum enda. Við höfðum aldrei spilað utan Íslands áður en þarna fórum við í túr með einu stærsta bandi Bretlands og það var uppsett á öll gígg. Þetta var absurd,“ sagði Haraldur Gíslason trýmbill í viðtali við DV í nóvember síðastliðnum.

Önnur atlagan að „meiki“ kom í gegnum Eurovison árið 2003 en Botnleðja hafnaði þá í öðru sæti íslensku sjónvarpskeppinnar. Haraldur og félagi hans, Heiðar Örn Kristjánsson, náðu hins vegar til umheimsins í annarri tilraun, en þá með leikskólalbandinu Pollapönki sem vakti mikla athygli í Eurovision árið 2014 og var síðasta íslenska framlagið til að komast upp úr undanriðli.



Bardir niður

Árið 1988 kom hljómsveit með því undarlega nafni Sálin hans Jóns míns fram á sjónarsviðið og átti eftir að verða óumdeildir konungar hins íslenska sveitaballapopps, krúna sem þeir halda enn níttján plötum seinna.

Á einhvern hátt náðu þeir að klastra saman enn furðulegra nafni þegar þeir ætluðu sér að „meika“ það árið 1991, Beaten Bishops sem sumir töldu vísun í sjálfsfróun. Þetta ár áttu Biskuparnir börðu tvö lög á kynningarsafnplötunni Icebreakers, sem innihélt íslenska úrvalstónlist með enskum textum. Þetta voru Follow My Footsteps (Eltu mig uppi) og Where's My Destiny (Hvar er draumurinn).

Eftir það var haldið í víking til Skandinavíu og tróð sveitin upp í Danmörku, Noregi og Svíþjóð árin 1991 og 1992. En ljóst var að ekki einu sinni náfrændur okkar kunnu að meta Sálina jafn vel og Íslendingar og var því ákveðið að halda sig við að troðfylla Ýdali og Njálsbúð hvert sumar í staðinn.

En „meikdraumurinn“ dó aldrei og árið 2012 voru Biskuparnir særðir upp fyrir tónleika á Spot í Kópavogi, sömu helgi og tónlistarhátíðin Iceland Airwaves var haldin. Var það gert í þeirri von að erlendir uppþefarar myndu ramba inn og uppgötva snilldina en svo varð auðvitað ekki.

Óheppnir

Sumarið 1997 kom fram sjóðheitt band frá Hvolsvelli sem bar heitið Land og synir með vísun í þekktu skáldsögu Indriða G. Þorsteinssonar. Lag þeirra Vöðvastæltur sat á toppi íslenska listans í margar vikur um sumarið og haustið og hljómsveitin fylgdi velgengninni eftir. Samkvæmt heimildum DV heyrðu ballgestir í Miðgarði í Skagafirði hljómsveitina spila Vöðvastæltur samanlagt sjö sinnum sama kvöldið.

Árið eftir fylgdu þeir vinsældunum eftir og gáfu út plötuna Alveg eins og þú við miklar vinsældir en svo ákváðu Hreimur Heimisson og félagar að láta taka sig alvarlega. Platan Herbergi 313 var að hluta tekin upp í Danmörku og horfið var frá hinu glaða og ungæðislega íslenska sveitaballapoppi. Nú skyldi herja í víking og hljóðritaðar voru enskar útgáfur af lögunum.

Sunnlendingarnir komust í kynni við Jive Jones, bandarískan framleiðanda sem staðsettur var hér á landi. Hann hreifst af og haustið 2000 var Hreimur sendur til Bandaríkjanna á fundi við stórbokka úr upptökubransan-



um. Árið 2001 fór hljómsveitin til New York eftir að hafa spilað á þorralóti í Miami og skrifað var undir sex plötu samning. Fyrsta platan var tekin upp en aldrei gefin út og skömmu eftir það lognaðist sveitin út af. Land og synir hefur starfað með hléum síðan og meðal annars spilað í Færeyjum árið 2006. „Við vorum eiginlega bara mjög óheppnir,“ sagði Hreimur um „meikið“ í viðtali við Vísi árið 2010.

**LOKUM 20. JÚLÍ
VEGNA FLUTNINGA**

**HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á MÓTI
YKKUR 14. ÁGÚST AÐ GYLFAFLÖT 6-8**



Gylfaflöt 6 - 8



Fanntófell

HIÐ NÝJA STÓRVELDI Á ÚTHÖFUNUM

■ Kínverjar hafa tryggt sér yfirráð yfir mikilvægum höfnum og stækka herskipaflotann

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Frá örófi alda hafa Kínverjar verið þeirrar skoðunar að óvinir þeirra myndu sækja að þeim á landi og er Kínamúrinn einmitt dæmi um varnir gegn óvinum. Strandlengja landsins er mjög löng en meirihluti landsins er langt frá hafinu og gamlar viðskiptamiðstöðvar á borð við Shanghai og Hong Kong eru langt frá hafinu. Það var því ekki frá hafinu sem Kínverjar töldu að ógn stæðjaði að, hún kom af landi. Það er heldur ekki margt að finna í kínverskri sögu um sjóorrustur nema hvað einn mesti hernaðarósigur Kínverja var þegar breski flotinn bar sigurorð af Kínverjum í Ópíumstríðunum á fyrri helmingi níttjándu aldar.

En fortíðin er fortíð og nú horfa Kínverjar fram á veginn og ætla sér að verða hernaðarveldi á sjó. Þetta sagði Xi Jinping, forseti landsins, á flokksþingi kommúnistaflokksins í október í fyrra. Xi hefur lengi haft á stefnuskrá sinni að styrkja flotann og fjölmiðlar gera flotanum reglulega góð skil. Til dæmis skýrði Xinhua fréttastofan nýlega frá því að flotinn hefði verið með umfangsmikla æfingu í Kínahafi og þar hafi fyrsta flugmóðurskip Kínverja, Liaoning, tekið þátt. Aðeins 14 dögum áður hafði Jinping sjálfur skoðað flotann í tengslum við mikla flotasýningu. Þar voru 48 herskip og 76 orrustuþotur, kafbátar með kjarnorkuvopn og rúmlega 10.000 hermenn auk flugmóðurskipsins góða.

Á æfingunni í Kínahafi æfðu

herskipin loftvarnir og varnir gegn kafbátum. Orrustuþotur tóku á loft frá Liaoning og eldflaugum var skotið. Það er því ljóst að Kínverjar ætla að efla herskipaflota sinn mikið og ætla honum greinilega stórt hlutverk í framtíðinni. Það styrkir þetta enn frekar að Kínverjar hafa hreiðrað um sig í Suður-Kínahafi. Þar hafa þeir byggt og eru enn að byggja herstöðvar og ýmis hernaðarmannvirki sem er hægt að nota til að tryggja stöðu þeirra á mikilvægum siglingaleiðum.

En Liaoning verður ekki lengi eina flugmóðurskip Kínverja því þeir eru sjálfir að smíða þrjú til viðbótar en Liaoning er úkra-

Herstöð Kínverja í Djíbútí.



ínskt skip sem Kínverjar keyptu og breyttu og komu í gagnið. Reiknað er með að Kínverjar muni ráða yfir fjórum flugmóðurskipum hið minnsta árið 2030.

Koma sér fyrir fjarri heimahögum

Það er ekki síður mikilvægt í þessari uppbyggingu að Kínverjar hafa verið að koma sér fyrir erlendis með hermenn. Í ágúst í fyrra opnuðu þeir flotastöð í Djíbútí í Afríku. Þetta er fyrsta flotastöð Kínverja utan Kína og sú eina, í bili.

Hernaðarsérfræðingar eiga þó almennt von á að þessum erlendu flotastöðvum Kínverja muni fjölga á næstu árum því Kínverjar fara ekki leynt með að þeir vilja vera sterkt afl á alþjóðavettvangi og til að vernda viðskiptahagsmuni sína vilja þeir vera með herlið utan Kína.

Það eru því ekki aðeins flotastöðvar sem Kínverjar vilja tryggja sér utan Kína, þeim finnst ekki síður mikilvægt að hafa aðgang að venjulegum kaupskipahöfnum. Þessar hafnir er síðan hægt að nota til að taka við kínverskum herskipum ef þörf krefur.

Nú þegar hafa kínversk fyrirtæki

keypt höfnina í Zeebrugge í Belgíu og samið um að sjá um rekstur á Piraeus-höfninni í Grikklandi til 2051. Þeir hafa einnig leigt höfnina í Gwadar í Pakistan til 2058 en hún veitir þeim mikilvægan aðgang að Ómanflóa. Þá hafa kínversk fyrirtæki einnig samið um leigu á höfnunum í Hambantota á Srí Lanka og Darwin í Ástralíu til 99 ára.

Þeir hafa einnig reynt að tryggja sér yfirráð yfir höfnum í Bandaríkjunum en bandarísk stjórnvöld hafa komið í veg fyrir það enda ekki snjallt að leyfa Kínverjum að ráða yfir höfnum þar í landi, að minnsta kosti ekki út frá hernaðarlegum og landstjórnarmálalegum ástæðum.

Útgjöld Kínverja til hernaðarmála aukast stöðugt en eru samt sem áður aðeins 30 prósent af því sem Bandaríkin eyða í her sinn. En sífellt stærri hluti kínversku fjárframlaganna fer í sjó- og flugherinn auk þess sem verið að tæknivæða landherinn á margan hátt og auka tæknina hjá honum. Með þessari tæknivæðingu hefur verið hægt að fækka hermönnum um eina milljón og það hefur losað um fjármagn sem er hægt að nota í herskipaflotann. ■

Næsti kafli
hefst hjá

OKKUR

hafðu samband

GIMLI
FASTEIGNASALA

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík
s. 570 4800 / gimli@gimli.is



Refsingin fyrir morð á að vera meira en bara aflýst frí

■ Kara-Murza hefur lifað af tvær morðtilraunir með eitri ■ Mun ekki lifa þá þriðju af

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Ef eitrið verður fyrir Vladímír Kara-Murza í þriðja sinn verður ekki hægt að bjarga honum. Þetta segja lækningar honum. Þriðja eitrunin mun einfaldlega drepa hann. Hann lifði naumlega af tvær morðtilraunir þar sem eitrið var fyrir honum. Læknar segja að líkurnar á að lifa af hafi aðeins verið fimm prósent í hvort sinn. Síðast var eitrið fyrir honum í febrúar á síðasta ári en þá voru liðin tvö ár frá fyrri morðtilrauninni.



Bill Browder, óvinur Pútíns númer 1.

Nokkrum mánuðum fyrir fyrri morðtilraunina var vinur hans og viðskiptafélagi, Boris Nemtsov, skotin til bana á götu úti nærri Kreml í Moskvu. Murzas komst til meðvitundar eftir fyrri morðtilraunina nokkrum vikum eftir að honum var byrjað eitri. Læknar vita ekki hvaða eitri var notað en eru ekki í vafa um að eitrið var fyrir honum. Í síðara skiptið voru einnig þau sömu, líktust hjartaáfalli en Murza vissi að hann væri ekki að fá hjartaáfall. Honum var haldið sofandi í tvær vikur. Þegar hann vaknaði yfirgaf hann Rússland ásamt fjölskyldu sinni.

Murza er ekki í neinum vafa um hverjir stóðu á bak við morðtilræðin. Sterk öfl meðal rússnesku elítunnar vilja gjarnan losna við hann á sama hátt og margir pólitískir andstæðingar þeirra og gagnrýnendur hafa dáðið. Murza veit einnig vel af hverju hann er svona óvinsæll hjá elítunni. Hann er einn af helstu talsmönnum hinna svokölluðu Magnitskij-laga sem falla ekki vel í kramið hjá elítunni.

Magnitskij-lögin beinast gegn valdamestu mönnum Rússlands og hitta á þann stað sem þá sviður mest, veskið og möguleikann á að ferðast út fyrir Rússland. Bandaríkin tóku fyrst ríkja slík lög upp en það var 2012 eftir að rússneskur lögmaður lést í fangelsi á meðan hann beið réttarhalda. Lögmaðurinn, Sergej Magnitskij, hafði skömmu áður komið upp um umfangsmikil skattsvik og spillingu meðal rússneskra ráðamanna og yfirvalda. En afhjúpun hans leiddi ekki til rannsókna á málunum heldur var Magnitskij sakaður um skattsvik. Nokkrum dögum áður en hann átti að mæta fyrir dómara fannst ungi lögmaðurinn látinn í fangaklefa sínum. Samkvæmt skýrslum lést hann af völdum hjartastopps og blóðeitrunar af völdum lifrabólgu sem hann smitaðist af í fangelsinu. Niðurstaða rannsóknar rússneska mannréttindaráðsins var að hann hefði verið pyntaður og beittur miklu ofbeldi áður en hann lést. Þetta varð til að Barack Obama, þáverandi Bandaríkjaforseti, innleiddi hin svokölluðu Magnitskij-lög í desember 2012. Lögin náðu þá til 18 Rússa.

Rússar svöruðu þessu með refsiaðgerðum gegn nafngreindum bandarískum ríkisborgurum og lokuðu á ættleiðingar frá Rússlandi til Bandaríkjanna. Einnig var dómur kveðinn upp yfir hinum látna lögmanni og hann sakfelldur fyrir skattsvik.

„Murza er ekki í neinum vafa um hverjir stóðu á bak við morðtilræðin.“

Fleiri ríki hafa innleitt útgáfur af Magnitskij-lögum

Fram að þessu hafa Kanada, Bretland, Eistland, Lettland og Litáen innleitt sínar eigin útgáfur af Magnitskij-lögum. Breska löggjöfin er sérstaklega áhrifamikil að mati Muzar þar sem Lundúinir hafa lengi verið uppáhaldsstaður þeirra skúrka sem olígarkar eru að hans sögn. Bresk stjórnvöld innleiddu lögin þó ekki fyrr en nú í maí í kjölfar erfiðra samskipta þeirra við Rússa eftir að eitrið var fyrir Skripal-fedginum fyrir á árinu. Bretar hafa lengst af lokað augunum fyrir umsvifum Rússa í Lundúnum enda hafa rússnesku auðmennirnir komið með mikið fjármagn til borgarinnar.

Rússar hafa gagnrýnt lögin og segja þau vera dóm, sem kveðinn er upp án réttarhalda, yfir rússneskum ríkisborgurum fyrir meint afbrot sem voru framin í Rússlandi. Murza segir að eins og staðan sé í dag sé eina leiðin sem fær er að Vesturlönd beiti þeim refsiaðgerðum gegn Rússlandi sem Magnitskij-lögin eru. Ekki sé hægt að láta alvöru réttarhöld fara fram í Rússlandi eins og staðan sé þar í dag.

„Refsingin fyrir pyntingar, morð, ólöglegar handtök og umfangsmikla spillingu eiga ekki að vera aflýst sumarfrí eða að innistæður á breskum bankareikningum séu frýstar. Það eiga að vera alvöru réttarhöld hjá alvöru dómstól.“

Bandaríkjamaðurinn Bill Browder hefur einnig unnið ötullega að því að fá fleiri ríki til að samþykka Magnitskij-lög en það var Browder sem réð Sergej Magnitskij á sínum tíma til að rannsaka skattsvik, rannsókn sem varð honum að bana. Browder segir að Vladímír Pútín, forseti Rússlands, sé einn reiðasti og illgjarnasti einræðisherra heims, þjóðarleiðtogi



Vladímír Kara-Murza á sjúkrahúsi eftir morðtilræði.

sem hefji stríð, eitri fyrir óvinum sínum, svindli á ólympíuleikumum og blandi sér í kosningar í öðrum ríkjum.


„Hann er ógn við heiminn og hann hefur aðeins áhuga á einu: Peningunum sínum. Hann á mikið af peningum og þá peninga geym-

ir hann á Vesturlöndum. Hann vill ekki að þessi lög ógni peningunum hans.“

Segir Browder. Hann segir einnig að það sýni hinn mikla siðferðisskort sem hrjáir Pútín að þegar Bandaríkin innleiddu Magnitskij-lögin hafi Pútín bannað ættleiðingar rússneskra barna til Bandaríkjanna. Það sýni innræti hans að svarið við refsiaðgerðum gegn glæpamönnum, spilltum embættismönnum og mönnum sem brjóta mannréttindi sé að banna ættleiðingar. Eitthvað sem bitnar á börnum.

Það er einmitt af því að Magnitskij-lögin koma illa við pyngju rússnesku elítunnar sem þau eru sterkasta vopnið gegn henni að mati Browder.

Rússar eru ósáttir við Browder og hafa margoft reynt að láta handtaka hann og fa hann framseldan til Rússlands. ■



Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handhnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía



Fregnir af fræga fólkinu



Jói G. leikur í sænskum spennubáttum

Fyrir viku var spennubáttaröðin Ríg 45 frumsýnd á Viaplay í Svíþjóð. Leikarinn Jóhann G. Jóhannsson fer með hlutverk í þáttunum og var í nokkra mánuði í Dublin við tækur í fyrra.

Þættirnir gerast á olúborpalli í Norðursjó þar sem slys verður tveimur dögum fyrir jól. Olúfyrirtækið sendir Andreu, sem leikin er af Catherine Walker (Versailles, Critical) til að kanna atvikið, áhöfnin um borð er ósamvinnufús og þegar hvirfilbylur skellur á og þau verða sambandslaus við umheiminn komast þau að því að morðingi er um borð.


Í öðrum hlutverkum eru meðal annars Gary Lewis (Outlander, Gangs of New York), Lisa Henni (Easy Money, Fallet) og Søren Malling (A Hijacking, A Royal Affair). Þættirnir eru sex talsins og fyrstu dómur lofa góðu, en horfa má á þættina á Viaplay. „Var hluti af dásamlegum hópi. Í frábærum leikaraskara með flottan leikstjóra og solid handrit. Fólk fer að deyja en hver er morðinginn. Agatha Christie mætir Alien,“ segir Jói um þættina.



Fjölgun hjá Garðari – Fimma í hús

Garðar Gunnlaugsson knattspyrnukappi eignaðist nýlega sitt fimmta barn, með kærustunni Fanneyju Söndru Albertsdóttur. Myndarlegur drengur kom í heiminn þann 1. júní síðastliðinn og er hann fyrsta barn Fanneyjar, en það fimmta hjá Garðari, sem á fyrir þrjú syni og eina dóttur. Þau eru aldrinum 2–16 ára.

15 ára aldursmunur er á hinum nýbökðu foreldrum, Fanney er nýorðin tvítug, en Garðar er 35 ára. Til gamans má geta þess að Fanney, sem var valin Miss Talent Iceland í Ungfrú Ísland árið 2017, er elsta dóttir Sigrúnar Elisabethar og Alberts, sem eiga 10 börn saman, fyrir átti Albert þrjú börn. Gæti því barnahópurinn hjá Garðari og Fanneyju stækkað enn frekar.



Fékk frábæra gjöf frá godinu

Söngvarinn Raggi Bjarna hefur fylgt þjóðinni í fjölda ára og er einn af okkar ástsælustu söngvurum. Raggi á fjölmarga aðdáendur á öllum aldri og einn sá dyggasti er Valdimar Víðisson, skólastjóri Öldutúnskóla, sem haldið hefur upp á Ragga frá barnæsku. Það voru því hægt heimatökin fyrir Sigurborgu Geirdal, eiginkonu Valdimars, að velja gjöf í tilefni af eins árs brúðkaupsafmæli þeirra: myndir af þeim félögum og bréf frá Ragga. Í bréfinu skrifar hann meðal annars: „Valdimar minn, takk fyrir alla vináttuna í gegnum árin. Það var mjög gott að vita alltaf af þér með mér. Þinn vinur, Raggi Bjarna.“



Fjórða kynslóð á fjalirnar

Hlynur Þorsteinsson útskrifaðist þann 9. júní síðastliðinn sem leikari frá Listaháskóla Íslands. Það skemmtilega við þá útskrift er að hann er fjórða kynslóð sinnar fjölskyldu til að stíga á fjalirnar. Faðir hans, Þorsteinn Guðmundsson, og móðir hans, Helga Stephensen, eru bæði leikarar, sem og faðir Helgu, Þorsteinn Ö. Stephensen, sem lést árið 1991.



Er þitt fyrirtæki
tilbúið fyrir
GDPR?

Skoðaðu málið á
Dattacalabs.com



RISA ÚRVAL AF VÖRUM FYRIR BÍLAÁHUGA FÓLK

→ Vandaðar
mössunarvélar
og sett.

→ Eigum líka
flott Detail sett í
góðum töskum.



WWW.CLASSICDETAIL.IS

Fræga fólkid og ástamálin

Sumarið er tíminn segir í texta Bubba og á meðan sumrið tendrar ástina í hjörtun sumra para, þá ákveða önnur að láta gott heita og halda hvort sína leið.



Sportleg og sæt saman

Kristjana Arnarsdóttir, íþróttafréttakona á RÚV, og Haraldur Franklín Magnús, einn af okkar bestu kylfingu, eru eitt af nýjustu pörum landsins. Nýlega voru þau saman í Kaupmannahöfn ásamt fjölskyldu Kristjönu, þar sem haldið var upp á stórafmæli föður hennar, Arnars Björnssonar íþróttamanns, en hann varð sextugur 22. maí síðastliðinn. Kristjana og Haraldur eru sumarleg og sæt saman og deila saman áhuganum á íþróttum.



Sigurvegari fann ástina að nýju

Hanna Kristín Skaftadóttir, frumkvöðull og athafnakona, vakti athygli þjóðarinnar fyrir ári þegar hún sagði opinberlega frá heimilisofbeldi sem fyrrverandi maki hennar, Magnús Jónsson, hafði beitt hana, bæði hér heima og í Texas. Sagði Hanna Kristín að með því að stíga fram væri hún að hugsa um hag þeirra sem hafa verið eða kynu að verða beittir ofbeldi og að koma í veg fyrir ofbeldi. Hún vildi jafnframt vera fyrirmynd fyrir drengi sína og móðirin og konan sem léti svona ekki viðgangast. Málinu lauk með dómsátt þar sem ekki var hægt að kæra hér á landi fyrir ofbeldið erlendis.

Hanna valdi að láta gjörðir Magnúsar ekki aftra henni frá að leyfa ástinni að banka upp á að nýju. Hún og Sindri Aron Viktorsson giftu sig í lok apríl síðastliðinn. Sindri, sem er sjö árum yngri en Hanna, er að ljúka doktorsverkefni í lækisfræði og er kominn með stöðu á skurðlækna sviði Dartmouth-Hitchcock-háskóla-sjúkrahúss í New Hampshire í Bandaríkjunum.



Fjármálaráðherra stýrir brúðkaupi

Það eru ekki allir sem fá sjálfan fjármálaráðherra landsins, Bjarna Bendiktsson, til að troða upp sem veislustjóri í brúðkaupi, en þegar maður er bróðir hans þá er bóinn líklega sjálfsgöð. Eldri bróðir Bjarna, Sveinn Benediktsson tölvunarfræðingur, og doktor Helga Kristjánsdóttir hagfræðingur voru gefin saman í heilagt hjónaband þann 2. júní síðastliðinn af séra Sveini Valgeirssyni í Dómkirkjunni.

Brúðkaupsveislan var haldin á Grand Hótel þar sem Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, sló í gegn sem plötusnúður með tónlist úr eigin safni. Að eigin sögn reyndi hann að finna „dágóðan skammt af rómantik í upplífandi kantinum, alla vega ekki niðurdrepandi og svæfandi ballöður sem drægju allan þrótt úr partýinu.“



„Við teljum áfram árin á aðeins öðrum forsendum en áður“

Gunnar Bragi Sveinsson, formaður þingflokks Miðflokksins og fyrrverandi ráðherra, átti stórafmæli nýlega, en hann varð fimmtugur 9. júní síðastliðinn. Getgátur hafa verið um að hann og fyrrverandi aðstoðarkona hans, Sunna Gunnars Marteinsdóttir, væru par, en hvorugt hefur viljað gefa það upp opinberlega.

Ljóst er af afmæliskveðju Sunnu til Gunnars að þau eru í sambandi:

„Þessi allra besta félagi á afmæli í dag og er kominn á sextugsaldurinn! [...] Kærastinn mun byrja afmælisdaginn í bröns á vel völdum stað [...] Ég er svo frábærlega þakklát fyrir að hafa átt svona traustan vin í mínu lífi í næstum áratug og við teljum áfram árin á aðeins öðrum forsendum en áður sem eru alls ekki síðri,“ skrifar Sunna meðal annars og skellir hjarta á kveðjuna. Ljóst er að óska má turtildúfunum opinberlega til hamingju með hvort annað og ástina.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir
3 mins · 📍

Þessi allra besta félagi á afmæli í dag og er kominn á sextugsaldurinn! 🥳 (Dásamlega fyndin staðreynd að mínu mati). GB er skynsamur, fyndin, hjálpsamur, strákur utan af landi sem gefur af sér endalaust til vina og vandamanna. Hann hefur enga þolinmæði fyrir vitleysisgangi og vinir hans vita að hann er alltaf stundvís uppá mín, helst mættur 5 mín fyrir! 🙌 Kærastinn mun byrja afmælisdaginn í bröns á vel völdum stað, eyða deginum með frábæru og skemmtilegu drengjunum sínum (3/5) og enda kvöldið með nokkrum vinum og fjölskyldu. Þessi besta ferðafélagi í heimi er ungur í anda og við grinumst oft að ég sé í raun eldri hlutinn af þessu óvenjulega dúói sem við erum. Ég er svo frábærlega þakklát að hafa átt svona traustan vin í mínu lífi í næstum áratug og við teljum áfram árin á aðeins öðrum forsendum en áður sem eru alls ekki síðri ❤️ Gunnar Bragi Sveinsson

STÓR ÚTSALAN ER HAFIN

ÓTRÚLEG TILBOÐ

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalan**. Einnig hægt að greiða með Netgiró.

VERÐ DÆMI

AVIANA
PRÝSTIJÖFNUNARRÚM - 180X200 cm (2X90X200)

50% AFSL
AÐEINS 105.826 KR.

FULLT VERÐ 211.652 KR.

ÞÚ SPARAR
105.826 KR.

30-60% AFSLÁTTUR

KOMDU NÚNA!

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík
588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

Bókin á náttborði Róberts



„Ég er með þó nokkrar bækur á náttborðinu sem bíða þess að vera byrjað á eða kláraðar. Þar á meðal er hin umdeilda bók *Fire and Fury Inside Trump's White House*. Þetta er ekki beint skemmtilestur, en gefur ágæta innsýn í firringuna í kringum Bandaríkjaforseta. Önnur bók sem ég er að lesa er *Heiða* skal ég dætur minar eftir Lene Wold sem er blaðamaður. Hún varði löngum tíma í Jórdaníu og ræddi við föður sem reyndi að endurheimta heiður fjölskyldunnar með því að drepa móður sína og aðra af tveimur dætrum sínum. Enginn skemmtilestur þar á ferð heldur. Skemmtilesturinn er *Rangstædur* í Reykjavík eftir Gunnar Helgason, sem ég les fyrir krakkana mína fyrir háttinn.“

Hvað segir eiginkonan?



„Jói er frábær dansfélagi í gegnum lífið“

Leikarinn, leikstjórinn og handritshöfundurinn Jóhann G. Jóhannsson hefur leikið jafnt á sviði, sem í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Á meðal nýjustu verka hans eru *Ríg45*, *Víti* í Vestmannaeyjum og *Icelandic Sagas - The Greatest Hits*, sem sýnd er í Hörpu.

DV heyrði í eiginkonu Jóa, Guðrúnu Kaldal, framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar í Reykjavík og spurði: Hvað segir eiginkonan um mann sinn?

„Jói minn er einstaklega gefandi og góð manneskja fyrir utan hvað hann er sætur. Jói er sérlega skemmtilegur og alltaf stutt í glens og grín og hann er oft með heilu leikþættina fyrir mig um hin hversdagslegustu málefni. Hann er frábær pabbi sem fylgir strákunum sínum vel eftir, styður þá og styrkir í lífsins ólgusjú. Við erum búin að vera saman í 22 ár og á þeim tíma búin að ferðast víða með strákunum okkar, Jóa og Krumma Kaldal. Jói skipuleggur alls konar ævintýri fyrir okkur og er frábær fararstjóri, víðlesinn og fróður um heiminn. Jói er sérlega góður kokkur og mjög flinkur að velja góða þætti á Netflix. Hann er besti jógafélaginn minn og frábær dansfélagi í gegnum lífið.“

Lilja Sigurðardóttir:

„Það er sérstök ánægja sem fylgir því að lesa glæpasögur“

Rithöfundurinn og leikskáldið Lilja Sigurðardóttir fékk Grímuvörðlaunin árið 2014 fyrir leikrit ársins, *Stóru börnin*. Árið 2009 sendi hún frá sér fyrstu bók sína, *Spor*, sem fékk góðar viðtökur hér heima. Þrileikur hennar um Sonju, einstæða móður sem stundar eitru lyfjasmygl, hlaut góðar viðtökur hér heima og vakti áhuga erlendra útgefenda. Í ár er fyrsta bók þrileiksins, *Gildran*, tilnefnd til virtustu glæpasagnaverðlauna heims, *Gullna rýtingsins*. Og í gær, fimmtudaginn 14. júní, fékk Lilja Blóðdropann, íslensku glæpasagnaverðlaunin fyrir Búrið, loka-bókina í þrileiknum.

En hvaða bækur ætli séu í upphaldi hjá Lilju?

Hvaða barnabók er í eftirlæti?
„Það er svo svaðalega erfitt að velja á milli barnabóka þar sem það er svo margar góðar sögur greiptar í barnsminnið. Ég var sjúk í bækur Enid Blyton, sem mamma átti í kassavís, og þó að þær væru þegar orðnar mjög gamaldags þegar ég las þær þá fannst mér heillandi að lesa um börn sem leystu ráðgátur og komu upp um illmenn. Trúlega kemur dálæti mitt á glæpasögum þaðan. En ef ég ætti að velja eina upphaldsbarnabók þá verður það að vera eitthvað eftir Guðrúnu Helgadóttur. Skjótum bara á Jón Odd og Jón Bjarna. Þar er allt sem þrýðir góða sögu, drama, hómor og spennu.“

Hvaða bók er upphalds?
„Það er auðvitað bók bókanna: Snorra Edda. Það er bók sem sem

ég leita aftur og aftur í, sérstaklega *Gylfaginninguna*. Ég hef verið heilluð af norrænni goðafræði frá unga aldri og það er einhvern veginn orðinn hluti af mér eins og svo mörgum Íslendingum. Sögurnar af gömlu goðunum okkar eru stór hluti af íslenskrri menningu og tungumálinu fyrir utan hvað þær eru skemmtilegar, dramatískar og myndar.“

Hvaða bók mundirðu mæla með fyrir aðra?

„Ég myndi mæla með glæpasögum fyrir þá sem ekki hafa próf að þær. Það er mjög algengt að ég hitti fólk sem segist ekki lesa glæpasögur og oft er sú ákvörðun tekin á grunni einhvers konar misskilnings. Glæpasagan á svo marga undirflokkar og gerðir að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Til dæmis má nefna ráðgátusögur, kósi-glæpó, hasarbækur, spennusögur og svo má lengi telja. Norræna glæpasagan er fræg fyrir að spegla ýmis samfélagsleg mál svo að hún getur gefið mikilvæga sýn en síðan er það bara alveg sérstök ánægja sem fylgir því að lesa glæpasögur, sem er öðruvísi en ánægja sem fylgir annars konar lestri.“

Hvaða bók hefurðu lesið oftast?

„Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness er trúlega sú bók sem ég hef lesið oftast. Ég las hana fyrst sem unglingur þegar ég bjó erlendis og ég fylltist ást á öllu íslensku við lesturinn. Samúðin með forfeðrunum og formæðrunum sem lifðu af í þessu landi við harðindin og svo sýnin á samfélagið okkar og íslensku þjóðarsál-



ina. Ég sé alltaf eitthvað nýtt þegar ég les þetta magnaða verk.“

Hvaða bók breytti lífi þínu og hvernig?

„Ég verð að segja að sú bók sem hefur raunverulega breytt lífi mínu er *Gildran* eftir sjálfa mig! Velgengnin sem hún hefur notið á erlendri grundu hefur gert það að verkum að ég hef svo til búið í ferðatösku undanfarið árið á kynningarferðalögum með bókina. Íslenskar glæpasögur njóta mikilla vinsælda víða um heim og þar hafa Yrsa og Arnaldur aldeilis

rutt brautina fyrir okkur hin. Nú er svo komið að við Íslendingar eigum þónokkra höfunda sem eru vel á pari við það besta sem gerist í útlöndum og það er hreint ævintýri að taka þátt í þessari útrás.“

Hvaða bók bíður þín næst til lestrar?

„Ég er að byrja á mjög vel skrifaðri bók eftir írskan glæpasöguhöfund, Catherine Ryan Howard, sem heitir *Distress Signals*. Þetta er fyrsta bók höfundarins og er aldeilis mögnuð bók.“

„Eigi skalt þú taka náunga þinn af lífi á internetinu“

Útvarpsmaðurinn og markaðsfulltrúinn Heiðar Austmann er á meðal reyndustu útvarpsmanna landsins, en hann hefur verið í útvarpi í 20 ár. Í dag tekur hann síðustu vaktina virka daga á K100 frá kl. 18–22. Heiðar sýnir lesendum DV á sér hina hliðina.

Hverjum líkist þú mest? Setninguna „þú ert eins og snýttur úr nösinni á pabba þínum“ hef ég heyrt nokkuð oft um ævina þannig að er ekki best að segja Noah Wyle (John Carter í E.R.)

Hvað halda margir um þig sem er alls ekki satt? Það halda mjög margir að ég sé hrokafullur, leiðinlegur og merkilegur með mig. Ef ég ætti krónu fyrir hvert skipti sem sagt hefur verið við mig, „ég hélt að þú værir algjör fáviti“ þá ætti ég síkra 180 krónur í dag aukalega.

Í hverju finnst þér þú vera betri en aðrir? Ég er ótrúlega góður í að reima skó. Ég tel mig vera betri en allir aðrir í að reima skó. Svo er ég geggjáður í að dreyma. Mig dreymir betur en aðrir.

Ef þú þyrftir að eyða einni milljón á klukkutíma, í hvaða verslun færirðu? Væri það ekki bara Costco. Þar fengi ég mest fyrir peninginn.

Hvað viltu að standi skrifad á legsteininum þínum? „Allt í plati, ég er ekki herna!!“ Ég var brenndur.“

Hvaða bíómynd hefurðu séð oftast? Líklegast *Rocky III*. Sá hana svona 1.200 sinnum þegar pabbi sýndi hana í Tónabíó í gamla daga.

Hvað var í tisku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur? *Buffalo-skór*, vasadískó og smellubuxur (sem þú gast rifid af þér).

Yfir hverju getur þú alltaf hlegið? Samantektarmyndböndum af fólk sem lendir í óhappi (fail-myndbönd). Ég fer beina leið til helvítis fyrir þetta svar. Já, og myndnum dýramyndböndum!!

Ef þú mættir bæta við ellefta boðorðinu, hvernig hljómaði það? Eigi skalt þú taka náunga þinn af lífi á internetinu.

Hvað í hegðun hins kynsins ruglar þig mest? Að segja eitt en meina annað. Segðu bara það sem þú meinar. Tölum saman.


Hvaða áhugamál mundirðu ekki sætta þig við að maki þinn stundaði? Sving-partí? Sérstaklega ef mér væri ekki boðið með.

Á hvern öskraðirðu síðast? Ég er bara mjög lítið fyrir það að öskra. Það er ekki samskiptamáti sem ég tem mér.

Hvaða einstakling finnst þér þú þekkja, þótt þú hafir aldrei hitt hann? Vargurinn á Snappinu. Finnst eins og ég sé náskyldur honum.

Hvaða hljóð fer mest í taugarnar á þér? Hljóðið í fólk sem kvartar endalaust yfir þessu og hinu. Poli það hljóð ekki. Já, og hljóðið í þurrkaranum mínum, þarf að láta laga hann.

Hver er mest kynsandi teiknimyndpersónan? Ööööö, ætli það sé ekki



HIN HLIÐIN

Jessica Rabbit (Who framed Roger Rabbit?).

Hvaða viðburð sérðu mest eftir að hafa misst af? Muse í Höllinni og Foo Fighters á Solstice.

Hver er myndasta „pick-up“ línan sem þú hefur heyrt? Ég man svo fáar „pick-up“ línur en það var ein sem mér fannst myndin og það var held ég bara út af aðstæðum og árstíma. Strákur segir við stelpu „viltu senda mér mynd af þér, ætla að setja hana út í glugga svo sveinki viti hvað ég vil fá í jólagjöf.“

Hver er lélegasti fimmaur sem þú hefur heyrt? Veistu af hverju heita vatnið heitir heita vatnið? Nú, eitthvað verður það að heita vatnið!

Um hvað varstu alveg viss þangað til þú komst að því að þú hafdir rangt fyrir þér? Að hundategundin Golden Red River hét í alvörinni „Golden Retriever.“ (NB ég var 11 ára)

Hvert er þitt stærsta líkamlega afrek í lífinu? Stelpurnar mínar tvær eru mitt stærsta afrek, líkamlegt og andlegt. Ekkert annað í mínu lífi stenst samanburð.

Í hvaða íþróttagrein finnst þér að keppendur ættu að leika ólvaðir? Áfengi og íþróttir fara ekki saman. Það væri samt myndi að sjá einhvern mölvaðan í plílu.

Nú labbar mörgæs með kúrekahatt inn um dyrnar hjá þér. Hvað segir hún og af hverju er hún þarna? Hún er villt og segir: „Fyrirgefðu, en ég á að vera á línudansnámskeiði. Er ég í Mjóddinni?“

Hver er tilgangurinn með þessu jarðlífi? Að finna hamingjuna alveg sama í hvaða formi hún er. Finndu það sem veitir þér hamingju og njóttu þess svo þegar það gerist. Taktu höggnum sem lífið gefur þér, dragðu lærdóm af þeim og haltu áfram. Mundu svo eftir að hafa sjálfstraust, það hefur enginn annar sjálfstraust fyrir þig.

NÝR ÁFANGI Í SÖLU VIÐ EFSTALEITI

EFSTALEITI 27, LÁGALEITI 1-3



**FASTEIGNASALAN
TORG**
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

**OPIÐ HÚS
MÁNUDAGINN 18 .JÚNÍ
KL.17:00-18:00**

Í sýningaríbúð að Jaðarleiti 6 íb102.
103 Reykjavík



Verð frá 28.900.000,-

Stúdíó-íbúðir, frá 35fm upp í 5 herb. 160,4fm

1. herb. verð frá 28.9m
2. herb. verð frá 38.4m
3. herb. verð frá 47.9m

4. herb. verð frá 64.9m
5. herb. verð frá 79.8m





Efstaleitið er sannkallað miðborgarhverfi í göngufæri við helstu verslunar- og þjónustukjarna borgarinnar og falleg útivistarsvæði. Leitast er við að hafa íbúðir bjartar og nútímalegar með hagnýtu skipulagi. Margar íbúðir eru með bílastæði í bílageymslu en ekki allar.

Íbúðir afhendast án gólfefna. Eldhúsinnrétting skilast fullbúin með blöndunartækjum og eldhústækjum, þ.e. span-helluborði, viftu í innréttingu eða eyjuháfi yfir helluborði þar sem það á við, innbyggðum ísskáp, innbyggðri uppþvottavél og ofni. Eldhústæki eru frá Progress Design Line.

Áætluð afhending fyrstu íbúða er sumar 2019.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR hjá söludeild Fasteignasölnar TORG

**Hringdu í síma
520 9595 eða
beint í sölumenn!**

Hafdis Fasteignasali 820 2222	Sigurður Fasteignasali 898 6106	Dórothea Fasteignasali 898 3326	Porsteinn Fasteignasali 694 4700	Jóhanna Kristín Fasteignasali 837 8889	Árni Ólafur Fasteignasali 893 4416	Berglind Fasteignasali 694 4000	Jón Gunnar Fasteignasali 848 7099	Sigríður Fasteignasali 699 4610	Garðar Fasteignasali 899 8811	Hrönn Sölufulltrúi 692 3344	Hólmgeir Lögmaður 520 9595	Póra Fasteignasali 822 2225	Þorgeir Fasteignasali 696 6580	Lilja Sölufulltrúi 663 0464	Hafliði Fasteignasali 846 4960
-------------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--	--	--	---------------------------------------	---	---------------------------------------	-------------------------------------	-----------------------------------	----------------------------------	-----------------------------------	--------------------------------------	-----------------------------------	--------------------------------------



Jónína opnar netverslun

Orkuboltinn Jónína Ben, sem hefur um árabil rekið detox-meðferðarstofnun í Póllandi, hefur nú opnað netverslun sem ber heitið PPI ehf.

Áð sögn Jónínu er markmið fyrirtækisins að flytja inn vörur frá ýmsum löndum, auglýsa og selja í gegnum netið. Áhersla verður lögð á heilsuvörur, sem hún og viðskiptavinir hennar í gegnum tíðina þekkja vel og hafa beðið um. Þá segir hún einnig að verðið verði gott.

Það eru þó ekki einungis heilsuvörur sem munu fást í nýju vefbúðinni sem hefur starfsemi í Póllandi. Meðal þess fyrsta sem hún flytur inn er veglegt matarstell.



Skjárnirinn:

„Undanfarið hef ég legið yfir Peep Show“

Skemmtikrafturinn og snapparinn Hjálmar Örn Jóhannsson hefur alltaf gaman af bresku gríni og bíður spenntur ásamt kærustu sinni eftir nýjustu Game of Thrones-seríunni.

„Ég er mikill sjónvarpsmaður og horfi gríðarlega mikið á bæði þætti og bíómyndir en undanfarið hef ég legið yfir Peep Show á Netflix, breskum þáttum sem slógu í gegn 2003–2015. Ég hef alltaf haft gaman af bresku gríni og þessir þættir eru gríðarlega vel skrifaðir og karakterarnir mjög skemmtilegir, það gerist sjaldan að ég horfi á sérur aftur en það gerist reglulega með þessa þætti.

Einnig get ég mælt með Barry á Stöð 2 sem komu mér virkilega mikið á óvart og fjalla um leigumorðingja sem ákveður að einbeita sér að leiklist.

Í vetur lá ég yfir allri Fargo-seríunni og það er sennilega ein skemmtilegasta sjónvarpssería sem ég hef séð, frábær tónlist, geggjað plott og mjög áhuga-verðir karakterar sem halda manni við efnið allan tímann.

Ég og kærastan mín bíðum samt bæði spennt eftir nýjustu Game of Thrones-seríunni, eins og sennilega margir, og ef þú hefur ekki séð neitt af þeim þá mæli ég eindregið með því að þú byrjir.“

Fylgjast má með Hjálmarri Erni á Snapchat: hjalmarorn110.



Sjáðu öll tilboðin á byko.is

ÁFRAM ÍSLAND

Tilboð til 20. júní

Tilboð gilda til 20. júní eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um innsláttar-/prentvillur og/eða myndbrengrl.

GRÆN BOSCH RAFMAGNSVERKFÆRI -20% • EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRI -20% • HÁPRÝSTIDÆLUR -20% • HANDGARÐVERKFÆRI -20%
BLÓMAPOTTAR -30% • FERÐATÖSKUR -30% • GARÐHÚSGÖGN -25%
LEIKFÖNG -30% • REIÐHJÓL OG FYLGIHUTIR -25% • SUMARBLÓM -25%
BARBECOOK REYKOFNAR -20% • SNICKERS -20% • SOLID GEAR OG TOE GUARD ÖRYGGISSKÓR -20% • TJÖLD -30% • KÆLIBOX -25%
ÚTILEGUBORÐ/STÓLAR -25% • VIÐARBLÓMAKASSAR -25%
TORIN BÍLAVÖRUR -30%

Fjöldi annarra vara á afslætti

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land